

## Útdráttur

Markmið þessarar rannsóknar var að kanna hvaða hugmyndir og þekkingu tíu ára börn hafa um nám og störf og hvort þau gætu nefnt starf sem þau langar að gegna í framtíðinni. Einnig var skoðað hvaða þættir hafa áhrif á val þeirra, hvort þau tengi skólagöngu við störf og hvernig þau taka ákvarðanir.

Rannsóknin fór fram í einum grunnskóla í Reykjavík og eru niðurstöður hennar byggðar á skriflegum verkefnum tíu ára barna í tuttugu barna bekk, sem ekki hafa hlotið náms- og starfsfræðslu á skólagöngunni, ásamt viðtölum við tíu þeirra.

Niðurstöður sýna að börnin eru farin að velta fyrir sér framtíðarstörfum og geta öll nefnt óskastörf sín en tengja skólagöngu sína ekki við þau nema ef þau tengjast áhugamálum þeirra. Vinsælustu störfin tengjast íþróttum og listsköpun. Áhugi virðist hafa mest áhrif á starfsval þeirra en starf foreldra hefur ekki teljanleg áhrif. Það er einstaklingsbundið hversu skýra mynd börnin hafa af skólakerfinu en þau þekkja fjölbreytt störf úr atvinnulífinu, sem þau virðast sjálf hafa aflað sér upplýsinga um með margvíslegum hætti. Börnin segjast oft eiga erfitt með ákvarðanatöku og leita til foreldra með aðstoð.

Meirihluti viðmælenda segist hafa hug á því að fara í framhaldsskóla en nefnir aldrei hugtakið iðn- eða tækninám í svörum sínum.

## **Abstract**

The purpose of this research was to study the ideas and knowledge ten year old children have about education and occupations. They were asked to name occupations they wanted to have in the future and the reason for choosing those particular occupations, as well as others they are familiar with. They were also asked how they make decisions.

The research took place in a fifth grade class with twenty children in an elementary school in Reykjavík which had not received vocational guidance. The results are based on a written assignment given to the whole class in which they were asked to write down the names of the occupations they aspire to and other occupations they are familiar with. Ten children were interviewed with open ended questions.

The results show that all the children have contemplated future occupations and are all able to name their preferred one. The most aspired occupations are related to sports and arts. Interest seems to be the main reason for choosing their preferred occupations and they do not choose the same job as their parents.

Some of the children seem to understand vocational preparation requirements which seem to be related to individual differences. The children are familiar with various occupations representing various occupational fields.

Most of the children have decided which school they want to attend after primary and secondary school but none of them mention technical college or apprenticeship. Results indicated that the children have only limited understanding of the connection between school subjects and the world of work and need help from their parents when making decisions.

## Formáli

Þessi rannsókn er unnin sem MA-ritgerð í náms- og starfsráðgjöf við félags- og mannvísindadeild Háskóla Íslands og er 30 ECTS einingar. Markmið rannsóknarinnar var að kanna hvaða hugmyndir tíu ára börn í fimmta bekk grunnskólans, sem ekki hafa hlotið formlega starfsfræðslu, hafa um nám og störf. Einnig var kannað hvort þau geti nefnt starf sem þau geta hugsað sér að gegna í framtíðinni og hvaða áhrifaþættir það eru sem stýra vali þeirra. Þá var athugað hvort þau tengja skólagöngu sína við störf og hvernig þau taka ákvörðun.

Í MA-námi mínu í náms- og starfsráðgjöf kynntist ég þeirri hugsun að starfsferill væri ævilangt ferli frá vöggu til grafar og þeirri staðreynd að allt of margir einstaklingar flosna upp úr námi sínu áður en þeir ljúka framhaldsskólanámi. Við það vaknaði sú spurning hvað það væri sem orsakaði slíkt brotthvarf og hvort eitthvað væri hægt að gera til að snúa þeirri þróun við. Talað var um nauðsyn þess að náms- og starfsfræðsla ætti að fara fram á öllum skólastigum og að skortur væri á slíkri fræðslu í grunnskólum landsins, sérstaklega hjá ungum börnum þó svo að kveðið væri á um það í lögum að þau ættu að fá slíka fræðslu. Þetta varð til þess að ég ákvað að kanna hvaða þekkingu og hugmyndir börn sem hafa lokið yngsta stigi skyldunáms hafa á námi og störfum, hvort þau hafi mátað sig við einhver störf og hvaða áhrifaþættir það eru sem koma við sögu varðandi starfsval þeirra. Með rannsókn minni vonast ég til að afla upplýsinga sem geta nýst náms- og starfsráðgjöfum í grunnskólum sem starfa með kennurum yngri barna. Með slíkum upplýsingum getur gerð námsefnis í náms- og starfsfræðslu orðið markvissari. Með langtímamarkmið í huga vonast ég til að smám saman verði náms- og starfsfræðsla börnum jafn sjálfsögð og hver annar námsþáttur. Hún getur vonandi átt þátt í að draga úr brotthvarfi eldri barna úr skólum landsins. Með því að leggja grunn að þróun starfsferils einstaklinga snemma á skólagöngunni aukast líkurnar á því að einstaklingurinn komist að því hvar áhugi hans og vilji liggur og finni náms- og starfsvettvang við sitt hæfi. Þannig er hægt að stuðla að ánægju og velgengni, sem skilar sér til einstaklingsins og samfélagsins alls.

Ég vil þakka leiðbeinanda mínum, dr. Guðbjörgu Vilhjálmsdóttur prófessor og meðleiðbeinanda rannsóknarinnar, dr. Gunnhildi Óskarsdóttur dósent fyrir mjög góða og faglega handleiðslu, hvatningu og ábendingar. Börnunum sem tóku þátt í rannsókninni ásamt kennara þeirra þakka ég sérstaklega fyrir að leyfa mér að skyggjast inn í hugarheim þeirra, án þeirra hefði rannsóknin ekki orðið að veruleika. Ásta G. Briem fær sérstakar þakkir fyrir hvatningu og stuðning ásamt Margréti Ísdal, sem einnig sá um prófarkalestur.

Börnunum mínum, Evu, Sigfúsi og Einari, þakka ég fyrir að sýna námi mínu áhuga og fyrir það tækifæri að geta verið þeim samferða í námi. Foreldrum mínum, þeim Einari og Ingu Dóru, vil ég þakka sérstaklega fyrir ómetanlega hvatningu og þátt þeirra í að gera mér það kleift að setjast á skólabekk að nýju.

## Efnisyfirlit

<b>ÚTDRÁTTUR</b> .....	<b>3</b>
<b>ABSTRACT</b> .....	<b>4</b>
<b>FORMÁLI</b> .....	<b>5</b>
<b>MYNDA- OG TÖFLUYFIRLIT</b> .....	<b>9</b>
<b>1. INNGANGUR</b> .....	<b>10</b>
<b>Náms- og starfsferilspróun hjá börnum</b> .....	<b>14</b>
Proskakenningar .....	14
Starfsferilspróunarkenningar .....	15
Hugsmíðakenningar (e. <i>constructivist theory</i> ) .....	19
Félagsnámskenningar (e. <i>social learning theory</i> ) .....	20
<b>Börn og starfsferilsrannsóknir</b> .....	<b>21</b>
<b>Náms og starfsfræðsla í grunnskólum</b> .....	<b>26</b>
Mikilvægi náms- og starfsfræðslu fyrir yngra stig grunnskólans.....	26
Námsefni fyrir yngri bekki grunnskólans.....	27
<b>Náms- og starfsákvörðun/fræðsla á tímum hnattvæðingar</b> .....	<b>30</b>
<b>Rannsóknarspurningar</b> .....	<b>31</b>
<b>2. AÐFERÐ</b> .....	<b>33</b>
<b>Þátttakendur</b> .....	<b>34</b>
<b>Framkvæmd</b> .....	<b>35</b>
Skriflegt verkefni.....	35
Teikningar .....	36
Þátttökuathugun.....	36
Viðtöl.....	36
<b>Úrvinnsla gagna</b> .....	<b>37</b>
<b>Siðferðilegir þættir</b> .....	<b>37</b>
<b>3. NIÐURSTÖÐUR</b> .....	<b>39</b>
<b>Störf nefnd</b> .....	<b>40</b>
Óskastörf allra barnanna.....	40
Önnur störf allra barnanna.....	42
<b>Samantekt á störfum allra barnanna</b> .....	<b>44</b>
<b>Tíu viðmælendur</b> .....	<b>44</b>

Óskastörf tíu viðmælenda.....	44
Pekking á námi og störfum.....	45
<b>Samantekt .....</b>	<b>61</b>
<b>Áhrifaþættir .....</b>	<b>63</b>
Áhugi, finnst gaman .....	65
Styrkleiki – hæfni .....	66
Fyrirmyndir .....	68
Aðrir áhrifaþættir.....	69
<b>Ákvarðanir teknar .....</b>	<b>70</b>
<b>Samantekt á niðurstöðum .....</b>	<b>71</b>
<b>4. UMRÆÐUR.....</b>	<b>73</b>
<b>Störf nefnd .....</b>	<b>74</b>
Óskastörf og önnur störf.....	74
<b>Pekking á námi og undirbúningur starfa .....</b>	<b>76</b>
Skólakerfið eins og börnin sjá það .....	76
Hvað felst í störfunum? .....	77
<b>Áhrifaþættir .....</b>	<b>77</b>
Áhugi.....	77
Tengsl styrkleika, áhuga og námsgreina við óskastörf.....	79
Fyrirmyndir .....	81
Aðrir áhrifaþættir.....	83
<b>Ákvarðanir teknar .....</b>	<b>84</b>
<b>5. LOKAORÐ .....</b>	<b>86</b>
<b>HEIMILDASKRÁ.....</b>	<b>88</b>
Fylgiskjal 1 .....	94
Fylgiskjal 2 .....	95
Fylgiskjal 3 .....	96

## Mynda- og töfluyfirlit

<b>Mynd 1:</b> Óskastörf, störf sem allir 20 þátttakendurnir nefndu .....	42
<b>Mynd 2:</b> Áhrifaþættir varðandi starfsval .....	64
<b>Tafla 1:</b> Óskastörf allra þátttakenda .....	43
<b>Tafla 2:</b> Önnur störf sem öll börnin þekkja eða vita um .....	44
<b>Tafla 3:</b> Óskastörf tíu viðmælenda .....	46
<b>Tafla 4:</b> Óskastörf/önnur störf, Anna .....	47
<b>Tafla 5:</b> Óskastörf/önnur störf, Arnar .....	49
<b>Tafla 6:</b> Óskastörf/önnur störf, Baldur .....	50
<b>Tafla 7:</b> Óskastörf/önnur störf, Dóra .....	51
<b>Tafla 8:</b> Óskastörf/önnur störf, Erla .....	53
<b>Tafla 9:</b> Óskastörf/önnur störf, Hanna .....	55
<b>Tafla 10:</b> Óskastörf/önnur störf, Jól .....	57
<b>Tafla 11:</b> Óskastörf/önnur störf, Kolbrún .....	59
<b>Tafla 12:</b> Óskastörf/önnur störf, Sigurður .....	60
<b>Tafla 13:</b> Óskastörf/önnur störf, Sunna .....	61
<b>Tafla 14a:</b> Áhrifaþættir varðandi starfsval stelpna .....	65
<b>Tafla 14b:</b> Áhrifaþættir varðandi starfsval stráka .....	66
<b>Tafla 15:</b> Tómsundur og námsgreinar sem börnin hafa áhuga á .....	67
<b>Tafla 16:</b> Þær námsgreinar og tómsundur sem börnin segjast vera góð í .....	69

## 1. Inngangur

Í uppvextinum eru börn oft spurð að því hvað þau langar að verða þegar þau verða stór og sitja sjaldan á svörum sínum. Þegar þau eldast virðist smám saman verða erfiðara að taka ákvörðun um framtíðarmenntun og -starf eða ákvarðanir þeirra virðast ekki nægilega ígrundaðar.

Fyrir um hundrað árum lét Bostonbúinn Frank Parsons, sem álitinn er einn af upphafsmönnum náms- og starfsráðgjafar (Savickas, 2009) í ljós áhyggjur sínar af því að ekki væri nægilega vel staðið að því að aðstoða ungt fólk sem væri að hverfa úr skólum út í atvinnulífið. Hann nefndi að heimurinn væri flókinn og talaði um mikilvægi þess að börn þyrftu að fá aðstoð við að aðlagast slíkum breytingum sem best. Parsons lagði áherslu á að börn fengju viðeigandi starfsfræðslu til að öðlast velgengi og starfshæfni í framtíðinni og lagði sitt á vogarskálarnar til að uppfræða börn um heim atvinnulífisins (Parsons, 2005). Í dag stöndum við að mörgu leyti frammi fyrir sömu áhyggjum og Parsons á sínum tíma. Við búum síður en svo í einfaldari heimi en áður og ungt fólk þarf að velja hvert það vill stefna og reyna að átta sig á hvar áhugasvið þess liggur í hinu margbreytilega og oft flókna umhverfi nútímans (Porfeli, Hartung og Vondracek, 2008; Wood og Kaszubowski, 2008).

Áður fyrr vissu börn heilmikið um þau störf sem voru í þeirra nánasta umhverfi þar sem oft var um að ræða störf sem þau tóku sjálf þátt í til dæmis ýmis útiverk á sveitabæjum eða vinna í fjölskyldufyrirtækjum. Börn vissu því gjarnan hvað biði þeirra varðandi framtíðarstörf og höfðu oft ekkert val um framtíð sína (Harkins, 2001). Þó að ung börn þekki mörg algeng störf í dag þá eru einnig mörg störf sem þau þekkja alls ekki, sérstaklega sérhæfð störf sem ekki eru eins sýnileg og störf sem þau kynnast í nærumhverfi sínu. Þetta á einnig við um eldri nemendur sem hefur fundist óljóst hvernig til að mynda nám í stærðfræði tengist ákveðnum störfum (Þuríður Ó. Sigurjónsdóttir, 2011).

Ótal ný störf hafa sprottið upp á seinni árum samhliða aukinni upplýsingatækni og nýsköpun sem mikilvægt er fyrir ungt fólk að afla sér upplýsinga um en getur verið flókið ferli þar sem börn eru ekki í beinum tengslum



við störf ein og áður var (Blackhurst, Auger og Wahl, 2003; Porfeli o.fl. 2008). Að safna að sér hagnýtum upplýsingum um nám og störf og byggja þar með upp grunn upplýsinga á löngum tíma getur gert aðlögunina frá skóla út í atvinnulíf einfaldari og farsælli fyrir einstaklinginn (Harkins, 2001).

Fræðimenn á sviði náms- og starfsráðgjafar hafa lengi velt því fyrir sér hvernig ákvörðun um nám og störf er tekin hjá unglíngum við lok skyldunáms og ótal rannsóknir hafa verið gerðar á starfsáhuga, starfsvali og starfsferilsþróun fullorðinna og unglínga við lok skyldunáms. Sá hópur sem hefur verið hvað mest út undan í rannsóknum fræðimanna í gegnum tíðina er yngsti hópur grunnskólanema og einnig nemendur á miðstigi þrátt fyrir að viðurkennt sé að starfsferill mannsins sé ævilangt ferli (t.d. McMahon og Watson, 2008; Porfeli o. fl., 2008; Stead og Schultheiss, 2003; Magnuson og Starr, 2000) og framtíðarákvarðanir fólks megi oft rekja til bernskunnar (Harkins, 2001; Wahl og Blackhurst, 2000). Börn byrja til dæmis snemma að taka ákvarðanir um marga áþreifanlega hluti og tjá sig um það sem þau vilja og vilja ekki. Val á klæðnaði, fæði, leikföngum, tómsundum og skemmtunum eru dæmi um slíka hluti, sem þróast smám saman í að leggja grunn að trú á eigin getu og hæfileikum sem síðar yfirfærast í þróun starfsferils (Magnuson og Starr, 2000).

Börn á grunnskólaaldri fara snemma að gera sér grein fyrir sínum eigin styrkleikum og hæfileikum sem og skólasystkina sinna, og læra að meta og átta sig á þeim fjölbreytileika sem býr í hæfileikum einstaklinga (Harkins, 2001; Magnuson og Starr, 2000).

Schultheiss, (2008) leggur áherslu á að rannsakendur á sviði starfsferilsþróunar þurfi að líta til þess umhverfis sem börn alast upp í og að skoða þurfi alla þá þætti sem hafa áhrif á mótun starfsþroskans (e. *career maturity*) eins og fjölskylduna, skólaumhverfið og samfélagið. Hún bendir einnig á að það sé ekki í takt við tímann að nota kenningar sem miðast við fullorðna einstaklinga í rannsóknum á börnum og kallar á nánari útfærslu og endurskoðun á kenningum sem beinast að börnum.

Watson og McMahon (2005) benda í þessu sambandi á að þeir kennismiðir sem hafi hingað til fjallað um starfsþroska barna hafi einblínt um of á sjálfa starfshegðunina (e. *career behavior*) en lítið horft til þess hvernig fólk hefur tileinkað sér slíka hegðun og leggja því áherslu á að endurskoðað verði *hvernig* og *hvað* þau læra. Lagt er til að við rannsóknir á þessu sviði verði notast mest við

eigindlegar rannsóknaraðferðir með það fyrir augum að ná sem best til barna varðandi skilning þeirra og hegðun í réttu samhengi. Þeir þættir sem bent er á að skoða sérstaklega hjá börnum eru forvitni, könnun, væntingar og markmið og almennur vitsmunaproski (Porfeli o. fl., 2008). Í þessu sambandi bendir Savickas (2002a) á að líta verði fyrst á þroska einstaklings og síðan á starfsferilinn. Hann telur mikilvægt að endurskilgreina hugtakið starfsferill og hvernig rannsóknir á starfsferli eru gerðar til að tryggja að rannsakendur séu í raun að rannsaka þróun á starfsferli en ekki eingöngu starfs- og námsval. Að komast að því hvernig fólk þróast og þá sérstaklega hvernig það finnur sér sjálft starf við hæfi frekar en að láta fólk passa við tiltekin störf er mikilvægt að hans mati.

Þróun félagsmótunar og vitsmunaproska einstaklingsins hefst við fæðingu og tekur breytingum í tímans rás vegna samspils margra ólíkra þátta í umhverfinu og því er mikilvægt að skoða hvað gerist í hugum barna á fyrstu árum skólagöngunnar (Berns, 2007). Fólk tekur ekki ákvörðun um framtíð sína um nám og störf á einum tilteknum tímamarki heldur hefur margt haft áhrif áður en hin eiginlega ákvörðun er tekin og því ekki rétt að horfa fram hjá undanfaranum (Porfeli o. fl., 2008). Það er því líklegt að þau áhrif sem barn verður fyrir, hvort sem þau eru frá foreldrum, úr nánasta umhverfi barnsins eða skipulagðri kennslu í skóla ráði þó nokkru um hvert stefnan er tekin þegar kemur að því að velja starf (Wahl og Blackhurst, 2000).

Ábyrgðin sem hvílir á herðum þeirra sem búa eiga nemendur undir líf og starf er mikil. Það eru helst foreldrar og kennarar og náms- og starfsráðgjafar, þar sem þeirra nýtur við, sem aðstoða börn við að finna farveg sinn í skólakerfinu sem síðar leiðir einstaklinginn út í atvinnulífið (Wahl og Blackhurst, 2000). Í 2. grein grunnskólalaga (2008) segir: „Hlutverk grunnskóla, í samvinnu við heimilin, er að stuðla að alhliða þroska allra nemenda og þátttöku þeirra í lýðræðisþjóðfélagi sem er í sífældri þróun“ og í 24. grein segir að í aðalnámskrá grunnskóla skuli lögð áhersla á „náms- og starfsfræðslu og kynningu á atvinnulífi og námsleiðum til undirbúnings náms- og starfsvali“. Í Barnasáttmála sameinuðu þjóðanna sem staðfestur var hér á landi árið 1992 er mælt til „að [séð verði] til þess að upplýsingar og ráðgjöf um náms- og starfsval séu fyrir hendi og aðgengileg öllum börnum“ (Stjórnartíðindi C, nr. 18/1992). Þessar opinberu yfirlýsingar gera því auknar kröfur til þeirra sem eiga að sjá um náms- og starfsfræðslu í skólum hvort sem það eru kennarar eða náms- og starfsráðgjafar. Til að hægt sé að uppfylla þær

kröfur sem settar eru fram hér að framan er mikilvægt að náms- og starfsráðgjafar hafi þekkingu og innsýn í það hvernig starfsferillinn hjá börnum þróast. Það er því nauðsynlegt fyrir þá að átta sig á því á hvaða aldri börn fara að máta sig við raunveruleg störf, hvaða tengsl eru á milli þeirra starfa sem þau velja og fyrirmynda í nánasta umhverfi og hvaða aðrir þættir það eru sem stuðla að vali einstaklinga á störfum. Talið er að helstu fyrirmyndir barna í starfsferilsþróuninni séu foreldrar þó að þeir geri sér ekki alltaf grein fyrir hve mikil áhrif þeir hafa á börn sín varðandi nám og störf sem þau heillast af (Wahl og Blackhurst, 2000).

Á tímum aukinnar hnattvæðingar og breytinga á vinnumarkaði og fjölskyldumynstri er einnig nauðsynlegt að huga vel að því hvernig hægt sé að búa í haginn fyrir einstaklinginn í hinum „nýja heimi“ hvað varðar undirbúning fyrir nám og störf (Wahl og Blackhurst, 2000; Blustein, Kenna, Gill og DeVoy, 2008).

Á síðustu áratugum hefur hlutfall stúlkna í framhaldsskólum og háskólum hækkað mikið hérlendis og víða erlendis og eru konur nú fleiri en karlar bæði í framhalds- og háskólum (Hagstofa Íslands, 2011; Sweet, og Meiksins, 2008). Þó að sú þróun sé jákvæð gagnvart kvenkynsmendum þá er hún alvarleg hvað drengi varðar og samkvæmt rannsókn Jóns Torfa Jónassonar og Kristjönu Stellu Blöndal (2002) hverfa drengir frekar úr námi en stúlkur áður en þeir hafa lokið formlegri menntun. Það er einnig athyglisvert að konur eru í minnihluta í greinum eins og stærðfræði, eðlisfræði, tölvunarfræði og rafmagns- og tölvuverkfræði á verkfræði- og náttúruvísindasviði Háskóla Íslands og er trú á eigin færni talin vera ein forsenda þess að fólk velji til dæmis að leggja stund á stærðfræði. (Þuríður Ó. Sigurjónsdóttir, 2011)

Auknar kröfur eru nú gerðar á vinnumarkaðinum um meiri sérfræðimenntun einstaklinga og háskólamenntun sem eykur möguleika fólks á betri störfum (Sweet og Meiksins, 2008; Blustein o. fl., 2008). Þessi öra þróun kallar einnig á góða þekkingu náms- og starfsráðgjafa í skólum til að undirbúningur barna undir það að takast á við lífið fyrir utan skólaumhverfið megi verða sem farsælastur. Einnig þarf að átta sig á því að ekki búa allir við sömu möguleika til náms og þess undirbúnings sem krafist er. Því er nauðsynlegt að þeir sem vinna að því að koma ungu fólki út í lífið vinni markvisst að því að öllum séu veitt jöfn tækifæri (Blustein o. fl., 2008). Til að slíkur undirbúningur geti orðið sem bestur hafa verið þróuð heildræn náms- og starfsráðgjafarkerfi fyrir skóla sem mælst er til að allir skólar taki upp. Með heildrænni náms- og starfsráðgjöf er átt við að allir sem

standa að nemendum í skólum, jafnt kennarar sem aðrir starfsmenn ásamt foreldrum, eigi að koma að fræðslunni sem faglærðir náms- og starfsráðgjafar hafa yfirumsjón með og að slík fræðsla verði fastur liður í námi barna (Gysbers, og Henderson 2006).

Gott námsefni er eitt af því sem er ómissandi í fræðslu sem þarf að vera sniðið að þroska nemenda á hverju skólastigi. Þegar semja og útbúa á námsefni í náms- og starfsráðgjöf fyrir börn sem á að taka á öllum þáttum eins og starfsþekkingu og sjálfsþekkingu er mjög áriðandi að líta til rannsókna sem hafa verið gerðar á starfsferilsþróun barna og þroskakenninga svo unnt sé að vita með vissu til hvers er hægt að ætlast af börnum á tilteknum aldri (Magnuson og Starr, 2000).

Í inngangi verður fyrst fjallað um megininntak kenninga um vitsmunapróska og starfsferilsþróun og síðan um starfsferilsþróun hjá börnum á miðstigi grunnskólans. Þá verða kynntar nokkrar rannsóknir sem gerðar hafa verið á níu til ellefu ára börnum. Þar næst er fjallað um náms- og starfsfræðslu í grunnskólum og mikilvægi hennar. Síðan er rætt um áherslu í námsefni fyrir fyrstu fimm bekkji grunnskólans og að lokum um náms- og starfsákvörðun og fræðslu í nútímasamfélagi.

## **Náms- og starfsferilsþróun hjá börnum**

### **Þroskakennningar**

Almennur vitsmunapróski barns og starfsferilsþroski eru samofnir þættir í uppvextinum (Magnuson og Starr, 2000; Hartung, Porfeli og Vondracek, 2008) og hafa kennismiðir litið til slíkra þroskakenninga við mótun kenninga sinna um lífshlaupið (Gysbers og Henderson, 2006). Þroskakenningar þróunarsálfræðinganna Erikson, Piaget og Vygotsky fjalla allar um hvernig skilningur barna á umheiminum þróast (Berns, 2007) og einnig hvernig börn vinna úr reynslu sinni og þeim upplýsingum sem þeim eru veittar eða þau afla sér (Magnuson og Starr, 2000).

Erik H. Erikson setti fram kenningu í félagsálfræði um þróun persónuleikans frá vöggu til grafar. Hann sagði að fólk þyrfti að takast á við ákveðin verkefni á hverju þroskastigi fyrir sig og ef vel gengi að vinna úr verkefnunum myndi næsta stig verða farsælla og styrkleiki einstaklingsins eflast. Hann skipti þróunarferlinu niður í átta stig. Á grunnskólaaldrinum 6-11 ára er lögð áhersla á það sem barnið þarf að kunna og geta (*dugnaður/minnimáttarkennd*) og að það sé mikilvægt fyrir

þroska barnsins að því finnist það vera hæft og duglegt. Á næsta stigi, 12-18 ára, er unglingurinn í leit að sjálfsmynd sinni og fer að máta sig við ýmis hlutverk við mismunandi aðstæður (Berns, 2007) en Erikson taldi sterk tengsl vera á milli sjálfsmyndar einstaklinga (e. *ego identity*) og þeirrar starfa sem einstaklingurinn tengir sig við (e. *vocational identity*) (Turner og Lapan, 2005).

Í kenningu sinni um vitsmunáþroska lagði Jean Piaget áherslu á að skilja hvernig börn hugsa með því að sjá, heyra og finna. Hann skipti barnæskunni í fjögur þroskastig sem miðast við þá rökhugsun sem barnið býr yfir á hverju aldrurstigi fyrir sig og hvert stig byggir ofan á annað. Hann benti á að ef forvitninni er svalað á barnið auðveldara með að kanna og læra um heiminn í kringum sig (Berns, 2007). Á aldrinum 7-11 ára eru börn á stigi hlutbundinna aðgerða en þá fer aðgerðahugsun að mótast og varðveisluhugtakið þroskast. Skilningur á flokkun hluta og frumskilningur á hugtökum er einnig einkennandi fyrir þennan aldur ásamt einfaldri íhugun. Á stigi formlegra aðgerða sem er lokastig hugsunar, frá 11-15 ára, kemur vísindaleg hugsun fram og hæfni til að nota sértæk hugtök og gagnvirka íhugun.

Lev Vygotsky byggði kenningu sína í félagslegu samhengi og sagði að börn lærðu í samskiptum við aðra með því að sækja í aðstoð annarra til að skilja heiminn og það umhverfi sem þau búa í. Hann taldi vitsmunáþroska barna ekki vera einangrað fyrirbæri heldur félagslegt samspil sem leiði af sér þekkingu. Hann álfur tungumálið vera tæki sem notað er til tjáskipta við aðra og í sjálfstali sem auðveldar fólki að dýpka skilning sinn almennt (Berns, 2000). Ef börn heyrðu aldrei neitt um störf myndu þau ekkert vita um störf (Magnuson og Starr, 2007).

### **Starfsferilsþróunarkenningar**

Tilgangur þess að skoða og rannsaka náms- og starfsferilsþróun og veita ungum börnum náms- og starfsfræðslu og náms- og starfsráðgjöf er ekki sá að láta þau taka ótímabæra ákvörðun um nám og störf. Tilgangurinn er að gera þau meðvituð um mismunandi störf út frá áhuga, styrkleikum sínum og forvitni með það fyrir augum að geta seinna í lífinu tekið farsæla ákvörðun um starfsvettvang sinn. Á þann hátt er hægt að leggja grunninn að lífslangri starfsferilsþróun hjá einstaklingnum (Harkins, 2001; Krumboltz, 2009; Stead og Schultheiss, 2003).

Starfsferil er hægt að skilgreina bæði á hlutlægan og huglægan hátt. Með hlutlægri skilgreiningu er átt við þá leið sem fólki fer í gegnum fyrirtæki eða

stofnanir sem það starfar hjá og geta verið öll þau störf sem einstaklingur stundar á ævinni. Huglæg skilgreining er sú starfsreynsla og væntingar sem fólk fær á starfsferlinum í nútíð og framtíð (Savickas, 2002a; Savickas, 2005).

Frumkvöðlar á sviði náms- og starfsráðgjafar fyrir um eitt hundrað árum horfðu aðallega til mismunandi persónugerða í kenningum sínum og hvernig þær samrýmdust mismunandi tegundum starfa. Þessar kenningar hafa verið nefndar einkenna- og þáttakenningar (e. *trait and factor theories*) en þær líta ekki sérstaklega á það hvernig starfsferillinn hjá einstaklingum þróast (Sharf, 2010).

Þær kenningar sem líta á starfsferilsþróunina sem ævilangt ferli og tekið hafa börn inn í umræðuna eru nefndar lífshlaupskenningar (e. *life span theories*) en slíkar kenningar fjalla um þróun starfsferilsins ævilangt (e. *life long career development*). (Sharf, 2010; Stead og Schultheiss, 2003).

Ginzberg, Ginsburg, Axelrad og Herma (1951) settu fram fyrstu almennu kenninguna um þróun starfsferils sem tók einnig til barna. Í kenningunni eru sett fram tvö meginstig: *Ímyndanir* (e. *fantasy*) sem spannar tímabilið frá fæðingu til 11 ára aldurs. Á þessu stigi fara börn að gefa störfum gaum út frá áhuga og löngunum en ekki á raunhæfan hátt. Næsta stig, frá 11 ára til 14 ára, nefndu þeir *tilraunir* (e. *tentative period*) en þá fara börn að skoða störf mest út frá áhuga. Kennismiðirnir telja stig *tilrauna* mikilvægast í starfsþróunarferlinu hjá börnum.

Kenning Donald Super frá 1990 er sú kenning sem hvað mest hefur verið notuð og rannsökuð í tengslum við þróun starfsferils hjá börnum og er talin sýna góða heildræna mynd af þróuninni (Stead og Schultheiss, 2003). Til viðbótar við lífshlaupskenningu sína um þróun starfsferilsins frá 1957, skoðaði Super æskuna og skiptir einstaklingum niður í fimm þroskastig út frá aldri. Kenningin sýnir hvernig börn öðlast smám saman færni til að taka ákvörðun um framtíð sína með því að kanna, safna upplýsingum, átta sig á áhugasviði sínu, máta sig við nútíð og framtíð og einnig við fyrirmyndir. Fyrsta lífsskeiðið nefnist *vaxtarstig* (e. *growth*) og nær yfir tímabilið frá 0-14 ára en á því skeiði skipta áhrif foreldra og skólans barnið miklu máli að hans mati. Á aldrinum 7-11 ára, fari börn smám saman úr forvitni og fantasíuveröldinni (e. *development of interest*) í að byggja val sitt af áhuga en Super leggur áherslu á að starfsráðgjöf fyrir börn eigi ekki að fara fram á sama hátt og fyrir fullorðna (Niles og Harris-Bowlsbey, 2002; Sharf, 2010).

Vaxtarskeiðinu er skipt í 9 stig:

- *Forvitni* (e. *curiosity*) – forvitnisþörf
- *Könnun* (e. *exploration*) – leita að upplýsingum um sig og umhverfi sitt til að svara forvitni.
- *Upplýsingar* (e. *information*) – átta sig á mikilvægi upplýsinga um störf og hvernig þeirra er aflað.
- *Fyrirmyndir* (e. *key figures*) – fyrirmyndir og áhugavert fólk í lífi barnsins.
- *Áhugi* (e. *interest*) – meðvitund um að líka við/líka ekki við.
- *Stjórnun* (e. *locus of control*) – hafa stjórn á eigin fortíð, nútíð og framtíð.
- *Tímaskyn* (e. *time perspective*) – átta sig á því hvernig fortíð, nútíð og framtíð getur nýst til að skipuleggja framtíðina.
- *Sjálfsvitund* (e. *self concept*) – sýn einstaklings á sjálfan sig við mismunandi aðstæður.
- *Áætlunargleði* (e. *planfulness*) – að átta sig á mikilvægi þess að skipuleggja hluti.

Super bendir á að áhugi og færni þurfi ekki alltaf að fara saman og að það sé mikilvægt fyrir börn að svara forvitninni til að skapa áhuga og þannig öðlast sjálfþekkingu og þekkingu á störfum. Sjálfsmynd (e. *self concept*) er mikilvæg að mati Super en það er sú mynd sem einstaklingurinn hefur af sjálfum sér og mótast á vaxtarstiginu. Hann setur upp bogalíkan til að sýna hvernig mótun hennar á sér stað. Sjálfið er efst fyrir miðju sem undirstöður beggja vegna halda uppi. Í vinstri uppistöðunni er persónuleikinn, þarfir, gildi, áhugi, hæfileikar og gáfur. Í hægri uppistöðunni er fjölskyldan, samfélagið, efnahagur og aðrir umhverfisþættir (Niles og Harris-Bowlsbey, 2002; Sharf, 2010).

Super lagði einnig mikla áherslu á að þegar einstaklingurinn væri búinn að öðlast nægjanlega sjálfsvitund væri hann tilbúinn að gera sér mynd af framtíðinni sem síðan myndi þróast út í framtíðaráform um starf (e. *planfulness*) (Super, 1983).

Kenning Lindu Gottfredson sýnir á skýran hátt hvernig áhugi og skilningur ungra barna á sjálfum sér og störfum þróast í því umhverfi sem þau alast upp í. Kenningin hefur verið í þróun frá árinu 1981 þar sem aðaláhersla beindist í upphafi að kynja- og stéttamun. Kenningin hefur verið endurbætt í nokkur skipti frá upphafi. Hún setur fram tilgátu um kynjamun og val á störfum ásamt þroska- og erfðamun einstaklinga. Hún leggur mikla áherslu á þróun sjálfsvitundarinnar

(e. *self concept*) sem vísar í það hvernig fólk sér sjálft sig bæði inn á við og innan um annað fólk sem birtist á margvíslegan hátt hjá einstaklingum út frá gildum þeirra, tilfinningum og áhuga (Sharf, 2010; Gottfredson, 2002).

Gottfredson byggir kenningu sína á þessum megin hugsmíðum: sjálfsköpun (e. *self creation*) sem þróast út frá *vitsmunaproska* (e. *cognitive development*), *afmörkun* (e. *circumscription*) og *málamiðlun* (e. *compromise*). Samkvæmt kenningunni eru fjögur stig afmörkunar eftir aldri sem skýrir hvernig börn útiloka störf sem þau telja ekki henta sér: Stig 1, *stærð* og *völd*, þriggja til fimm ára. Stig 2, *kynjahlutverk*, sex til átta ára. Stig 3, *gildi samfélagsins* (e. *orientation to social valuation*) 9 til 13 ára. Á þessu stigi eru börn farin að geta hugsað óhlutbundið. Þau fara að bera sig saman við jafnaldra sína og eru meðvitaðri um aðra og velta því meira fyrir sér hvað aðrir hugsa um þau. Þau gera sér betur grein fyrir stéttamun, hvernig fólk klæðist og býr og fara að átta sig á sambandinu á milli menntunar, tekna og starfa og flokka þau eftir virðingarstiga þjóðfélagsins. Stig 4, *hið innra sjálf* miðast við 14 ára og eldri (Sharf, 2010; Gottfredson, 2002).

Gottfredson talar um að starfsval sé ákveðið val en einnig ábyrgð og að það sé ekki alltaf auðvelt ferli og endi ekki alltaf vel hjá öllum. Kyn, greind og áhugi eru helstu áhrifaþættir í starfsvali hjá fólki að hennar mati. Þróun sjálfsmyndar og störf sem vekja áhuga eru tengd því hvað fólk er tilbúið að leggja mikið á sig til að fá starfið en það er mikilvægt fyrir einstaklinginn að starfið samrýmist áhuga hans og markmiðum. Hún nefnir þrjú þróunarferli sem spila saman: *kynferði* sem er mikilvægur þáttur í sjálfsmynd einstaklingsins, *virðing* þar sem kemur fram álit einstaklingsins á starfi og *starfssvið* sem eru störf í forgangs röð. Börn á aldrinum 9-13 ára, sem eru á 3. stigi afmörkunar hugsa í hlutbundnum aðgerðum á fyrri hluta stigsins. Þau þurfa ekki að sjá hluti til að geta ímyndað sér þá en þau verða að vita af tilvist hlutarins. Til að mynda vita þau að tannlæknir notar bor til að vinna með og smiður notar hamar og nagla. Smám saman geta börn á þessu stigi hugsað meira óhlutbundið (e. *abstract*) sem þýðir að þau geta til dæmis gert sér í hugarlund hvernig starf sálfræðings er sem ekki er eins áþreifanlegt (Sharf, 2010; Gottfredson, 2002).



Málamiðlun (e. *compromise*). Gottfredson skýrir ákvörðunarferlið á þrjá vegu út frá eftirfarandi spurningum:

- Hvers vegna veit ungt fólk svona lítið um það nám sem krafist er í þeim störfum sem það velur?
- Hvað getur einstaklingurinn sjálfur gert til að nálgast náms- og starfsupplýsingar?
- Hvaða þætti í ákvarðanaferlinu getur ungt fólk helst og síst hugsað sér að sleppa ef það á erfitt með val? (Sharf, 2010).

Málamiðlunin getur að mati Gottfredson, (2002) verið mikil, miðlungs eða lítil þegar velja á starf. Ef málamiðlunin er lítil (þegar allir möguleikar eru enn opnir) er líklegt að starf sé valið sem samrýmist áhuga. Ef málamiðlunin er í meðallagi (margir möguleikar í boði) fórna menn frekar áhuganum en kyni og virðingu. Ef málamiðlunin er mikil (möguleikarnir óraunæfir/erfiðir) mun kyn ráða ákvörðun um starf en hvorki virðing né áhugi. Áhuginn fer fyrstur þegar málum er miðlað síðan virðingin og síðast kynjatengslin.

Á síðustu árum hefur Gottfredson lagt meiri áherslu á að skoða erfðir og venjur og samspil þess við umhverfið og lítur svo á sérhver manneskja sé einstök þegar kemur að starfsvali (Gottfredson, 2002).

Í næstu tveimur köflum verður fjallað stuttlega um hugsmíðakenningar og félagsnámskenningar.

### **Hugsmíðakenningar (e. *constructivist theory*)**

Hugsmíðakenningar hafa rutt sér til rúms á síðustu áratugum meðal fræðimanna á sviði náms- og starfsráðgjafar og eru sprottnar úr sálfélagslegum grunni sem leggur áherslu á að einstaklingurinn skapi sinn eigin sannleika og þar með ævilangan starfsferil (Sharf, 2010).

Hugsmíða- og frásagnarkenning Mark L. Savickas leggur áherslu á að einstaklingurinn skapi sína huglægu sýn á lífið og þar með ævilangan starfsferil sem er sífellt að breytast. Að skoða sjálfsmynd einstaklingsins með því að fylgjast með því hvernig einstaklingurinn sér og talar um sjálfan sig er mikilvægt. Hann stýðst við lífs- og þroskaskleið Super til að útskýra aðlögunarhæfni á starfsferli sem er eitt af lykilhugtökunum í kenningu hans. Þar á hann við hversu tilbúinn og hæfur einstaklingurinn er til að takast á við breytingar í námi og starfi og mæta áföllum í einkalífi. Hann segir að áhugi og það sem skiptir fólk máli hafi mikið að

segja um hvernig starfsferillinn verður hjá einstaklingum. Einnig er mikilvægt að mati Savickas að svala áhugapörfinni og gera það sem skiptir máli fyrir sig og samfélagið (e. *mattering*) (Savickas, 1997; Savickas, 2002a; Sharf, 2010; Niles og Harris-Bowlsbey, 2002).

### **Félagnámskenningar (e. *social learning theory*)**

Félagnámskenningar eiga rætur sínar að rekja til námssálarfræðinnar sem gerir ráð fyrir því að persónuleiki einstaklinga mótist af samspili styrkingar úr umhverfinu og hermináms og að það sem við hugsum skapi okkur. Persónuleikinn vex og þroskast af því að læra og gera (e. *learning by doing*) frekar en af erfðafræðilegum eiginleikum (Sharf, 2010).

John D. Krumboltz leggur áherslu á mikilvægi atferlis og hugsunar við starfsákvörðun og að hún sé eins konar námsferli og tækni sem byggist aðallega á reynslu og vinnuvenjum ásamt upplagi fólks og því umhverfi sem það býr í (Sharf, 2010). Krumboltz telur að ekki eigi að taka ákvörðun um störf snemma á lífsleiðinni. Í kenningu sinni leggur hann megináherslu á fjóra eftirfarandi þætti:

- Náms- og starfsráðgjafar eiga að aðstoða fólk við að læra að taka ákvarðanir en ekki að velja einn tiltekinn starfsvettvang.
- Nota á áhugasviðskannanir til að örva þekkingu en ekki til að para fólk saman við ákveðin störf.
- Mikilvægt er að fólk taki virkan þátt í atburðum til að undirbúa sig fyrir hið óvænta í lífinu.
- Mælikvarði á skilvirkni náms- og starfsfræðslu er að sjá hvernig ráðþegum vegnar í lífinu eftir að hafa notið slíkrar fræðslu.

Að mati Krumboltz hefst menntun og leiðin að starfsferli við fæðingu og telur hann málþroska skipa mikilvægan sess í námi barna. Börn læra með því að talað sé við þau og því meira sem lesið er fyrir börn því betur gengur þeim í námi. Hann gagnrýnir skólakerfið fyrir að stuðla að of mikilli samkeppni sem ýti snemma undir óánægju í stað þess að hlúa að námsefni eins og vísindum, félagsvísindum og listum. Krumboltz segir tilviljanir (e. *happenstance*) oft skýra hvaða leiðir fólk velur í lífinu og að það sé ekki nokkur leið að sjá fyrir um framtíð fólks. Hin raunverulegu markmið með menntun séu ekki það sem einstaklingurinn geri í

skólanum heldur það sem taki við eftir að skóla lýkur. Að vera óákveðinn getur að hans mati verið merki um einstakling með opið hugarfar og þarf ekki að vera neikvætt (Krumboltz, 2009).

## **Börn og starfsferilsrannsóknir**

Á Íslandi hafa rannsóknir í náms- og starfsráðgjafarfræðum einkum beinst að nemendum á unglíngastigi og í framhalds- og háskólum og hafa yngri börn lítið verið rannsökuð eins og víða annars staðar. Þeir fræðimenn á sviði náms- og starfsráðgjafar sem hafa áhuga á að skoða starfsferilsþróun barna hafa gagnrýnt aðra fræðimenn fyrir að líta fram hjá börnum í rannsóknum sínum (McMahon og Watson, 2008; Porfeli, o.fl. 2008; Schultheiss, 2008; Watson og McMahon, 2005) og benda á að þeir sem hafa rannsakað börn hafi mest notað megindlegar aðferðir við rannsóknir sínar, sem sýna eingöngu tölfræðilegar niðurstöður og horfa því ekki á þroskaferil einstaklinga eða dýpri skilning þeirra á fyrirbærum.

Því fleiri rannsóknir sem gerðar eru á starfsferilsþroska barna því auðveldara verður að þróa heilðræna náms- og starfsfræðslu í skólum. Niðurstöður rannsókna geta sagt til um hvernig þróunin á sér stað og byggir upp ákveðinn þekkingargrunn sem hægt er að vinna út frá. Það er því mjög mikilvægt að efla og auka rannsóknir og skoða undanfarann sem á sér stað áður en einstaklingur tekur ákvörðun um áframhaldandi nám og störf (Porfeli o. fl., 2008).

Niðurstöður langtímarannsóknar Helwig (2008) á einstaklingum frá 8 ára aldri til 23 ára aldurs um hvort fyrirmyndir hefðu áhrif á starfsval barna frá öðrum bekk sýndu að flestir töldu að foreldrar hefðu haft áhrif á náms- og starfsval þeirra og þá einkum móðirin. Í nokkrum tilfellum var kennari nefndur sem áhrifavaldur. Aðspurðir sögðust þátttakendurnir ekki hafa fengið góða náms- og starfsfræðslu í skólanum og hefðu þar af leiðandi ekki verið nægilega tilbúnir að taka ákvörðun um nám eftir skyldunám. Að mati rannsakandans styðja þessar niðurstöður fyrri rannsóknir sem segja að náms- og starfsráðgjafar geti komið að þjálfun foreldra rétt eins og nemenda til að hvetja til dæmis börn í átt að stærðfræði- og vísindagreinum. Niðurstöður benda einnig til þess að foreldrar standi misjafnlega að því að aðstoða börnin sín eftir því hvaða menntunarbakgrunn þeir hafa. Þær segja líka til um hversu mikilvægu hlutverki náms- og starfsráðgjafar gegna í skólum og þar sem foreldrar og kennarar virðast hafa hvað mest áhrif á starfsval

barnanna skiptir miklu máli að þau hafi góða þekkingu á því ferli sem starfsákvörðun er (Helwig, 2008).

Blackhurst, Auger og Wahl (2003) rannsökuðu þekkingu 119 barna í fyrsta, þriðja og fimmta bekk (43 börn) á 15 vel þekktum störfum og óskastörfum þeirra. Þeim voru sýndar myndir af starfandi fólki og spurð um þá menntun sem störfin krefjast. Rannsakendur komust að því að börn á þessum aldri hafa ákveðnar hugmyndir í sambandi við undirbúning starfa en óljósa þekkingu þegar þau þurfa að nefna tiltekna skóla. Þau ofmátu nauðsyn háskólanáms fyrir störf sem krefjast hæfni sem þau álitu sig ekki búa yfir og helmingur barna 5. bekkjar taldi ekki þörf á slíkri menntun þegar hún var í raun nauðsynleg. Lítil munur var á fyrsta og fimmta bekk þegar kom að því að tengja störf við þá háskólamenntun sem þau kröfðust. Flest töldu sig vera á leið í háskólanám sem að mati rannsakenda þykir ekki raunhæft miðað við hlutfall þeirra sem stunda háskólanám almennt í Bandaríkjunum. Mjög fáir viðmælendur nefndu iðn- og tækninám í svörum sínum.

Blackhurst og félagar (2003) telja niðurstöður 5. bekkjar styðja kenningu Gottfredson, (1981) varðandi virðingarsess starfa. Börnin virtust gera sér grein fyrir mismunandi stöðu starfanna og útiloka sum störf af sömu ástæðu, sem samkvæmt kenningunni munu aldrei aftur koma til álita hjá barninu. Eins geta störf, sem krefjast mikils námsundirbúnings, verið útilokuð af barninu. Þau benda einnig á að börnin skorti þekkingu á þeirri færni og hæfni sem störfin krefjast og benda í því sambandi á kenningu Gottfredson sem segir að þróun sjálfsmyndarinnar og störf sem fólk hefur áhuga á tengist því hvað einstaklingurinn vill leggja mikið á sig til að fá ákveðið starf. Rannsakendur álíta að hefja eigi markvissa starfsfræðslu á fyrsta skólastigi því að sterk vísbinding sé um að börn í 5. bekk hafi öðlast ákveðna grunnþekkingu á námskröfum tengdum störfum. Auk þess virðast þau tengja áhuga sinn við ákveðin störf og hvernig þau samrýmast eigin hæfni. Þetta styður það að náms- og starfsfræðsla sé ekki aðeins tímabær þroskalega séð heldur stuðli hún að því að börn á þessum aldri skapi sér raunsæja mynd af framtíðaráformum sem samrýmist menntunar- og starfsmarkmiðum þeirra (Blackhurst og félagar, 2003).

Markmið rannsóknar Auger, Blachurst og Wahl, (2005) var að skoða á hvaða aldri börn færu að hugsa um raunveruleg störf. Þau tóku viðtöl við börn í fyrsta, þriðja og fimmta bekk þar sem börnin voru spurð um störf sem þau gætu hugsað

sér að sinna í framtíðinni og störf sem þau héldu að þau myndu gegna. Niðurstöðurnar sýna að hugmyndir barna um störf og almennur þroski þróast mjög hratt á þessum aldri en flest öll börnin gátu nefnt störf sem þau kjósa. Börn í fimmta bekk og þá einkum stelpur völdu síður kynbundin störf en þau sem yngri voru en eldri börn völdu frekar störf sem njóta virðingar. Tæplega þriðjungur af þeim 44 strákum í fimmta bekk sem tóku þátt í rannsókninni valdi óraunhæf störf (fantasíustörf), eins og atvinnumenn í íþróttum, eins og algengt er á þessum aldri. Fá börn nefndu störf foreldra sinna sem óskastarfið og aðeins helmingur þeirra gat tiltekið starf foreldra sinna. Eldri börn völdu ekkert frekar raunhæf störf en þau yngri. Dæmi um störf sem þau nefndu, eins og íþróttamaður, söngvari, stjórnufræðingur og listamaður, voru ekki störf foreldra en eins og margar kenningar ganga út frá hafa börn tilhneigingu til að velja sömu störf og foreldrar þeirra. Val um að verða íþróttahetja jókst frekar með aldrinum en minnkaði hjá þriðja til fimmta bekk þegar spurt var hvort þau héldu að þau myndu verða íþróttahetjur í raun og veru sem bendir til þess að á þeim aldri fara þau að gera sér betur grein fyrir raunveruleikanum. Sum börnin í rannsókninni nefndu nöfn fyrirtækja í stað starfsheita. Enginn marktækur munur eftir aldri var á vali barna milli ímyndunarstarfa og raunverulegra starfa almennt. Að mati rannsakenda styður niðurstaðan ekki að öllu leyti kenningu Gottfredson frá 1981 um kynbundin störf en hún nefnir að börn velji kynbundin störf eftir fyrsta bekk en minnst ekki á að það dragi úr því með aldrinum eins og kemur fram í ofangreindri rannsókn. Niðurstöður rannsóknarinnar munu að mati rannsakenda nýtast náms- og starfsráðgjöfum í skólum við vinnu þeirra með börnum í starfsfræðslu þar sem menn eru ekki á einu máli um hvort störfín sem þau velja séu kynbundin og hvenær þau fara að gera sér grein fyrir mun á störfum og virðingu starfa í samfélaginu eða hvort foreldrar eða aðrir fullorðnir séu lykiláhrifavaldar í vali þeirra á störfum.

Tilgátur Auger og féлага (2005) eru í fyrsta lagi þær að yngri börn virðast sjá heiminn meira í svart/hvítu en eldri börn og velja þar af leiðandi frekar karla- og kvennastörf sem breytist með auknum þroska. Í öðru lagi að eldri börn hafa öðlast meiri lífsreynslu og séð fleiri konur vinna karlastörf og öfugt í umhverfi sínu. Í þriðja lagi velja eldri börn frekar störf sem eru hátt metin sem bendir til þess að börn í fimmta bekk hafi ekki enn gert sér grein fyrir sínum eigin styrkleikum og hæfileikum. Eins og segir í markmiðum félags náms- og starfsráðgjafa í

Bandaríkjunum (American School Counselor Association, [ASCA] (2003) eiga börn að geta: áttað sig á eigin *hæfni*, *áhuga* og *getu* og tengt það við starfsval. Þá er einnig bent á að foreldrar og aðrir sem tengjast börnum séu ekki þeir einu sem hafi áhrif á börn varðandi starfsval heldur hafi opinberir einstaklingar, eins og íþróttahetjur og frægt listafólk, einnig mikil áhrif sem ekki sé hægt að líta fram hjá (Auger o. fl., 2005).

Blackhurst og Auger (2008) gerðu rannsókn á 115 börnum í 1. – 7. bekk í tveimur skólum og komust að því að stúlkur sýna meiri áhuga á störfum sem krefjast háskólamenntunar heldur en strákar. Strákar velja frekar kynbundin störf og störf sem tengjast áhættu eins og atvinnuíþróttamennsku og slökkviliðsstörf sem ekki krefjast formlegrar menntunar. Rannsakendur benda á að náms- og starfsráðgjafar þurfi að fylgjast verði vel með starfsferilsþróun hjá drengjum þar sem hætt sé við því að þeir útiloki raunveruleg störf snemma. Þeir benda á að dýrkun á íþróttahetjum og störfum tengdum áhættu geti hugsanlega haft hamlandi áhrif á starfsferilsþróunina hjá drengjum og verið ein ástæða þess að drengjum fer fækkandi í háskólum.

Schultheiss, Palma og Manzi, (2005) gerðu eigindlega rannsókn á börnum í fjórða og fimmta bekk sem komu frá efnalitlum heimilum með því að skoða starfsáhuga, sjálfsvitund og starfsval þeirra út frá kenningu Super. Börnin skiluðu stuttum ritgerðum sem fjölluðu um hvernig fjölskyldan eða kennari hefði haft áhrif á starfsval þeirra, í hverju þau væru góð og hvernig þau öðluðust færni í tilteknum atriðum. Einnig var skoðað hvernig börnin lýsa eigin ákvarðanatöku, sem að mati Schultheiss o.fl. þarf að skoða nánar í tengslum við vaxtarskeið Super, sem inniheldur ekki stig um ákvarðanatöku. Þau skoðuðu einnig hvaða náms- og starfsáform börnin hefðu og hvort þau vissu hvað þyrfti að gera til að uppfylla þá drauma. Niðurstöður styðja kenningu Supers á vaxtarskeiðinu um að það séu margir þættir sem koma að þessu skeiði. Vísbending er einnig um að ferlið renni meira saman og sé ekki eins bútað niður í þætti eins og áður var talið. Til dæmis var *áhugi* (*e.interest*) og *hæfni* (*e. ability*) sameinað undir *sjálfsvitund* (*e. self concept*) sem hentaði betur í greiningu á svörum þátttakenda. Allir níu þættirnir mældust hjá börnunum nema *forvitni*. Rannsakendur telja mikilvægt að kanna nánar hugmyndir barna um störf en það hafði ekki sérstaklega verið skoðað hjá Super. Þeir töldu sig hugsanlega hafa getað fengið ítarlegri upplýsingar hjá börnunum ef opin viðtöl hefðu verið tekin í stað skriflegra upplýsinga.

Mælitækið CCDS (e. *Childhood career development scale*) sem einnig byggir á kenningu Super var notað til að mæla starfsáhuga barna í fjórða bekk og leiddi niðurstaðan einnig í ljós lágt hlutfall *forvitni* þá sérstaklega hjá drengjum (Wood og Kaszubowski, 2008).

Mikið er til af rannsóknum á áhuga fullorðinna en lítið af sambærilegum rannsóknum á börnum. Þær rannsóknir sem hafa verið gerðar hafa mest byggst á að skoða hver áhugi barna er en ekki hvernig áhugi þeirra þróast yfir tíma.

Rannsókn Johnson (2000) sem tók viðtöl við börn í 6. og 9. bekk og komst að þeirri niðurstöðu að í 75% tilfella töldu þau áhuga vera ástæðu fyrir starfsvali sínu en fáir tengdu nám í skólanum við framtíðarstörf.

Niðurstöður rannsóknar Watson og McMahon (2007) leiddu einnig í ljós að fjórðungur þeirra 862 barna á aldrinum 11-14 ára sem tóku þátt í rannsókn þeirra gat ekki tengt nám við störf.

Til að átta sig á hvernig áhugi þróast hjá einstaklingum þarf að rannsaka hvernig formgerð áhuga yngri barna er ólík því sem er til staðar hjá fullorðnum. Það er hægt að gera með því að skoða hvernig börn skilgreina, hugsa um og skipuleggja áhuga sinn (Tracey, 2001). Áhugi og hæfni er oft skoðað saman í náms- og starfsráðgjöf en sýnir ekki alltaf mikla fylgni (Walsh, 1999), sumt fólk hefur áhuga á hlutum sem samrýmast ekki hæfileikum þeirra og aðrir eru góðir í einhverju sem þeir hafa ekki áhuga á (Sharf, 2010).

Út frá þeim rannsóknum sem kynntar hafa verið hér að framan má sjá að börn á aldrinum 8–12 ára vita töluvert um störf og máta sig við ýmis raunhæf störf en einnig störf sem teljast til óraunhæfra starfa eða fantasíustarfa. Þau hafa enn nokkuð óljósa mynd af þeirri skólagöngu sem krafist er fyrir tiltekin störf og virðist tenging milli starfa og skólagöngu enn vera nokkuð óskýr. Þættir eins fyrirmyndir og virðing hafa áhrif á starfsval barna. Einnig er áhugi oft nefndur sem ástæða vals og er því mikilvægt að rannsaka betur hvernig formgerð áhuga þróast. Sé rannsóknum á börnum á sviði náms- og starfsráðgjafaræða fjölgað eru líkur á að hægt verði að öðlast dýpri skilning á ævilangri starfsferilsþróun með því að skoða undanfara ákvörðunar um nám og störf. Niðurstöður slíkra rannsókna geta einnig hjálpað við gerð námsefnis í náms- og starfsfræðslu fyrir yngri einstaklinga, skipulagningu heildrænnar náms- og starfsfræðslu og auk þess veitt náms- og starfsráðgjöfum innsýn í þá þætti sem eru mikilvægir varðandi starfsferilsþroska ungra barna.

## **Náms og starfsfræðsla í grunnskólum**

Hvenær á að byrja að fræða börn um nám og störf? Margir fræðimenn á sviði náms- og starfsráðgjafar eru á einu máli um að hefja eigi náms- og starfsfræðslu allt frá upphafi skólagöngunnar og telja að það sé aldrei of snemmt að hefja slíka fræðslu (t.d. Magnusson og Starr, 2000; Blackhurst o. fl., 2003; Auger o.fl. 2005).

Í Bandaríkjunum hófst náms- og starfsfræðsla í barnaskólum í byrjun sjöunda áratugarins en þá hafði slík ráðgjöf verið við lýði fyrir börn á eldra skólastigi í um 50 ár (Gypers og Henderson, 2006). Hér á landi hófst fyrsti vísir að skipulegri starfsfræðslu um miðja síðustu öld þegar sálfræðingur var ráðinn hjá Reykjavíkurborg til að sinna slíkri fræðslu (Guðbjörg Vilhjálmisdóttir, 1991) og hefur sú fræðsla aukist töluvert síðan. Samkvæmt rannsókn Sigríðar Dísu Gunnarsdóttur, (2006) fékk aðeins um fjórðungur barna í grunnskólum á Íslandi starfsfræðslu í námi sínu. Á Íslandi er ekki til sérstök skólanámskrá fyrir náms- og starfsfræðslu og mikill skortur er á viðeigandi námsefni fyrir öll skólastig, sem mælt er með að gert verði átak í sem fyrst. Hér þarf einnig að marka stefnu sem segir hvernig skuli standa að náms- og starfsfræðslu eins og gert hefur verið í flestum nágrannalöndum okkar (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2008).

Rannsóknir sýna að rekja megi ástæður brotthvarfs úr skólum á unglingsaldri allt til fyrstu bekkja skólagöngunnar og að skólaumhverfinu sem slíku sé í mörgum tilfellum um að kenna (Schulthiess, o.fl. 2005). Þeir nemendur sem litla eða enga hvatningu eða fræðslu hafa fengið um nám og störf í skólum eru líklegri til að hverfa frá námi en þeir sem hafa fengið slíka fræðslu (Þórhalla Gunnarsdóttir, 2006). Til að sporna gegn brotthvarfi er mælt með markvissri náms- og starfsfræðslu fyrir börn frá 1. bekk og allan framhaldsskólann (Gypers og Henderson, 2006) þar sem nemendur setji sér markmið og kynnist þeim möguleikum sem eru fyrir hendi (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2008).

Hátt hlutfall brotthvarfs úr framhaldsskólum sérstaklega hjá strákum má samkvæmt niðurstöðum Kristjönu Stellu Blöndal og Jóns Torfa Jónassonar (2002) rekja meðal annars til þess að færri ljúka verknámi en áður.

## **Mikilvægi náms- og starfsfræðslu fyrir yngra stig grunnskólans**

Í skýrslu nefndar mennta- og menningarmálaráðuneytisins (2008) kemur fram að náms- og starfsráðgjöf er aðeins kennd í fjórðungi skóla á grunnskóla- og framhaldsskólastigi. Í skýrslunni var lagt fram yfirlit innlendra og erlendra



rannsóknna sem styðja mikilvægi náms- og starfsráðgjafar á öllum skólastigum. Bent var á að rannsóknir sýna að þeir nemendur sem fengu markvissa náms- og starfsfræðslu eiga auðveldara með að taka ákvarðanir um nám að loknum grunnskóla en hinir sem enga slíka fræðslu fengu og, samkvæmt Lapan, Gysbers og Petroski, (2001), leggja þeir meira upp úr því að ljúka námi en þeir sem enga náms- og starfsfræðslu hafa fengið.

Þó svo að ung börn eigi ekki að þurfa að taka ákvörðun um framtíð sína varðandi nám og störf (Krumboltz, 2009) er ekki hægt að horfa fram hjá þeim óbeinu áhrifum sem börn verða fyrir í daglegu lífi og mikilvægt er að leggja markvisst grunn að þekkingu þeirra á lífinu utan heimilis og skóla. Það er ekki gert eingöngu með því að kynna fyrir þeim störf og eðli þeirra heldur með því að einblína á *sjálfsvitund þeirra, áhuga og styrkleika* sem hjálpar þeim að taka ákvarðanir um framtíðina þegar að því kemur. Slíkur undirbúningur þarf að vera í höndum náms- og starfsráðgjafa sem kemur að skipulaginu ásamt kennara (Schultheiss, 2008).

Bent er á að til að náms- og starfsfræðslu verði komið á hjá yngri börnum þurfi að leggja áherslu á þennan mikilvæga þátt í kennaranámi. Lítið hefur verið skrifað um rannsóknir á sviði náms- og starfsráðgjafar í ritrýndum kennaratímaritum og slíkt þekkingar- og áhersluleysi meðal kennara hindrar það að komið verði á heildrænni náms- og starfsráðgjöf í skólum. Margir vilja meina að náms og starfsfræðsla eigi ekki að vera aukanámsgrein á hliðarlínunni heldur ein aðalundirstaða náms sem stuðli jafnframt að jafnrétti barna til að nálgast upplýsingar um störf og um leið efla sjálfsvitundina (Wood og Kaszubowski, 2008).

### **Námsefni fyrir yngri bekki grunnskólans**

Á Íslandi hefur enn ekki verið samin námskrá í náms- og starfsfræðslu – starfsráðgjöf eins og þekkist í mörgum nágrannalöndum. Námskrá, ásamt öflugri skólanámskrá er ein aðalforsenda þess að hægt sé að byggja upp þekkingu barna á námi og störfum. Í náms- og starfsfræðslu þarf að horfa til hæfni, þarfa og bakgrunns hvers og eins og þeir sem kenna börnum þurfa að vera meðvitaðir um að samfélagið og fjölskyldan eru stórir áhrifavaldar við starfsval (Harkins, 2001).

Hver eiga markmið með náms- og starfsfræðslu fyrir börn á yngsta stigi og miðstigi grunnskólans að vera? Samkvæmt ASCA, (2003) eiga aðaláherslur náms- og starfsráðgjafar fyrir yngra stig og miðstig skóla að vera þrískiptar: *Að efla*

*sjálfsvitundina, kanna nám og störf og leggja drög að framtíðinni.* Í skýrslu mennta- og menningarmálaráðuneytisins (2008) um eflingu náms- og starfsráðgjafar í grunn- og framhaldsskólum sem úrræðis gegn brottfalli nemenda er lögð áhersla á að börn öðlist leikniþjálfun í náms- og starfsráðgjöf á sviði sjálfsþekkingar og/eða sjálfsvitundar, könnunar á atvinnulífinu, þekkingar á skólakerfinu og leikni í að stýra breytingum.

Til að fólk geti orðið reiðubúið að taka ákvörðun um nám og störf (e. *readiness*) þarf að innleiða verkefni á öllum skólastigum sem taka til eftirfarandi þátta: a) að afla sér upplýsinga b) byggja upp sjálfsvitund c) þroska með sér jákvætt hugarfar og venjur d) kanna jafnræði í þjóðfélaginu (e. *exploring equity issues*) og e) efla færni sína (Harkins, 2001; Schultheiss, 2008). Hægt er að þjálf þessa þætti með því að samþætta þá öðrum námsgreinum eins og stærðfræði, náttúruvísindum, tungumálum og fleira með uppgötvunarnámi, einstaklingslega eða í hóp (Schultheiss, 2008). Æskilegt er að verkefni sem notuð eru með börnum á miðstigi séu sniðin að hlutbundnu aðgerðarstigi þannig að þau henti þroskastigi þeirra. Mælt er með því að verkefni séu sýnileg þannig að þeim séu til dæmis sýndar kvikmyndir af fólki ásamt tólum eða tækjum sem tengjast störfum (Sharf, 2010). Þá er einnig mælt með því að lesnar séu sögubækur fyrir börn, sem innihalda efni er tengjast störfum eða fjalla um þætti sem æskilegt er að vinna með í náms- og starfsfræðslu (Harkins, 2001). Einnig hentar vel að fá fullorðið fólk inn í skólastofuna til að kynna störf sín (Magnuson og Starr, 2000) en eins og niðurstaða rannsóknar Auger, Blachurst og Wahl (2005) sýndi vissi aðeins helmingur barnanna við hvað þeirra eigin foreldrar störfuðu. Á þennan hátt fá börn einnig tækifæri til að kynna sig góðum fyrirmyndum. (Wood og Kaszubowski, 2008).

Foreldrar eru álitnir mikilvægar fyrirmyndir hvað starfsval einstaklinga varðar, og oft og tíðum mikilvægari en þeir gera sér grein fyrir (Wahl og Blackhurst, 2000). Í því sambandi hefur Gibson, (2005) útbúið verkefni þar sem börn búa til starfatré eða hugkort (e. *genogram*) með störfum foreldra og annarra ættingja. Hún segir þessa aðferð henta börnum vel þar sem hún höfði sterklega til barna á fyrstu árum skólagöngunnar og áfram alla skólagönguna, enda sýnileg og skapandi. Oftast eru störf þriggja ættliða kynnt og unnið með þau á margvíslegan hátt.

Rannsóknir hafa leitt í ljós að þættir eins og vinnubækur og skriflegar æfingar, einstaklingsleiðsögn og endurgjöf, upplýsingar um störf og atvinnulíf, aðgangur að fyrirmyndum ásamt aðstoð við framtíðaráform hafi mest áhrif á skilvirkni náms- og starfsfræðslu. Skortur er hér á landi á opinberu námsefni í náms- og starfsráðgjöf fyrir yngri bekki grunnskólans, sem nauðsynlegt er að bæta úr til að hægt sé að koma á heildrænni náms- og starfsráðgjafaráætlun á öllum skólastigum. Brýnt er að komast að því hvað til er af námsefni á Íslandi þessu tengdu og hvernig skipuleggja eigi framtíð náms- og starfsráðgjafar og fræðslu fyrir öll skólastig einkum í ljósi þess að nýlega voru sett lög þess efnis að allir nemendur í grunn- og framhaldsskólum eigi rétt á slíkri fræðslu. Í mörgum nágrannalöndum okkar hefur verið farin sú leið að móta heildstæðar áætlanir sem hluta af skólastarfi og mælt er með að slík leið verði einnig farin hér (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2008).

Samkvæmt rannsókn Wood og Kaszubowski (2008) á kenningu Super þurfa börn örvun á sviði *forvitni* og um leið á sjálfum sér og þá sérstaklega strákar en *forvitni* og *könnun* eru samverkandi þættir í starfsferilsþróun hjá börnum. Það er hægt að gera með því að örva þau til að læra meira um störf og atvinnulífið með áhugaverðu námsefni sem hentar hverju þroskastigi fyrir sig því þannig verður einstaklingurinn betur undirbúinn til að takast á við lífið í hinum margbreytilega heimi.

Dæmi um verkefni sem taka á mismundandi þáttum í kenningu Super eru: að örva *forvitni* og *könnun* barna á störfum með því a) að fá barnið til að lýsa tíu mismunandi störfum sem koma að skólanum í tengslum við bygginguna eða stjórn skólans (smiður, arkitekt, málara, húsvörður og fleira), b) að börn spyrja fullorðna hver megintilgangur með starfi þeirra sé (efnahagslega, félagslega). Einnig er hægt að nota netið og skoða starfalista til að afla *upplýsinga* um störf. Varðandi *tímaskyn* er mikilvægt fyrir nemendur að gera sér grein fyrir því hvernig einkunnir, hegðun og niðurstöður prófa geta haft áhrif á framtíðina. *Sjálfsvitundina* er hægt að styrkja með því að láta börn skrifa um hvernig persóna þau eru og hvernig persóna þau vilji vera (Wood og Kaszubowski, 2008).

Savickas leggur áherslu á að nota frásagnir til að átta sig á áhuga fólks og bendir á að mismunandi áhugasviðskannanir mæli ekki alltaf sama áhugasvið hjá einstaklingum og sýni því ekki endilega rétta mynd af áhuga fólks (Savickas og Taber, 2006). Eppler, Olsen og Hidano (2009) hafa þróað aðferð í náms- og

starfsráðgjöf sem byggir á frásagnarkenningum og er eins konar frásagnartækni (e. *narrative technique*). Þau telja þessa aðferð vænlega til árangurs sem skili jákvæðum niðurstöðum jafnt námslega, persónulega og félagslega og einnig í tengslum við starfsval. Aðferðirnar sem þau nota eru bæði munnlegar og skriflegar frásagnir nemenda um atburði í lífi þeirra sem geta breyst og þróast með tímanum og engin ein saga er betri eða verri en önnur. Ungir nemendur skrifa ef til vill aðeins örfá orð en þeir eldri jafnvel heila sögu. Börnin segja síðan sögu sína sem hjálpar þeim að öðlast betri sjálfsvitund með því að hlýða á eigin frásögn.

Þegar dregnir eru saman helstu þættir varðandi námsefni fyrir börn á sviði náms- og starfsfræðslu þarf fyrst og fremst að líta til mikilvægi þess að námskrá sé til staðar svo hægt sé að útbúa námsefni við hæfi. Starfsfræðsla getur farið fram með margvíslegum hætti og er mikilvægt að börn fái að vera virkir þátttakendur í þeirri fræðslu með til dæmis hlutverkaleikjum, teikningum, eigin frásögnum og fleiri verkefnum. Þar sem forvitni og könnun eru talin vera samverkandi þættir í starfsferilsþróun hjá börnum er hægt að láta þau til dæmis kanna nánasta umhverfi sitt, horfa á kvikmyndir og nota netið til að afla sér upplýsinga um nám og störf. Hægt er að efla sjálfsvitundina hjá börnum með því að biðja þau að skrifa um sig eða segja frá sér sjálfum sér.

### **Náms- og starfsákvörðun/fræðsla á tímum hnattvæðingar**

Að alast upp í nútímasamfélagi með þeim ótal möguleikum sem ungt fólk stendur frammi fyrir er spennandi en getur jafnframt verið flókið á köflum. Þegar skyldunámi er lokið þurfa börn að fara að horfa til framtíðar varðandi það sem þau langar að taka sér fyrir hendur. Það er því mikil ábyrgð og kröfur sem hvíla á herðum þeirra sem eiga að uppfæða ungt fólk um það sem er í boði hvað varðar nám og störf. Þessar auknu kröfur kalla á að náms- og starfsráðgjafar fylgist vel með öllum þeim breytingum og auknu kröfum sem gerðar eru í nútíma samfélögum bæði til að koma til móts við einstaklinga og þarfir atvinnulífsins. Á síðustu árum hafa miklar tækninýjungar rutt sér til rúms sem gerir kröfur um hærra menntunarstig og sérhæfingu og margir hagfræðingar telja að framtíðarefnahagur þjóða sé undir menntun kominn (Wahl og Blackhurst, 2000). Mikill skortur er á tæknimenntuðu fólki á Íslandi og að mati OECD (2009) þurfa Íslendingar að fjárfesta meira í menntun tæknimenntaðra og nýsköpun nú sem aldrei fyrr. Það er einnig mikilvægt á tímum efnahagskreppu að hlúa vel að fólki

sem er án atvinnu og veita því tækifæri til að auka við menntun sína (Council of the European Union, [OECD], 2009). Samkvæmt nýjustu upplýsingum er menntunarstig Íslendinga með því lágsta sem gerist í OECD-löndum því enda þótt menntun hafi vaxið mikið á undanförunum árum hérlandis hefur hún einnig aukist í öðrum löndum. Þegar menntunarstaða Íslands er borin saman við önnur lönd kemur í ljós að hún er 11% undir meðaltali OECD-landa og Ísland lendir í 29. sæti þegar rætt er eftir árangri (Menntamálaráðuneytið, 2010). Til að hægt sé að bæta stöðu Íslands hvað menntunarstig varðar þurfa ráðamenn að sýna skilning á mikilvægi náms- og starfsráðgjafar með því að efla hana, en slík fræðsla er talin nauðsynlegur þáttur í þekkingarþjóðfélagi sem stuðlar að hagvexti (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2008).

Börn sem nú eru að vaxa úr grasi verða virkir þjófélagsþegnar um miðja þessa öld og mikilvægt er að hver og einn finni sinn farveg með hjálp náms- og starfsfræðslu og náms- og starfsráðgjafar sem skilar sér jafnt til þeirra sjálfra og samfélagsins í heild (Guðbjörg Vilhjálmsdóttir, 2005).

## **Rannsóknarspurningar**

Áður en hafist verður handa við að semja námskrá fyrir íslenska skóla og námsefni í náms- og starfsráðgjöf sem er grundvöllur slíkrar fræðslu er mikilvægt að mínu mati að efla rannsóknir á börnum á yngri skólastigi. Með slíkum rannsóknum er hægt að auka innsýn í starfsferilsþróun ungra einstaklinga með það fyrir augum að grípa inn í og aðstoða börn við að þroska með sér þekkingu á sjálfum sér, áhugasvið þeirra og styrkleika. Með þetta að leiðarljósi gæti dregið úr brotthvarfi seinna á skólagöngunni.

Eins og fram hefur komið hafa rannsóknir á starfsferilsþróun og starfsáhuga einkum beinst að unglíngum og eldri einstaklingum meðal fræðimanna á sviði náms- og starfsráðgjafar/starfsfræðslu hér á landi og einnig erlendis en skortur er á rannsóknum á yngri börnum (t. d. Schultheiss o. fl. 2005, Porfeli o. fl. 2008).

Þar sem þroski einstaklingsins er órjúfanleg heild jafnt vitsmunalega sem líkamlega er ekki hægt að horfa fram hjá undanfara þess að taka ákvörðun um nám og störf sem einn þáttur í almennum þroska. Sú reynsla sem manneskjan verður fyrir á fyrstu skeiðum ævinnar hefur áhrif á það sem seinna gerist í lífinu (t.d. Berns, 2007; Magnuson og Starr, 2000).

Ein leið til að átta sig á starfsferilsþróun barna er að rannsaka hvort og hvenær þau byrja að velta fyrir sér framtíðinni varðandi nám og störf og hvað það er sem hefur áhrif á ákvörðun þeirra. Þessi rannsókn beinist að tíu ára börnum sem eru um það bil hálfnuð með grunnskólann og eru rannsóknarspurningarnar eftirfarandi:

- Hverjar eru hugmyndir og þekking barna á störfum og þeirri menntun sem þarf fyrir tiltekin störf?
- Geta þau nefnt hvaða starfsvettvang þau ætla að velja sér í framtíðinni?
- Geta þau tengt skólagöngu sína við framtíðarstörfin?
- Hverjir eru áhrifaþættir varðandi þekkingu þeirra á námi og störfum (áhugi, hæfni, fyrirmyndir, annað)?
- Hvernig taka börnin ákvörðun?

## 2. Aðferð

Eigindlegar rannsóknaraðferðir voru notaðar til að leitast við að svara rannsóknarspurningunum. Slíkar aðferðir henta vel þegar skoða á viðfangsefni frá fleiri en einu sjónarhorni (Bogdan og Biklen, 2007). Notað var skriflegt verkefni, teikningar, þátttökuathugun og viðtöl með opnum spurningum til að ná fram nákvæmasti mynd af hugmyndum barnanna en opin viðtöl og teikningar eru oftast notuð til að afla upplýsinga í rannsóknum með börnum (Gross; Hayne og Drury, 2008).

Með skriflegum verkefnum er hægt að safna upplýsingum um tiltekið viðfangsefni frá mörgum einstaklingum á sama tíma og einnig geta þau gefið mikilvægar upplýsingar um hugmyndir nemenda og þekkingu sem hægt er að nota eða vísa til síðar (Harlen og Qualter, 2004).

Teikningar geta reynst mikilvægar til að skyggjast inn í hugarheim barna og geta varpað ljósi á hugmyndir þeirra og þekkingu (Greig og Taylor, 1999). Börn hafa yfirleitt gaman af því að teikna og með því að gefa þeim tækifæri til að teikna og að tjá sig um teikninguna hafa þau fjölbreyttari möguleika til tjáningar þar sem umræður geta skapast út frá teikningunni (Gunnhildur Óskarsdóttir, 2006; Einarsdóttir, Dockett og Perry, 2008).

Þátttökuathugun er ein tegund vettvangsrannsókna og veitir rannsakanda beint aðgengi að rannsóknarefninu (Bogdan og Biklen, 2007). Það sem rannsakandinn skráir niður á vettvangi er hægt að nota í viðtölum þegar vísað er í atburði eða aðra sameiginlega upplifun (Danby, Ewing og Thorpe, 2011).

Opin einstaklingsviðtöl henta vel eldri grunnskólabörnum en mikilvægt er að börn hafi nægan vitsmunalegan þroska og getu til að tjá sig þegar þau taka þátt í slíkum viðtölum. Reynslan hefur sýnt að börn virðast ekki óttast að tala í hljóðnema eins og margir fullorðnir gera og virðast geta tjáð sig á eðlilegan hátt við hljóðupptökur (Graue og Walsh, 1998). Með opnum spurningum er talið líklegra að ná fram lýsingum á hlutum og að fá innsýn í hugmyndir viðmælenda út frá þeirra eigin reynslu en ef spurt er lokaðra spurninga (Taylor og Bogdan, 1998).

## **Þátttakendur**

Einn bekkur 10 ára barna í grunnskóla í Reykjavík, alls tuttugu börn, tíu stúlkur og tíu drengir tóku þátt í skriflega hluta rannsóknarinnar og er aldur þeirra tilgreindur í árum og mánuðum hér að neðan. Einstaklingsviðtöl voru einungis tekin við tíu af þeim tuttugu börnum sem tóku þátt í rannsókninni, það er sex stúlkur og fjóra drengi. Skólinn sem er einn af stærri grunnskólum Reykjavíkur var valinn vegna hentugar staðsetningar fyrir rannsakanda. Engin önnur tengsl voru við þátttakendur né skólann.

Hér verður gerð grein fyrir þeim tíu þátttakendum sem tekin voru viðtöl við. Þeir eiga það sameiginlegt að hafa allir verið í leikskóla áður en þeir byrjuðu í grunnskóla og hafa ekki fengið neina formlega starfsfræðslu í námi sínu. Samkvæmt upplýsingum frá börnunum um starf foreldra eru þeir flestir með háskólamenntun eða aðra formlega menntun. Börnin eiga öll ömmur, afa og frændfólk sem þau eru í nánnum tengslum við og búa í fjölbreyttum fjölskyldum. Flest þeirra búa með báðum foreldrum eða bæði foreldri og fósturforeldri nema einn viðmælandi sem býr eingöngu með móður sinni. Þátttakendurnir hafa fengið dulnöfn til að ekki sé hægt að bera kennsl á þá.

Anna Ívarsdóttir er 9 ára og 10 mánaða. Hún býr með móður sinni og fósturföður ásamt þriggja ára bróður og hittir föður sinn reglulega.

Arnar Kolbeinsson er 9 ára og 10 mánaða. Hann býr með báðum foreldrum sínum og tveimur yngri systkinum.

Baldur Ásgeirsson er 10 ára og 5 mánaða. Hann á ekkert systkini og býr með báðum foreldrum sínum.

Dóra Sigurjónsdóttir er 10 ára og á eina yngri systur. Hún býr með móður sinni og fósturföður og hittir pabba sinn og fósturmóður reglulega.

Erla Atladóttir er 9 ára og 11 mánaða. Hún býr með móður sinni en hittir pabba sinn, sem býr erlendis reglulega. Hún á ekki systkini.

Hanna Gunnarsdóttir er 10 ára og 5 mánaða. Hún býr til skiptis viku í senn hjá föður og móður ásamt fósturforeldrum sínum. Hún á þrjú eldri systkini og fjögur yngri.

Kolbrún Snorradóttir er 10 ára og 7 mánaða. Hún býr hjá móður sinni, fósturföður og þriggja ára bróður og eignast bráðum annað systkini. Hún hittir pabba sinn aðra hverja helgi ásamt fósturmömmu og eldri bróður.



Jóel Högnason er 9 ára og 10 mánaða. Hann býr með báðum foreldrum sínum og á einn eldri bróður.

Sigurður Friðriksson er 9 ára og 9 mánaða. Hann á fimm ára bróður og býr með báðum foreldrum sínum.

Sunna Björnsdóttir er 10 ára gömul. Hún býr til skiptis hjá mömmu sinni og pabba og á tvær eldri systur og einn yngri bróður.

## **Framkvæmd**

Undirbúningur að rannsókninni hófst í maí 2010. Leyfi til að gera rannsóknina var fengið hjá stjórnendum skólans og kennara bekkjarins í gegnum tölvupóst og símtöl. Tilkynning var send til Persónuverndar og skriflegt leyfi fengið frá foreldrum fyrir þátttöku barnanna þar sem tekið var fram að trúnaðar yrði gætt og hljóðskrár eytt eftir úrvinnslu. Gagnaöflun fór fram vikulega frá 20. september 2010 til loka október 2010.

## **Skriflegt verkefni**

Skriflegt verkefni (fylgiskjal 2) var lagt fyrir allan bekkinn í einu þar sem börnin voru beðin um að skrifa niður nokkur óskastörf, það er störf sem þau geta hugsað sér að starfa við þegar þau verða eldri, og einnig voru þau beðin að skrifa niður önnur störf sem þau þekkja. Þeim var bent á að fólk ynni oft fleiri en eitt starf um ævina og voru þess vegna beðin um að nefna fleiri en eitt starf. Þeim var einnig sagt að hugsa sig vel um í nokkrar mínútur áður en þau byrjuðu að skrifa og til að tryggja sjálfstæð vinnubrögð var mælt til þess að þau ræddu ekki við sessunauta sína á meðan. Verkefnið var unnið á 50-60 mínútum og ef tími gafst til máttu þau teikna mynd af sér í óskastarfinu aftan á blaðið. Í framhaldinu útskýrði ég fyrir þeim að ég myndi fá að ræða við nokkur þeirra einslega á næstu vikum þar sem við myndum meðal annars skoða það sem þau hefðu skrifað.

Tilgangur skriflega verkefnisins var tvíþættur, annars vegar að sjá hvaða störf börn á þessum aldri hafa mátað sig við og hvaða störf þau þekkja og hins vegar til að nota það sem útgangspunkt við upphaf viðtals með því að skoða hvað þau höfðu skrifað.

## **Teikningar**

Börnunum var bent á að ef þau hefðu tíma og langaði til mættu þau teikna sig í óskastarfinu aftan á blaðið. 17 barnanna annaðhvort teiknuðu mynd af sér eða höfðu byrjað að teikna mynd sem þau luku ekki við.

Tilgangur með teikningunum var að þær gætu skapað umræður í viðtölunum varðandi óskastörfin og einnig að veita börnunum tækifæri til að tjá sig á fleiri en einn veg.

## **Þátttökuathugun**

Einnar klukkustundar þátttökuathugun var gerð í kennslustofu nemendanna samhliða skriflega verkefninu þar sem öllu því sem fram fór var lýst á sem nákvæmastan hátt.

## **Viðtöl**

Í viðtölunum voru spurningar úr viðtalsramma rannsóknarinnar notaðar til hliðsjónar (fylgiskjal 3) sem innihélt opnar spurningar byggðar á kenningum og rannsóknum á starfsferilsþróun barna. Viðtölin, sem voru hljóðrituð í tölvu fóru fram innan veggja skólans og stóð hvert þeirra yfir í 20-45 mínútur. Þau voru síðan afrituð orðrétt eins fljótt og kostur gafst. Aðdragandi, hugleiðingar og athugasemdir voru yfirleitt skráðar jafnóðum. Skriflega verkefnið og þátttökuathugin tók um það bil 100 mínútur og viðtölin samtals 218 mínútur. Afrit og kóðaðar blaðsíður voru alls 179 talsins.

Frumkvæði og áhugi barnanna tuttugu réð því hvert þeirra kom í viðtal. Sum barnanna virtust ekki hafa áhuga á því að tala einslega við mig en önnur vildu það mjög gjarnan. Erfiðara var að fá strákana til viðtals en stelpurnar. Í upphafi viðtals spurði ég um aldur, systkini og fjölskyldu ásamt skólagöngu til að kynna viðmælandanum betur og til að skapa traust. Síðan var verkefnablaðið skoðað og umræður þróuðust út frá því.

## Úrvinnsla gagna

Störfunum sem öll börnin höfðu skrifað niður var skipt í óskastörf og önnur störf og flokkuð í fimm undirflokkka: *íþróttir*, *listtengd störf*, *iðntengd störf*, *störf sem krefjast háskólamenntunar* og *ýmis störf*.

Teikningar þeirra barna sem höfðu teiknað mynd aftan á blaðið voru skoðaðar með þeim og þau beðin að segja frá þeim í viðtölunum.

Við greiningu viðtalanna var notuð opin kóðun (e. *initial coding*) þar sem gögnin voru lesin yfir af nákvæmni orð fyrir orð með það fyrir augum að leita að ákveðnum þemum. Markviss kóðun (e. *focused coding*) var einnig notuð en sú tegund kóðunar byggist á því að gögnin séu lesin út frá ákveðnu þema eða kóðunarflokki (Charmaz, 2006; Bogdan og Biklen, 2007). Hér er um kerfisbundna nálgun að ræða sem einkennist af mjög skipulegri tækni við greiningu rannsóknargagna og sífelldum samanburði (e. *constant comparative method*) (Creswell, 2007; Bogdan og Biklen, 2007). Beinar tilvitnanir sem endurspeglu þau þemu sem komu fram í viðtölum við börnin voru valdar og settar fram í niðurstöðum.

## Siðferðilegir þættir

Þegar börn eru þátttakendur í rannsóknum þarf að hafa í huga að þau eru ólík fullorðnum og því mikilvægt að vanda þá leið sem farin er til að nálgast upplýsingar frá þeim. Samkvæmt Danby, Ewing og Thorpe (2011), er mikilvægt að undirbúa rannsóknir með börnum vandlega meðal annars með því að hitta börnin áður en viðtöl eru tekin eða verkefni lögð fyrir. Á þann hátt fá rannsakandinn og börnin tækifæri til að kynna hvort öðru svo þeim líði vel meðan á rannsókninni stendur. Með því að gera þátttökuathugun um leið og börnin skrifuðu niður störfin fékk ég tækifæri til að kynna þeim aðeins og sjá hvernig þau tókust á við verkefnið.

Mikilvægt er að börn taki sjálfviljug þátt í rannsóknum og viðtölum (Harwood, 2010; Jóhanna Einarsdóttir, 2008) en í þessari rannsókn vildu öll börnin taka þátt í skriflega verkefninu en ekki í viðtölunum. Það voru því aðeins þau börn sem langaði að ræða við mig eða treystu sér til þess sem það gerðu.

Ég hafði það hugfast allan tímann að láta ekki mínar skoðanir né hugmyndir hafa áhrif á börnin en samkvæmt Bogdan og Biklen (2007) er mikilvægt að forðast slíkt þar sem það getur haft áhrif á niðurstöður rannsóknarinnar.

### 3. Niðurstöður

Hér verður greint frá niðurstöðum rannsóknarinnar á hugmyndum tíu ára barna um nám og störf og hvaða störf það eru sem þau hafa nú þegar mátað sig við ásamt þeim áhrifaþáttum sem birtast í tengslum við val þeirra.

Niðurstöðunum er skipt niður í hluta eftir þeim aðalþemum sem komu fram í rannsókninni. *Störf nefnd* er fyrsta þemað sem er skoðað og því er skipt í *óskastörf* og *önnur störf* út frá þeim störfum sem öll börnin geta hugsað sér að starfa við þegar þau verða fullorðin og öðrum störfum sem þau þekkja.

*Þekking á námi og undirbúningur starfa* er annað þemað og er eingöngu kannað hjá tíu börnum út frá óskastörfunum og öðrum störfum. Þau eru flokkuð eftir því hvernig börnin sjá skólakerfið út frá eftirfarandi undirþemum:

- *Framhaldsskóli/menntaskóli*
- *Mikil þjálfun/æfa sig*
- *Engin formleg menntun*
- *Skóli nefndur eftir starfi*
- *Háskóli*
- *Veit ekki/ekki nefnt*
- *„Einhvern“ skóla*

Þá er þemað *hvað felst í störfunum?* skoðað. Síðan eru skoðaðir þeir áhrifaþættir sem koma fram í vali og þekkingu viðmælendanna á óskastörfunum sem þau nefna og flokkað í eftirfarandi þemu:

- *Áhugi*
- *Styrkleiki/hæfni*
- *Fyrirmyndir*
- *Aðrir áhrifaþættir.*

Loks er svar við spurningunni *hvernig tek ég ákvörðun?* skoðað, sem þáttur í að átta sig á sjálfsskilningi þátttakenda.

Fyrst verða niðurstöður allra barnanna á óskastörfum og öðrum störfum birtar síðan verður eingöngu fjallað um niðurstöður þeirra tíu barna sem tekin voru viðtöl við ásamt þeim þáttum sem réðu vali þeirra.

## **Störf nefnd**

### **Óskastörf allra barnanna**

Allir 20 þátttakendurnir gátu nefnt fleiri en eitt óskastarf sem þau segjast geta hugsað sér að gegna í framtíðinni. Börnin skrifuðu niður nokkur störf, allt frá tveimur upp í átta, sem þau sögðust vilja stunda þegar þau yrðu fullorðin. Störfin sem þau nefndu voru nokkuð fjölbreytt og eru hér flokkuð í fimm undirflokkar: *íþróttir*, *listtengd störf*, *iðntengd störf*, *störf sem krefjast háskólamenntunar og ýmis störf* (sjá töflu 1).

*Íþróttir.* Atvinnumaður/kona í íþróttum varð oftast fyrir valinu en strákar nefndu það í 12 af 14 skiptum. Íþróttahjálfi eða íþróttakennari var valið sex sinnum bæði af strákum og stelpum og einn valdi að verða fótboltaspekingur.


*Listtengd störf.* Fatahönnun varð fyrir valinu hjá sex stelpum og leikkona hjá fimm stelpum en enginn strákur valdi þessi störf. Listakona var nefnt tvisvar og söngkona þrisvar hjá stelpunum og söngvari einu sinni hjá strákunum. Myndlistarkennari, ljósmyndari, dansari og ballettkennari var hvert um sig nefnt einu sinni hjá stelpunum.

*Iðntengd störf.* Hárgreiðslukona var nefnt þrisvar hjá stelpum og smiður einu sinni af strák.

*Störf sem krefjast háskólamenntunar.* Arkitekt var nefnt tvisvar, lögfræðingur, læknir og dýralæknir einu sinni. Einn strákur vill verða verða stjórnufræðingur, geimvísindamaður og stjórnujarðvísindamaður, stjarneldisfræðingur og stjörnulíffræðingur.

Ýmis störf. Bóndi var valið af tveimur stelpum og einnig förðunarfræðingur. Flugmaður, bankastarfsmaður og lögga var hvert um sig valið einu sinni af strák. Tvær stelpur völdu að verða námsmen.

Eins og sjá má af mynd 1 hér að neðan eru störf tengd íþróttum vinsælustu störfin. Ef tekin væru saman atvinnumennska í íþróttum og önnur störf sem tengjast íþróttum væru þau alls nefnd í tuttugu skipti. Næstalgengasti flokkurinn er störf sem tengjast listum.



Mynd 1: Óskastörf, störf sem allir 20 þátttakendurnir nefndu.

<u>Íþróttir:</u>	<u>Iðntengd störf:</u>	<u>Störf sem krefjast háskólamenntunar:</u>	<u>Listtengd störf:</u>
Kappsiglingar	Smiður	Stjerneðlisfræðingur	Söngkona
Golfmaður	Hárgreiðslukona	Stjörnulíffræðingur	Ballettkennari
Fótboltaþjálfari	<b>Ýmis störf:</b>	Stjörnujarðvísindamaður	Listakona
Fótboltaspekingur	Lögga	Dýralæknir	Leikkona
Handboltamaður	Bankastarfsmaður	Læknir	Myndlistakennari
Íþróttakennari	Námsmaður	Arkitekt	Ljósmyndari
Atvinnumaður í fótbolta	Flugmaður	Lögfræðingur	Söngvari
Fimleikakennari	Förðunarfræðingur	Stjörnufræðingur	Dansari
Hlaupari	Bóndi	Geimvísindamaður	Fatahönnun
Handboltaþjálfari			Módel
Íþróttamaður			
Körfuboltakona			
Ólympíumeistari í sundi			

**Tafla 1:** Óskastörf allra þátttakenda.

### Önnur störf allra barnanna

Í töflu 2 hér á næstu síðu eru birt önnur störf sem allir þátttakendur til samans þekkja eða vita um. Þau eru flokkuð í sex flokka: *íþróttir*, *iðntengd störf*, *ýmis störf*, *störf sem krefjast háskólamenntunar*, *listtengd störf* og *einnig óvenjuleg störf*. Heiti starfanna eru birt eins og þau eru nefnd af börnunum.



<b><u>Íbróttir:</u></b>		<b><u>Störf sem krefjast háskólamenntunar:</u></b>	<b><u>Listtengd störf:</u></b>
Fimleika-kennari	Búðar- maður/kona	Viðskiptafræðingur	Leikkona
Fótboltakona	Skálavörður	Lögfræðingur	Myndlistakona
Fótboltamaður	Sjónþækja- fræðingur	Náttúruvísinda- maður	Skáld
Handboltakona	Förðunarfræð- ingur	Vísindamaður	Myndlista- maður
Handboltamaður	Búðarvinna	Dýralæknir	Höfundur
Jógakennari	Leiðsögumaður	Tannlæknir	Rithöfundur
Körfuboltakona	Fyrirtækjaeigandi	Hjartalæknir	Listakona
Körfubolta- maður	Flugstjóri	Fornleifafræðingur	Dansari
Sundkennari	Lögga	Jarðvísindamaður	Söngkona
	Sjómaður	Uppfinningamaður	Leikstjóri
<b><u>Iðntengd störf:</u></b>	Slökkviliðsmaður	Geimfari	Fatahönnuður
Málari	Ritstjóri	Læknir	Kvikmyndastjóri
Kokkur	Ruslamaður	Skurðlæknir	Ljósmyndari
Smiður	Ummönnun	Lögfræðingur	Vinna á auglýsingastofu
Saumakennari	Strætóbílstjóri	Arkitekt	Myndatöku- maður
Bakari	Kortateiknari	Verkfræðingur	
Múrari	Bankastjóri	Náms- og starfsráðgjafi	<b><u>Óvenjuleg störf/heiti:</u></b>
Pípari	Sundlaugarvörður	Leikskólakennari	Sambands- fræðingur
<b><u>Ýmis störf:</u></b>	Flugmaður	Kennari	Jurtafræðingur
Saumakona	Flugfreyja	Sálfræðingur	Gluggaþvotta- hreisir
Garðyrkjumaður	Póstur	Dómari	Sótari
Bankamaður	Meindýraeyðir	Námsmaður í háskóla	Forseti
Nuddari		Hjúkrunar- fræðingur	Bora eftir olú
Fótsnyrtir		Ljós móðir	

**Tafla 2:** Önnur störf sem öll börnin þekkja eða vita um.

## **Samantekt á störfum allra barnanna**

Ef dregnar eru saman niðurstöður hér að framan um óskastörf alls hópsins sem tók þátt í skriflega verkefninu eru störf sem tengjast íþróttum algengust ásamt þeim sem tengjast listsköpun. Fá börn velja hefðbundin störf sem óskastörf.

Önnur störf sem þau nefna eru mjög fjölbreytt og endurspeгла hefðbundin störf atvinnulífsins. Örfá störf flokkast undir *óvenjuleg störf eða heiti og iðntengd störf* eru ekki mörg miðað við þau störf sem nefnd eru sem krefjast *háskólamenntunar og ýmis önnur störf*, sem mörg hver eru þjónustustörf.

## **Tíu viðmælendur**

Sjö af tíu viðmælendum rannsóknarinnar þau Anna, Baldur, Dóra, Erla, Hanna, Kolbrún og Sunna segjast aðspurð ætla að fara í framhaldsskóla. Sigurður segist ekki vera búinn að taka ákvörðun um það og Arnar og Jóel segjast ef til vill ætla í framhaldsskóla.

## **Óskastörf tíu viðmælenda**

Í töflu 3 hér á eftir má sjá þau störf sem nefnd voru af þeim tíu þátttakendum sem tekin voru viðtöl við. Nokkur þeirra völdu aðeins tvö störf en önnur völdu fleiri. Starfið sem er skráð fyrst var það sem þau kusu helst að gegna. Sum völdu sama starfið eins og Kolbrún og Baldur sem segjast bæði meðal annars vilja verða söngvarar. Anna, Kolbrún og Sunna vilja allar verða fatahönnuðir og leikkonur og Erla og Dóra hafa líka hugsað sér að verða leikkonur. Hanna og Dóra ætla báðar að verða bændur og Sigurður og Jóel stefna báðir á fótboltaferilinn.

<i>Nöfn</i>	<i>Óskastörf</i>
<b>Anna</b>	Fatahönnuður
	Leikkona
<b>Arnar</b>	Keppa í siglingum
	Smiður
<b>Baldur</b>	Geimvísindamaður
	Stjörnufræðingur
	Stjörnujarðvísindamaður
	Stjarneðlisfræðingur
	Stjörnulíffræðingur
	Söngvari
<b>Dóra</b>	Bóni
	Söngkona
	Leikkona
<b>Erla</b>	Söngkona
	Leikkona
<b>Hanna</b>	Bóni
	Ólympíumeistari í sundi
	Hárgreiðslukona
<b>Jóel</b>	Fótboltamaður
	Fótboltaspekingur
	Bankastarfsmaður
<b>Kolbrún</b>	Leikkona/ Söngkona/ Dansari
	Ballettkennari
	Ljósmyndari
	Námsmaður
	Fatahönnuður
	Förðunarfræðingur
<b>Sigurður</b>	Atvinnumaður í fótbolta
	Arkitekt
<b>Sunna</b>	Fatahönnuður
	Hárgreiðslukona
	Leikkona

**Tafla 3:** Óskastörf tíu viðmælenda.

### **Pekking á námi og störfum**

Þeir tíu þátttakendur sem teknir voru í viðtöl voru spurðir að því hvort þeir vissu hvaða undirbúnings væri krafist til að geta gegnt óskastörfunum. Einnig voru þeir spurðir um undirbúning í sambandi við önnur störf sem þeir þekktu. Þeir voru auk þess beðnir að lýsa störfunum sem þeir nefndu og hvort þeir hefðu sjálfir í hyggju að fara í framhaldsskóla. Hér verða niðurstöður þátttakendanna birtar í stafrófsröð eftir því hvaða skóla eða undirbúning þeir nefndu (sjá töflur 4-13). Óskastörfin

eru nefnd fyrst síðan önnur störf út frá: *Skólakerfið eins og börnin sjá það*, sem er skipt niður í sjö eftirfarandi flokka: *Framhaldsskóli/menntaskóli, mikil þjálfun/æfa sig, engin formleg menntun, skóli nefndur eftir starfi; háskóli, veit ekki/ ekki, nefnt, „einhvern skóla“*. Þá verða tekin dæmi frá hverju barni.

## Anna

<i>Skólakerfið eins og börnin sjá það:</i>	<i>Framhalds- skóli/ mennta- skóli</i>	<i>Mikil þjálfun/ æfa sig</i>	<i>Engin formleg menntun</i>	<i>Skóli nefndur eftir starfi</i>	<i>Háskóli</i>	<i>Veit ekki/ ekki nefnt</i>	<i>“Einhvern skóla”</i>
<b>Óskastörf:</b>							
Fatahönnun	✓					✓	
Leikkona.				✓			
<b>Önnur störf:</b>							
Söngkona				✓			
Læknir	✓					✓	
Hjúkrunarfræðingur						✓	
Ljósmyndari				✓		✓	
Dansari		✓		✓			
Kvikmyndatökumaður/kona				✓		✓	
Lögfræðingur	✓					✓	
Sálfræðingur	✓					✓	
Kennari	✓					✓	
Viðskiptafræðingur	✓					✓	
Myndlistarmaður				✓			
Náms- og starfsráðgjafi	✓					✓	
Búðarkona			✓				
Tannlæknir	✓					✓	
Málari				✓	✓	✓	✓
Múrari						✓	

**Tafla 4:** Óskastörf/önnur störf, Anna.

Þú þarft að fara í nám í einhverjum listaháskóla eða eitthvað og þá lærir þú að verða fatahönnuður og þá setur þú upp alls konar svona sýningar eða þegar þú ert búin eða ert að klára námið setur þú upp svona sýningu með fötum sem þú ert búinn að hanna sjálfur og búinn að sauma og svona ... þá myndi ég vinna við það að hanna föt og búa til föt

svarar Anna spurð um hvað þurfi að gera til að geta unnið sem fatahönnuður

og hvað felist í starfinu.

„Ég held að maður þurfi að fara í menntaskóla áður en maður fer í listaháskóla“ segir Anna þegar hún er spurð að því hvort hægt sé að fara beint úr grunnskóla í háskóla. Anna býr einnig yfir töluverðri þekkingu á leiklistarnámi:

Dú ferð í svona leiklistarskóla, oftast ferðu í leiklistarskóla til útlanda af því að þeir eru stærri og flottari og skemmtilegri held ég eða svona bara flottari og getur lært meira og það tekur sinn tíma að komast inn í þannig skóla því að það eru rosa margir út um allan heim að sækja um þannig nám ... Ég held það sé ekki auðvelt hérna á Íslandi. Það komast eitthvað ákveðið margir inn ... Þú þarft að læra að verða leikari ég man ekki alveg í hvað mörg ár. Þú lærir að leika og alls konar og þá er það bara leikstjórinn sem lætur þig fá hlutverk og þá leikur þú það ... þú ræður ekkert hvað þú ert í vinnunni þegar þú ert svona leikari.

Anna sagði að það tæki 8-12 ár að verða læknir, „og hérna svo þarftu að oftast fara til Ameríku til að verða alvöru læknir eða verða alveg svona eitthvað eða til að fara í framhaldsnám,“ og um starf þeirra segir Anna: „Þeir vinna oftast á spítölum eða eitthvað við það að lækna fólk og svona ...“ og um starf hjúkrunarfræðings segir hún: „þeir hjálpa læknum ... þeir eru alltaf viðstaddir ef það er kannski skurðaðgerð eða eitthvað.“

Varðandi skólagöngu málara var Anna ekki alveg viss en sagði: „Ég held þú farir í einhvern málaraskóla eða verk nei ég veit það ekki, það er einhver svona háskóli eða skóli“.

Um starf múrara segir Anna: „... þá ertu að múra ... setja svona þú veist nýtt baðherbergi eða eitthvað ... þá þarf alltaf að múra ... ég myndi samt ekki vilja verða múrari ... mér finnst það ekki spennandi starf.“

## Arnar

<u>Skólakerfið eins og börnin sjá það:</u>	<u>Framhalds-skóli/ menntaskóli</u>	<u>Mikil Þjálf-un/æfa sig</u>	<u>Engin formleg menntun</u>	<u>Skóli nefndur eftir starfi</u>	<u>Háskóli</u>	<u>Veit ekki/ ekki nefnt</u>	<u>“Einhvern” skóla</u>
<u>Óskastörf:</u>							
Kappsiglingar		✓					
Smiður		✓				✓	
<u>Önnur störf:</u>							
Sjómaður						✓	
Læknir				✓			
Lögga						✓	
Slökkviliðsmaður				✓			
Strætóbílstjóri						✓	
Sundlaugarvörður						✓	
Fótbolta- maður		✓					
Handbolta- maður		✓					
Körfubolta -maður		✓					

Tafla 5: Óskastörf/önnur störf, Arnar.

„Sko maður þarf bara að vera góður í siglingum,“ segir Arnar þegar hann er spurður að því hvernig hægt sé að verða kappsiglingamaður. „Jú maður þarf kannski að gera eitthvað meir ... af því að sko fær maður nógu mikinn pening fyrir að keppa í siglingum?“ Arnar sagðist ef til vill geta hugsað sér að: „verða smiður eða bara ég veit það ekki alveg“. Hann var ekki alveg öruggur með svarið og sagðist ekki vera alveg viss hvort smiður þyrfti að fara í skóla „sko verður maður ekki að fara í einhvers konar skóla til að læra það?“.

„Örugglega í einhverjum slökkviliðsmannaskóla,“ svarar Arnar þegar hann er spurður að því hvar hægt sé að læra að verða slökkviliðsmaður. „Þær passa það að enginn brjóti lögin,“ segir hann um starf lögreglu og: „Hann slekkur eld í húsum og eitthvað fleira“ um starf slökkviliðsmanns. Um starf sjómanns sagði hann: „Ég held þeir þurfi að læra að sigla ... þeir fara út á sjó og veiða fisk svo selja þeir hann í einhverjar búðir og svo til fólksins.“

„Strætóbílstjóri þarf að hafa einhvers konar meirapróf til að geta keyrt svona öðruvísi bíla,“ segir Arnar, og rafvirki „hann kann að laga svona alls konar hluti eins og kannski sjónvarp“.

Arnar nefnir aldrei framhaldsskóla né háskóla sem undirbúning fyrir starf og aldrei „einhvern skóla“ eða enga formlega menntun varðandi þau störf sem hann nefnir. Langoftast nefnir hann ekkert nám eða segist ekki vita hvað þurfi að gera til að geta starfað við óskastörfin.

## **Baldur**

<b><u>Skólakerfið</u></b> <b><u>eins og börnin</u></b> <b><u>sjá það:</u></b>	<b><i>Fram-</i></b> <b><i>haldsskóli</i></b> <b><i>/mennta-</i></b> <b><i>skóli</i></b>	<b><i>Mikil</i></b> <b><i>þjálf-</i></b> <b><i>un/æfa</i></b> <b><i>sig</i></b>	<b><i>Engin</i></b> <b><i>formleg</i></b> <b><i>menntun</i></b>	<b><i>Skóli</i></b> <b><i>nefndur</i></b> <b><i>eftir</i></b> <b><i>starfi</i></b>	<b><i>Háskóli</i></b>	<b><i>Veit</i></b> <b><i>ekki/</i></b> <b><i>ekki</i></b> <b><i>nefnt</i></b>	<b><i>„Einhvern</i></b> <b><i>skóla”</i></b>
<b><u>Óskastörf:</u></b>							
Stjörnu- fræðingur	✓				✓		
Stjörnu- jarðvísinda- maður	✓				✓		
Geimvísinda- maður	✓				✓		
Stjarnæðlis- fræðingur	✓				✓		
Stjörnulíf- fræðingur	✓				✓		
Söngvari							✓
<b><u>Önnur störf:</u></b>							
Visindamaður	✓				✓		
Náttúruvís- indamaður	✓				✓		
Jarðvísind- amaður	✓				✓		
Fornleifa- fræðingur	✓				✓		

**Tafla 6:** Óskastörf/önnur störf, Baldur.

„Ég hugsa mér það ekki bara, ég vil verða þetta,“ leggur Baldur áherslu á þegar minnst er á stjarnvísindastörfin sem hann hefur hugsað sér að starfa við í framtíðinni. Um það sem þarf til að geta orðið stjörnufræðingur segir Baldur:

Maður hérna þarf að ganga í gegnum mikið stærðfræðinám og stjörnufræðinám. Maður þarf að vita mjög mikið um og ef maður ætlar að verða frægur stjörnufræðingur þarf maður að finna eina reikistjörnu eða stjörnur ... ég myndi vilja endilega fara í Harvard ... bara

af því að það er frægur og mjög góður skóli held ég. Þá þarf maður að fara í framhaldsskóla, síðan menntaskóla síðan getur maður farið í Harvard.

Varðandi þekkingu Baldurs á Harvard háskólanum sagði hann:

Það byrjaði þannig að hérna að afi minn á hérna lásafyrirtæki lítið og hérna ég fékk einhvern Harvard svona lyklakippu ... og ég spurði hann hvað það væri og það var víst einhver skóli með bara alls konar þannig að mér leist bara vel á það og ég vildi bara helst fara þangað.

Um stjörnujarðvísindin segir Baldur: „að gá hvernig kjarninn er“ og „stjörnujarðfræðin líka svona hvað hitinn inni í sólinni er og ef geimvísindin væru ekki til myndum við ekki vita neitt voðalega mikið um stjörnufræðina og stjarnedeðlisfræðingur reiknar út hvað þær eru stórar.“

## Dóra

<u>Skólakerfið</u> <u>eins og börnin</u> <u>sjá það:</u>	<i>Fram- haldsskóli</i> <i>/mennta</i> <i>skóli</i>	<i>Mikil</i> <i>þjálfun/</i> <i>æfa sig</i>	<i>Engin</i> <i>formleg</i> <i>menntun</i>	<i>Skóli</i> <i>nefndur</i> <i>eftir</i> <i>starfi</i>	<i>Háskóli</i>	<i>Veit</i> <i>ekki/</i> <i>ekki</i> <i>nefnt</i>	<i>„Ein- hvern</i> <i>skóla“</i>
<b><u>Óskastörf</u></b>							
Bóndi				✓	✓		
Söngkona		✓				✓	
Leikkona				✓			
<b><u>Önnur störf</u></b>							
Leikstjóri				✓			
Myndatöku- maður				✓			
Myndlistar- kona					✓		
Búðarvinna			✓				
Kennari					✓		
Læknir					✓		
Leiðsögu- maður						✓	
Smiður					✓		
Skáld						✓	

**Tafla 7:** Óskastörf/önnur störf, Dóra.

„Mig langar að verða bóndi og ég er alveg búin að ákveða það að verða bóndi þegar ég verð stór,“ staðfestir Dóra og segir um starf bóndans:



Maður eignast fullt af dýrum og þarf að finna sér góðan stað til að vera með öll þessi dýr og síðan þarf maður að hugsa um dýrin mjög vel og vakna svona klukkan sex á morgnana og fara að sofa svona klukkan eitt, tólf eða eitthvað og maður þarf að taka egg og mjólk en ég ætla aldrei að slátra dýrunum. Svo getur maður líka verið grænmetisbóndi en ég ætla að verða svona dýrabóndi.

Hún er viss um að það sé best að fara í skóla til að verða bóndi og segir: „Það er bóndaháskóli sem er einhvers staðar uppi í sveit.“



„Þetta er mynd af mér í lopapeysu í stígvélum af því að ég ætla að verða bóndi og það er líka hestur þarna og kind og hundur og köttur,“ sagði Dóra um myndina sem hún teiknaði.

„Sko maður er oft að syngja eins og nafnið segir og síðan getur maður stofnað hljómsveit og búa til plötu og þá bara verður maður söngkona og maður þarf að vera búinn að æfa sig að syngja mjög lengi,“ er sú leið sem Dóru finnst líklega að þurfi að fara til að geta orðið söngkona.

„Maður fer í leiklistarskóla, ég held það alla vega, og síðan útskrifast maður og þá verður maður leikkona og síðan bara þú veist einhverjir leikstjórar eða leikhússtjórar sem að taka mann og spyrja mann hvort maður vilji leika í einhverju og þá verður maður bara leikkona,“ segir Dóra þegar hún er spurð um hvernig hægt sé að verða leikkona.

Þegar Dóra er spurð um starf leiðsögumanns segir hún:

Hann fer til dæmis þegar útlendingar koma til Íslands og eru að skoða Ísland þá þarf að vera einhver leiðsögumaður eða þegar það er stór hópur þá er gott að það sé einhver leiðsögumaður sem segir þeim til dæmis hvað fjöllin heita og hvenær þau urðu til og svoleiðis.

Dóra sagðist hafa séð smíð að störfum og sagði: „Þeir smíða hús, smíða brúir, smíða vegg, smíða hlið, smíða bara fullt.“

### Erla

<i><u>Skólakerfið</u></i> <i><u>eins og börnin</u></i> <i><u>sjá það:</u></i>	<i>Fram-</i> <i>halds-</i> <i>skóli/</i> <i>mennta-</i> <i>skóli</i>	<i>Mikil</i> <i>Þjálf-</i> <i>un/æfa</i> <i>sig</i>	<i>Engin</i> <i>formleg</i> <i>menntun</i>	<i>Skóli</i> <i>nefndur</i> <i>eftir</i> <i>starfi</i>	<i>Háskóli</i>	<i>Veit</i> <i>ekki/</i> <i>ekki</i> <i>nefnt</i>	<i>“Ein-</i> <i>hvern</i> <i>skóla”</i>
<b>Óskastörf</b>							
Söngkona		✓					✓
Leikkona					✓		
<b>Önnur störf</b>							
Búðarkona			✓				
Starfsmaður í vídeóleigu			✓				
Kennari							✓
Jógakennari		✓					
Sauma- kennari							✓
Bankamaður							✓
Augnlæknir					✓		
Barnalæknir					✓		
Hjarta- læknir					✓		
Höfundur							✓
Smiður							✓
Fyrirtækja- eigandi							✓
Verkfræð- ingur							✓

**Tafla 8:** Óskastörf/önnur störf, Erla.

Erla telur ekki ólíkegt að það þurfi að fara í skóla til að verða söngkona en stingur upp á því að „maður byrjar til dæmis að fara upp á svið og reynir að hafa bara

einhverja pinkulitla tónleika og maður getur byrjað á því að gera bara svona útihátíð með vinum sínum“.

„Þá þarf maður að fara í einhvern leiklistarskóla,“ segir Erla þegar hún er spurð að því hvernig hægt sé að verða leikkona.

„Maður lánar eða gefur út peninga til að fá lán, svo hinir fái lán. Svo borgar maður og skiptir út peningum í pund og eitthvað þannig ... ég held maður þurfi ekki að fara í skóla en maður ætti að vera svolítið góður í stærðfræði,“ segir Erla um starf bankastarfsmanns. Um fyrirtækjaeiganda segir hún: „Hann kaupir hluti eða eitthvað svona ... og býr til hluti eða nammi eða eitthvað.“

## Hanna

<u>Skólakerfið</u> <u>eins og börnin</u> <u>sjá það:</u>	<i>Fram-</i> <i>halds-</i> <i>skóli/</i> <i>mennta-</i> <i>skóli</i>	<i>Mikil</i> <i>Þjálf-</i> <i>un</i> <i>/æfa</i> <i>sig</i>	<i>Engin</i> <i>formleg</i> <i>menntun</i>	<i>Skóli</i> <i>nefndur</i> <i>eftir</i> <i>starfi</i>	<i>Háskóli</i>	<i>Veit</i> <i>ekki/</i> <i>ekki</i> <i>nefnt</i>	„Einhvern skóla”
<b>Óskastörf</b>							
Bóndi				✓			
Ólympíu- meistari í sundi		✓					
Hárgreiðslu- kona		✓				✓	
<b>Önnur störf</b>							
Bankamaður				✓			
Flugfreyja							✓
		✓					✓
Flugmaður		✓				✓	
Bakari		✓				✓	
Kokkur		✓					
Búðarmaður		✓					
Fótsnyrtir							✓
Pósturinn		✓					
Ríthöfundur		✓					
Hand- og körfubolta- kona		✓					
Fótboltakona		✓					
Forseti							✓
Lögfræðingur	✓			✓			
Múrari						✓	
Arkitekt							✓
Kortateignari		✓					
Læknir				✓			
Dýralæknir/ fræðingur				✓			
Kennari				✓			
Háskólanemi		✓					
Bílstjóri		✓					
Ökukennari		✓					
Málari						✓	
Gluggaþvotta- hreinsir			✓				
Sundkennari		✓					

**Tafla 9:** Óskastörf/önnur störf, Hanna.

„Ég hef séð eiginlega allt en ég þekki ekki mjög mikið hvernig maður lærir þetta ...“ sagði Hanna þegar við töluðum um hvað hún hefði skrifað mörg störf á blaðið. Hanna nefndi mun fleiri önnur störf en aðrir þátttakendur en tími gafst ekki til að ræða um eftirfarandi störf út frá skólagöngu: Fatahönnuður, nuddari, saumakona smiður, pípari, garðyrkjumaður, jurtafræðingur, meindýraeyðir, fangelsisvörður, sótari, skálavörður, listakona, leikkona, sambandsfræðingur, sálfræðingur, dómari, hjúkka, ljósmóðir, smiður, sjóntækjafraeðingur, uppfinningamaður, tannlæknir, förðunarfræðingur, olíuborunarmaður.

Hanna ætlar bæði að verða bóndi og hárgreiðslukona og ætlar að sameina það með því að setja upp hárgreiðslustofu á sveitabænum og segir: „Ég get til dæmis verið bóndi og gæti verið með hárgreiðslustofu á bóndabýlinu og auglýst til dæmis fyrir fólkið í sveitinni eða bara svona skilti.“ Hún sér því ekki að það sé neinum vandkvæðum bundið að starfa við hvorutveggja. Þegar hún er beðin að segja frá því hvernig hægt sé að verða bóndi segir hún: „Fara í bændaskólann á Hvanneyri og á Hólum þeir eru nálægt.“ Og um starf bænda segir hún: „Bændur rækta til dæmis grænmeti og búskap og selja grænmeti og kjöt. Þeir eru í húsinu, það er bara hérna í sveitinni. Hestarnir eru bara rétt fyrir utan þannig að þeir (bændurnir) þurfa aldrei að keyra neitt.“

Þegar Hanna var spurð hvernig hægt væri að komast á Ólympíuleikana sagði hún: „Bara ef maður nær góðum tíma í sundinu þá getur maður farið á Ólympíuleikana ... vera svaka hraður og fá medalíur.“

Hanna lýsir starfi flugfreyju á þennan hátt: „Hún vinnur í flugvélum og labbar á milli með svona vagn ... og það er það sama og kannski þjónustukona.“ Og um starf múrara segir hún: „Þeir eru að laga til dæmis veggina og stéttirnar“ og „málarar mála til dæmis veggina heima fyrir okkur. Gluggaþvottahreinsir þarf að fara í svona lyftum upp háar blokkir til að þrifa glugga og jurtafræðingur þeir búa til jurtasmyrsl“.

## Jóel

<i>Skólakerfið eins og börnin sjá það:</i>	<i>Framhalds-skóli/ menntaskóli</i>	<i>Mikil Þjálf-un/æfa sig</i>	<i>Engin formleg menntun</i>	<i>Skóli nefndur eftir starfi</i>	<i>Háskóli</i>	<i>Veit ekki/ eða ekki nefnt</i>	<i>„Einhvern skóla“</i>
<b>Óskastörf</b>							
Fótbolta- maður		✓					
Fótbolta- spekingur		✓				✓	
Banka- starfs- maður		✓				✓	
<b>Önnur störf</b>							
Hjúkrun- arfræð- ingur							✓
Arkitekt						✓	
Pípari							✓
Smiður							✓
Kennari				✓			
Flugstjóri				✓			
Skurð- læknir	✓			✓			
Læknir							✓
Ljósmóðir							✓

**Tafla 10:** Óskastörf/önnur störf, Jóel.

Jóel ætlar að verða fótboltamaður og segir starfið felast í því að „maður spilar fótbolta“ og fær mikið kaup ef maður er atvinnumaður að hans sögn. Til að geta orðið fótboltamaður þarf að „æfa sig mikið í fótbolta“ að mati Jóels.

„Maður þarf að vita mikið um fótbolta“ til að geta orðið fótboltaspekingur segir Jóel en það er eitt af því sem hann langar að starfa við í framtíðinni. Og bankastarfsmaður „þarf að vera til dæmis góður í stærðfræði og þannig“.

„Þeir laga svona lagnir inni húsum ... fyrir vatn og eitthvað þannig,“ segir Jóel um starf pípara og um skurðlækna segir hann: „skera kannski fólk eða þeir fara í skurðaðgerðir“.

„Kannski ég þegar ég verð stór eða eitthvað“ sagði Jóel þegar hann var spurður hvern hann hefði teiknað. Hann sagði að fótboldatreyjan væri „spænska liðið Barcelona“, sem hann sagði vera uppáhaldsliðið sitt í Evrópudeildinni.



„Maður fer í einhvern flugstjóraskóla kannski“ segir Jóel um nám flugstjóra og telur það taka langan tíma, út af því að það er örugglega erfitt að læra á flugvél eða stýra flugvél“.

Um starf ljósmóður segir Jóel: „Hjálpa konum að fæða börnin eða þannig,“ og telur öruggt að það þurfi að fara í skóla til að verða ljósmóðir.

## Kolbrún

<u>Skólakerfið</u> <u>eins og</u> <u>börnin sjá</u> <u>það:</u>	<u>Framhalds-</u> <u>skóli/</u> <u>menntaskóli</u>	<u>Mikil</u> <u>Þjálf-</u> <u>un/</u> <u>æfa</u> <u>sig</u>	<u>Engin formleg</u> <u>menntun</u>	<u>Skóli</u> <u>nefnd-</u> <u>ur</u> <u>eftir</u> <u>starfi</u>	<u>Háskóli</u>	<u>Veit</u> <u>ekki/</u> <u>eða ekki</u> <u>nefnt</u>	<u>„Ein-</u> <u>hvern</u> <u>skóla”</u>
<b>Óskastörf</b>							
Leik/ söng- kona og dansari				✓			
Ballett- kennari		✓				✓	
Ljósmyndari		✓					✓
Námsmaður						✓	
Fatahönnun							✓
Förðunar- fræðingur						✓	
<b>Önnur störf</b>							
Kennari,					✓		
Lögga				✓			
Búðarkona			✓				
Hjúkka			✓			✓	
Læknir							✓
Flugfreyja						✓	
Vinna á auglýsinga- stofu.						✓	

**Tafla 11:** Óskastörf/önnur störf, Kolbrún.

Fyrsta starfið sem Kolbrún segist vilja gegna er að verða leikkona, söngkona og dansari samtímis. Hún er alveg viss um að það þurfi að fara í einhvern leiklistarskóla til að geta orðið leikkona og „ég held það sé ekkert það auðvelt að komast inn í það“. Hún veit ekki um neinn skóla sem hægt er að fara í til að verða ballettkennari en segir: „Kannski þegar ég er búin að æfa ballett svolítið lengi og þannig eitthvað,“ þá geti hún starfað við ballettkennslu.

„Ljósmyndari tekur svona margar auglýsingar og svo er bara þá fer hann í svona vinnslu, fer svona að vinna í myndunum,“ segir Kolbrún um starf ljósmyndara. „Löggur þær svona handtaka svo bara eitthvað,“ segir hún um starf lögreglu og þeir sem vinna við að auglýsa gera það „til að það verði svona vinsælt eða þannig að fólk komi í búð ... eiginlega verið að láta fólk kaupa eitthvað“.

„Það þarf að læra að vera læknir í skóla. Ég held maður þurfi ekkert að læra til að verða hjúkka eða ég veit ekki,“ segir Kolbrún um undirbúning fyrir lækna- og hjúkrunarstarfið.



## Sigurður

<u>Skólakerfið</u> <u>eins og börnin</u> <u>sjá það:</u>	<i>Framhalds-</i> <i>skóli/</i> <i>menntaskóli</i>	<i>Mikil</i> <i>Þjálf-</i> <i>un/æfa</i> <i>sig</i>	<i>Engin</i> <i>formleg</i> <i>menntun</i>	<i>Skóli</i> <i>nefndur</i> <i>eftir</i> <i>starfi</i>	<i>Háskóli</i>	<i>Veit</i> <i>ekki/</i> <i>eða ekki</i> <i>nefnt</i>	<i>„Ein-</i> <i>hvern</i> <i>skóla”</i>
<b>Óskastörf</b>							
Atvinnumaður í fótbolta		✓	✓				
Arkitekt							✓
<b>Önnur störf</b>							
Bankastjóri							✓
Búðarmaður			✓				
Ruslamaður			✓				
Ritstjóri							✓
Fornleifafræðingur							✓
Kennari	✓					✓	
Sjómaður							✓
Tölvufræðingur							✓
Geimfari							✓

**Tafla 12:** Óskastörf/önnur störf, Sigurður.

Sigurður hefur einnig hug á því að verða atvinnumaður í fótbolta og segir: „maður þarf bara að vera góður að þjálf sig“ og að hans mati er ekki nauðsynlegt að fara í skóla til að geta orðið það heldur „bara að fara á fótboltaæfingar“.

„Þeir búa til hús ... þeir teikna hús og eitthvað“ er lýsing Sigurðar á starfi arkitekts. Búðarmaður þarf „bara að athuga hvort hann geti fengið vinnu,“ segir Sigurður þegar hann er spurður hvort hann viti hvernig hægt sé að gerast búðarmaður og „ruslamaður tekur ruslið, segir hann.“ Um starf ruslamanns segir hann að það sé nóg að „bara athuga hvort það sé laust starf ef maður vill verða ruslamaður.“

„Fornleifafræðingur grefur eftir beinum“ segir Sigurður um starf fornleifafræðings og um starf ritstjóra: „kannski ræður hann bara yfir einhverju eins og JPV eða Vaka Helgafell eða eitthvað“.

## Sunna

<u>Skólakerfið</u> <u>eins og</u> <u>börnin sjá</u> <u>það:</u>	<u>Framhalds-</u> <u>skóli/</u> <u>menntaskóli</u>	<u>Mikil</u> <u>Þjálf-</u> <u>un/æfa</u> <u>sig</u>	<u>Engin</u> <u>formleg</u> <u>menntun</u>	<u>Skóli</u> <u>nefndur</u> <u>eftir</u> <u>starfi</u>	<u>Háskóli</u>	<u>Veit ekki/</u> <u>eða ekki</u> <u>nefnt</u>	<u>„Ein-</u> <u>hvern</u> <u>skóla”</u>
<b>Óskastörf</b>							
Fata- hönnuður						✓	
Hárgreiðslu- kona		✓					✓
Leikari				✓			
<b>Önnur störf</b>							
Búðarkona			✓				
Ummönnun			✓				
Kennari							✓
Kvikmynda- stjóri							✓

**Tafla 13:** Óskastörf/önnur störf, Sunna.

Sunna sem ætlar líka að verða fatahönnuður segist halda að fatahönnuður þurfi að fara í skóla „en ég er samt ekki alveg viss“. Hann „býr til föt og gerir það úr efnum og hann hefur svona æ svona hvað heitir það nú aftur sem maður setur fötin á? ... og þær máta þú veist hvort eitthvað sé æ það er svolítið erfitt að útskýra. Hann þarf fyrst að teikna upp fötin og þú veist finna rétta efnið áður en hann byrjar að sauma og svoleiðis“.

Um myndina sem hún teiknaði segir hún: „Þetta er bara ég þegar ég er orðin stór og inní fatahönnunarbúð og er að gera þarna boli.“



Hún hafði teiknað efnisbút með blómamynstri sem lá á borðinu ásamt skærum

og málbandi sem hún sagði að notað væri til mælinga þegar bolirnir sem hanga á gínunum voru saumaðir.

Sunnu langar líka til að verða hárgreiðslukona:

Já maður þarf að fara fyrst í skóla ... frænka mín er nefnilega hárgreiðslukona og ég hef heyrt hana segja að hún þurfi að fara í fjóra skóla eða fimm til að læra og svo er maður mjög lengi að komast inn á hárgreiðslustofu til að vera að vinna á.

„Leikarar þurfa að fara í skóla fyrst eða svona til dæmis leiklistarskóla ... og læra svolítið fyrst að þeir mega ekki vera að horfa á áhorfendur,“ segir Sunna þegar hún er spurð út í leiklistina.

Hvað snertir önnur störf sem Sunna nefndi var hún sú eina af viðmælendunum sem skrifaði í nokkrum tilfellum niður heiti vinnustaða í stað starfsheita en hún hafði heimsótt vinnustaði sem tengdust þeim störfum sem hún valdi.

## **Samantekt**

Þegar dregnar eru saman niðurstöður varðandi val á störfum og þekkingu á þeim undirbúningi sem krafist er kemur í ljós að flest óskastörfin sem viðmælendurnir völdu tengjast íþróttum og listum eins og sést í töflu 3. Eitt barn velur störf sem krefjast háskólamenntunar og nokkur velja ýmis störf eins og bankastarfsmaður, og iðntengd störf, eins og smiður og hárgreiðslukona. Ljósmyndari, arkitekt og förðunarfræðingur sem eru flokkuð hér sem hefðbundin störf eru einnig að einhverju leyti listtengd þar sem þau tengjast á margan hátt sköpun.

Börnin tiltóku nokkra mismunandi skóla í svörum sínum eins og menntaskóla, háskóla og skóla nefnda eftir störfum eins og „lögfræðiskóla“ og „slökkviliðsmannaskóli“ en algengt var að þau segðu að það þyrfti að fara í „einhvern skóla“ en gátu ekki skilgreint hann nánar. Í sumum tilfellum töldu börnin skólagöngu ekki nauðsynlega eða sögðust ekki vita hvort skólaganga væri nauðsynleg eða að mikil þjálfun væri nægilegur undirbúningur undir „örg störf. Háskóli var ekki oft nefndur sem leið til undirbúnings og kom aldrei fyrir hjá fjórum þátttakenda en var oftast nefndur hjá Önnu og Baldri sem einnig nefndu menntaskóla oftast.

Anna og Baldur gátu nefnt þá skóla sem nauðsynlegt er að fara í til að geta stundað óskastörf sín. Arnar gat ekki tilgreint þann skóla sem nauðsynlegt er að fara í til að geta orðið smiður en lagði áherslu á að það þyrfti að æfa sig vel bæði fyrir smíðastarfið og til að geta keppt í siglingum. Dóra gat nefnt þá skóla sem þarf að fara í fyrir tvö af þremur óskastarfanna. Erlu fannst nægja að æfa sig til að geta orðið söngkona en nefndi leiklistarskóla til að geta orðið leikkona. Hanna nefnir einn skóla þegar hún er spurð um undirbúning þriggja óskastarfa, Jól engan og Kolbrún nefnir þrisvar sinnum skóla í sambandi við þau sex störf sem hún vill stunda. Sunna nefnir skóla eftir starfi og „einhvern skóla“ fyrir tvö af þremur störfum en Sigurður nefnir engan skóla.

Sum barnanna skrifuðu niður mjög mörg störf á þeim 50-60 mínútum sem þau höfðu til umráða og teiknuðu mynd af sér en önnur nefndu einungis nokkur störf. Þó svo að Hanna hafi skrifað niður fleiri störf en flestir aðrir vissi hún ekki alltaf hvort eða hvaða skóla fólk þyrfti að fara í til undirbúnings. Baldur nefndi alltaf menntaskóla og háskóla í sambandi við þau störf sem hann hafði tiltekið en störfin sem hann nefndi eru öll tengd.

Búðarmaður/kona var eitt þeirra starfa sem flestir voru á einu máli um að skólagöngu væri ekki krafist fyrir en sögðu að það væri ágætt að kunna að reikna í því starfi sem og í bankastarfinu. Þeir sem nefndu læknastarfið voru á einu máli um að það þyrfti að fara í háskóla eða læknaskóla og að það tæki langan tíma að afla sér slíkrar menntunnar. Einnig var frekar algengt að þátttakendur segðust ekki vita hvort fara þyrfti í skóla eða sögðust halda að það þyrfti líklega að fara í „einhvern skóla“ en tiltóku ekki hvaða skóla. Sumir nefndu menntaskóla sem undanfara háskóla en enginn notaði hugtakið framhaldsskóli. Hugtakið iðn eða iðnskóli/tækniskóli var aldrei nefnt í viðtölunum. Þó svo að þó nokkur störf innan iðngreina hafi verið nefnd sem önnur störf töldu þátttakendur þjálfun vera forsendu þess að geta sinnt þeim störfum eða að líklega þyrfti að fara í „einhvern“ skóla.

Börnunum gekk nokkuð vel að lýsa störfunum sem þau höfðu skrifað niður og gátu oftast tengt þau við einhverja sem þau þekktu eða höfðu séð að störfum. Þau nefndu einnig að þekking þeirra á störfum kæmi úr bókum og sjónvarpi eins og „sótari“ sem flokkast ekki undir dæmigert starf hér á landi. Aðspurð sögðust þau ekki hafa lært neitt um störf í skólanum nema ein stelpa sem mundi eftir að hafa lært um störf til sveita í gamla daga og önnur sagðist ekki hafa lært um störf í

skólanum en að hún hefði lesið um störf persóna í skáldsögum: „og svo veit ég bara mest um störf af því að þú veist bara hjá fjölskyldunni og vinum“.


Ein stúlka nefndi starf sem hún sagðist ekki vita neitt um: „verkfræðingur, ég man ekki alveg hvað það er“ og þekkti í raun aðeins hugtakið.

Sjö af tíu þátttakendum sögðust vera ákveðnir í að fara í framhaldsskóla þegar þeir yrðu eldri og margir tiltóku einn ákveðinn skóla en tveir strákar sögðust ekki vera vissir og einn hafði ekki hugleitt það. Í mörgum tilfellum völdu þau skóla sem eldri frændur eða frændur höfðu verið í eða foreldrar þeirra. Baldur nefndi tvo skóla sem væru bestir af því að pabbi hans segði það og er ákveðinn í að velja annan þeirra.

Allir þátttakendurnir gátu nefnt störf foreldra sinna og mörg nefndu einnig störf afa og ömmu eða annarra skyldmenna og höfðu í nokkrum tilfellum komið á vinnustaði þeirra.

## Áhrifaþættir

Eitt af því sem lögð var áhersla á að komast að í rannsókninni var hvað það væri sem réði starfsvali barnanna á störfum. Sú spurning kom yfirleitt í kjölfar þess að skoða verkefnablaðið þar sem þau höfðu skrifað niður störf. Í töflu 14a og b hér að aftan má sjá hvað réð vali barnanna á tilteknum störfum. Vegna stærðar töflunnar er henni skipt í tvo hluta og svör barnanna flokkuð á eftirfarandi hátt: *Áhugi/finnst gaman, styrkleiki/hæfni, aðrir áhrifaþættir/reynsla* og *fyrirmyndir* eins og sýnt er á mynd 2 hér að neðan:



**Mynd 2:** Áhrifaþættir varðandi starfsval.

<i>Óskastörf:</i>	<i>Áhugi/finnst gaman</i>	<i>Styrkleiki/hæfni</i>	<i>Aðrir áhrifaþættir/reynsla</i>	<i>Fyrirmyndir</i>
<b><u>Anna</u></b>				
<i>Fatahönnuður</i>	✓		Teiknar föt á dúkkulísur í „Top Model“ bókum	Fór á tískusýningu hjá vinkonu mömmu
<i>Leikkona</i>	✓	✓	Leik- og sönglistarnámskeið og farið í leikprufu	Pabbi í leikriti
<b><u>Dóra</u></b>				
<i>Bóndi</i>	✓		Pabbi á hesta	
<i>Söngkona</i>	✓			
<i>Leikkona</i>	✓		Hefur farið í leikprufur	Þekkir leikkonur/leikstjóra
<b><u>Erla</u></b>				
<i>Söngkona</i>	✓		Hefur sungið í kór	
<i>Leikkona</i>	✓	✓	Er óhrædd við að standa á sviði	
<b><u>Hanna</u></b>				
<i>Bóndi</i>	✓		Fer oft í sveitina, hestanámskeið	Frænka bóndi
<i>Hárgreiðslukona</i>	✓			
<i>Ólympíumeistari í sundi</i>	✓	✓	Æfir sund	„Ragnheiður Ragnarsdóttir er best“
<b><u>Kolbrún</u></b>				
<i>Leikkona, Söngkona, Dansari</i>	✓		Hefur farið á söng- og leiklistar-námskeið, er í kór	Vinkona mömmu er leikkona
<i>Ballettkennari</i>	✓	✓	Hefur æft ballett í sjö ár	
<i>Ljósmyndari</i>			Hefur oft farið með pabba í vinnuna	Pabbi, afi og frænka eru ljósmyndarar
<b><u>Námsmaður</u></b>				
<i>Fatahönnuður og förðunarfræðingur</i>			Teiknar oft föt í „Top Model“ bækur	Frænka og fósturmamma eru fatahönnuðir

**Tafla 14a:** Áhrifaþættir varðandi starfsval stelpna.

<i>Óskastörf:</i>	<i>Áhugi/finnst gaman</i>	<i>Styrkleiki/hæfni</i>	<i>Aðrir áhrifaþættir/reynsla</i>	<i>Fyrirmyndir</i>
<b><u>Arnar</u></b>				
<b>Keppa í siglingum</b>	✓		Siglinganámskeið	Pabbi sjálfboðaliði í siglingaklúbbi
<b>Smíður</b>	✓		Smíðar ein uppáhalds-námsgreinin	Pabbi og afi eru smíðir
<b><u>Baldur</u></b>				
<b>Stjörnufræðingur</b>	✓		Fór á stjörnufræðinámskeið	Sjónvarpsþættir og netið
<b>Stjörnujarðvísindamaður</b>	✓		Fór á námskeið	Sjónvarpsþættir og netið
<b>Geimvísindamaður</b>	✓		Fór á námskeið	Sjónvarpsþættir og netið
<b>Stjarnedlisfræðingur</b>	✓		Fór á námskeið	Sjónvarpsþættir og netið
<b>Stjörnulíffræðingur</b>	✓		Fór á námskeið	Sjónvarpsþættir og netið
<b>Söngvari</b>	✓			
<b><u>Jóel</u></b>				
<b>Fótboltamaður</b>	✓	✓	Æfir fótbolta	Barcelona liðið í uppáhaldi
<b>Fótboltaspekingur</b>	✓			Horfir á fótbolta í sjónvarpi
<b>Bankastarfsmaður</b>	✓			Frænka vinnur í banka
<b><u>Sigurður</u></b>				
<b>Atvinnumaður í fótbolta</b>	✓		Æfir fótbolta	Horfir stundum á fótbolta í sjónvarpinu. Þekkir atvinnumann í fótbolta
<b>Arkitekt</b>	✓			Pabbi vinar er arkitekt

**Tafla 14b:** Áhrifaþættir varðandi starfsval stráka.

### Áhugi, finnst gaman

Flest segja ástæðuna fyrir vali sínu vera áhuga eins og kemur fram í töflu 14a og b hér að framan. Í öllum tilfellum áttu þau auðvelt með að svara spurningunni um hvers vegna þau veldu þessi tilteknu störf.

Hanna vill verða bóndi og segir ástæðuna vera: „... ég er mjög hrifin af dýrum og mér finnst gaman að hugsa um þau ... ég hef alveg viljað vera bóndi alveg síðan ég var lítil“.

Aðspurð segir Anna: „mér finnst svo gaman að teikna föt og hanna föt á einhverjar svona dúkkulísur“ en hún vill verða fatahönnuður og leikkona: „... leikkona já mér finnst leikkona ... rosalega spennandi, ... af því að mér finnst gaman að leika og mér finnst gaman að svona að vera eitthvað svona listrænt...“. Hún segist eiga bók sem heitir „Top Model“ og í hana sé hægt að teikna föt á útlínur persóna, sem hún segir vera algjört æði hjá stelpum. Sama á við um Kolbrúnu sem teiknar einnig mikið af fötum í sams konar bækur.

Baldur nefnir val sitt í fyrsta sæti: „Stjörnufræðin, mér finnst mjög áhugavert að rannsaka yfirborð stjarnanna og mér finnst gaman að hérna á næturnar að skoða þær ... og ég var bara allt í einu kominn með mjög mikinn áhuga á stjörnufræði ...“

Í töflu 15 hér að neðan er yfirlit yfir þær námsgreinar og tómsundir sem börnin segjast hafa áhuga á.

	Hef áhuga á, finnst skemmtilegt í: Námsgrein - tómsundur:
<b>Anna</b>	<b>Textílmennnt, smíði, heimilisfræði, lífsleikni, dansi</b>
<b>Arnar</b>	<b>Smíði, fótbolta</b>
<b>Baldur</b>	<b>Tölvum, bílum</b>
<b>Dóra</b>	<b>Textílmennnt, myndmennnt, dansi, stærðfræði, dýrum, söng, leiklist, kvikmyndagerð, myndlist, sundi</b>
<b>Erla</b>	<b>Textílmennnt, leiklist, söng</b>
<b>Hanna</b>	<b>Söng</b>
<b>Jóel</b>	<b>Íþróttum, fótbolta</b>
<b>Kolbrún</b>	<b>Skrift, íslensku,</b>
<b>Sigurður</b>	<b>Fótbolta</b>
<b>Sunna</b>	<b>Stærðfræði, náttúrufræði, dansi, leiklist, fimleikum</b>

**Tafla 15:** Tómsundir og námsgreinar sem börnin hafa áhuga á.

### **Styrkleiki – hæfni**

Trú barnanna á eigin getu eða meðvitaðir styrkleikar þeirra er eitt þeirra atriða sem lögð var áhersla á að skoða í rannsókninni í tengslum við þau störf sem þau



nefndu. Þau voru beðin um að nefna eitthvað sem þeim fyndist þau vera góð í í skólanum og einnig eitthvað annað sem þeim fyndist þau góð í eins og tómsundur. Nokkrir þátttakendur nefndu styrkleika eða hæfileika sem ástæðu vals á starfi eða sem tengdist því starfi sem þau nefndu. Öll gátu auðveldlega nefnt eigin styrkleika í sambandi við námsgreinar og tómsundur sem þau töldu sig vera góð í og áttu yfirleitt auðvelt með að tjá sig um það. Aðeins tveir þátttakendur sögðust eiga erfitt með að svara þessu: „Sko þarna ég veit ekki alveg hvað ég er svona. Ég er ekki sérlega góður í að dæma sjálfan mig svona,“ sagði Arnar og Erla sagði: „Ég veit ekki alveg ég held ég sé góð í einhverju en ég er ekki búin að hugsa það“ .

Þau gátu öll nefnt fleiri en eina námsgrein sem þeim finnst þau vera góð í, ekki bara þá sem þeim finnst skemmtileg. Þau nefndu landafræði, tónmennt og textílmennt, leiklist og líka íslensku og fleiri námsgreinar: „Mér finnst ég vera góð að skrifa og mér finnst ég vera góð í íslensku,“ eru orð Önnu og Kolbrúnar þegar þær eru spurðar að því í hverju þær telji sig vera góðar í skólanum. „Ég held ég sé best í landafræði ... og mér finnst stærðfræði stundum alveg ágæt,“ voru orð Sunnu og Dóra er á sama máli og segir: „Ég er svolítið góð í stærðfræði.“

Þegar Hanna nefndi í hvaða áhugamálum hún væri góð var hún snögg að segja: „sundi ... rosa góð í sundi,“ en í hennar tilfelli tengist sundið bæði tómsundum og því sem hana langar að gera í framtíðinni. Eins er það hjá Jól sem ætlar að verða fótboltamaður og telur sig vera góðan í fótbolta.

Í töflu 16 hér að neðan má sjá yfirlit yfir þær námsgreinar og þær tómstundir sem börnin sögðust vera góð í .

	Er góð/góður í, Námsgrein – tómstund:
<b>Anna</b>	<b>Myndmennt, tónmennt, leiklist, söng, skrift, íslensku, dansi</b>
<b>Arnar</b>	<b>Stærðfræði</b>
<b>Baldur</b>	<b>Landafræði, stafsetningu, lestri, ritgerðum, skylmingum, básúnu</b>
<b>Dóra</b>	<b>Stærðfræði, skrift, stafsetningu, lestri, píanói</b>
<b>Erla</b>	<b>Landafræði, textíl,</b>
<b>Hanna</b>	<b>Landafræði, textílmennt, sundi</b>
<b>Jóel</b>	<b>Stærðfræði, lestri, íþróttum</b>
<b>Kolbrún</b>	<b>Skrift, íslensku</b>
<b>Sigurður</b>	<b>Stærðfræði, smíði, fótbolta</b>
<b>Sunna</b>	<b>Landafræði, fimleikum</b>

**Tafla 16:** Þær námgreinar og tómstundir sem börnin segjast vera góð í.

## Fyrirmyndir

Í rannsókninni var lögð áhersla á að kanna hvort og hvaða fyrirmyndir hefðu áhrif á ákvarðanatöku um störf beint eða óbeint.

Aðeins einn þátttakandi, Arnar, velur sama starf og foreldri og afi starfa við (smiður) og hann velur einnig annað starf sem tengist áhugamáli föður hans (siglingar).

Í þó nokkrum tilvikum eru fyrirmyndir nefndar þegar börnin eru spurð hvort þau þekki einhvern í tilteknu starfi. Anna hefur til dæmis kynnst leikhúslífi í gegnum pabba sinn sem hefur leikið í leikriti en starfar ekki sem leikari að staðaldri. Pabbi Baldurs aðstoðar hann við stjörnuskoðun með því að gefa honum stjörnuvísi í jólagjöf. Margir segjast eiga frændfólk og foreldra sem hafi lært þetta og hitt og eru í þessum og hinum skólanum eins og: „frænka mín er að læra íþróttasálfræði í útlöndum“ eða: „, Pabbi fór í arkitektaskóla í Danmörku.“ Þau sem eiga eldri frænkur eða frændur í framhaldsskóla eru með skýrari áform um að fara í framhaldsskóla en hin sem nefndu ekki neinn sem þau þekktu.

Einnig er algengt að þau nefni að þau hafi séð fólk að störfum eins og iðnaðarmenn sem hafa verið að vinna heima hjá þeim sjálfum og meindýraeyði sem kom til að loka fyrir aðgang rottu inn í garð einnar stelpunnar.

Nokkur börn sögðu frá því að foreldrar hefðu lýst skoðun sinni á því hvað þau ættu að taka sér fyrir hendur þegar þau yrðu fullorðin. „Mamma og pabbi þau hérna ... ég sagði þeim að ég myndi vilja verða stjörnufræðingur síðan einhver söngvari. Viltu ekki frekar verða stjörnufræðingur og eitthvað, þau voru nefnilega mjög ánægð með það að ég yrði stjörnufræðingur,“ sagði Baldur.

Anna sagði í þessu sambandi: „Já eins og mamma mín segir stundum við mig og svo eru oft frænkur mínar sem segja við mig af því að ég er svo ófeimin og bara svo fyndin og skemmtileg segja þær að ég ætti að verða leikkona.“

„Nei kannski bara eitthvað svona í gríni ef ég geri eittvað vel þú ættir að verða svona,“ sagði Hanna aðspurð. „Já amma segir að ég eigi að verða lækni“ segir Dóra en segist jafnframt ekki hafa áhuga á því.

### **Aðrir áhrifaþættir**

Ákveðið var að skoða hvort börnin nefndu einhverja aðra þætti sem gætu haft áhrif á starfsval þeirra. Þátttakendur nefndu stundum fyrri reynslu sem tengdist þeim störfum sem þau höfðu valið en þau höfðu séð fólk að störfum. Mörg þeirra höfðu farið á ýmis námskeið sem tengdust störfunum og einnig æft íþróttir, dans og fleira. Sum höfðu eigin reynslu af starfinu með því að hafa tekið þátt í því með einum eða öðrum hætti.

Áhrifaþættir eins og hvort starfið gæfi af sér há eða lág laun birtist nokkrum sinnum í svörum: „... af því að sko fær maður nógu mikinn pening fyrir að keppa í siglingum“ ? velti Arnar fyrir sér þegar hann sá sig í óskastarfi sínu í framtíðinni og Jóel sagði að aðvinnumenn í fótbolta fengju há laun.

Amma segir oft við mig þú færð nú ekki mikla peninga út úr því að verða stjörnufræðingur, en ég sagði að stjörnufræðingar fengju alveg jafn mikil laun og pabbi minn og ég hef nú engan áhuga á því að verða ríkur! ... og ég sagði henni frá því að hafa engar áhyggjur því að þetta væri bara skemmtilegt og að maður fær nú bara mjög ríkuleg laun sko og hérna að vísindamenn fá engin laun og ég verð að stefna að því að verða geimvísindamaður og amma varð alveg mát sko

sagði Baldur um áhyggjur ömmu sinnar.

Þætti eins og virðingu starfa, erfið störf og metnað mátti stundum sjá í vangaveltum barnanna um þau störf sem þau nefndu. Metnaður og erfið störf voru meira áberandi hjá strákunum en stelpunum varðandi starfsval: „Maður fer í einhvern flugstjóraskóla kannski,“ segir Jóel og telur að það muni örugglega taka langan tíma „út af því að það er örugglega erfitt að læra á flugvél eða stýra flugvél og „maður þarf að vita mikið um fótbolta til að geta orðið fótboltaspekingur“. „Maður þarf að vera góður í siglingum,“ segir Arnar sem ætlar að verða kappsiglingamaður og Baldur segir: „Maður þarf að vita mjög mikið til að verða frægur stjörnufræðingur.“ Hanna sagði að til að hægt væri að ná langt í sundi yrði maður að „vera svaka hraður og fá medalíur og ná góðum tíma“ og Sigurður sagði mikilvægt að „vera góður í að þjálfra sig“ til að geta orðið atvinnumaður í fótbolta.

Varðandi virðingu á störfum kemur fram að þau sem nefna læknavarfið eru á einu máli um að það taki mjög langan tíma að læra að verða læknir og sum nefna framhaldsnám í útlöndum og ýmsar sérgreinar innan læknisfræðinnar. Kennarastarfið er einnig starf sem flest segja að krefjist ákveðinnar menntunar. Sigurður telur ekki nauðsyn á því að afla sér menntunar til að verða ruslamaður „bara athuga hvort það sé laust starf“. Og um gluggaþvottastarfið segir Hanna: „Það er bara svona starf sem maður þarf ekkert mikið að læra“. Þau sem nefna búðarstarfið eru sammála um að það sé nóg að „athuga hvort hægt sé að fá vinnu“.

Í rannsókninni kom það fyrir í eitt skipti að barn vanmat háskólanám þegar það sagðist ekki vita hvort skólaganga væri nauðsynleg til að geta orðið hjúkrunarfræðingur eða leikskólakennari.

## **Ákvarðanir teknar**

Til að átta sig á sjálfsskilningi þátttakenda voru þeir spurðir að því hvernig þeim gengi almennt að taka ákvarðanir. Mörg þeirra sögðust oft eiga í erfiðleikum með að taka ákvarðanir sérstaklega, þegar þau þyrftu að velja á milli tveggja skemmtilegra hluta eða atriða: „Ég held ekki vel,“ segir Sigurður og „kannski mamma og pabbi eða eitthvað, ... kannski ef bæði er rosalega gott“ þá finnst Sigurði erfitt að velja að eigin sögn og þarf á aðstoð foreldra sinna að halda.

„Já stundum er það svolítið erfitt ... ég bara tek svona ég bara tek kannski ákvarðanirnar sem bara ég myndi helst vilja það er bara stundum erfitt að velja á milli,“ segir Arnar og segist stundum þurfa aðstoð við það. „Já ég spyr stundum pabba og mömmu en þau segja að ég eigi að finna það sjálfur“ segir Baldur í sambandi við ákvarðanatökur. Hanna virðist gera sér mjög vel grein fyrir því hversu illa henni gengur að taka ákvarðanir sem hún lýsir með þessum orðum: „Ég er mjög ég get það ekki ég er ótrúlega það er erfitt fyrir mig ... ég er svo valkvíðin.“ Erla er á sama máli: „Ekki vel ... ég veit ekki alveg, stundum veit ég ekki hvað er rétt og hvað er rangt.“

Aðeins einn þátttakandi sagðist ekki eiga í neinum erfiðleikum með það og vissi alveg hvernig hann ætti að takast á við ákvarðanatöku: „Ég hugsa mig bara um og vel það sem ég held að mér finnst skemmtilegra og sé betri í og svona,“ sagði Anna.

## **Samantekt á niðurstöðum**

Þegar dregnar eru saman helstu niðurstöður um hvað réði starfsvali barnanna kemur í ljós að áhugi er þar mest ráðandi og allir þátttakendurnir geta nefnt ástæðu þess að þau völdu ákveðin störf.

Þau eiga einnig auðvelt með að nefna í hverju þau eru góð í skólanum og í tómstundum en það virðast ekki vera sterk tengsl hjá þeim milli meðvitaðra styrkleika í skólanum og óskastarfanna nema hjá þeim fjórum sem velja íþróttir og listtengd störf. Þau sem segjast til að mynda vera góð í íslensku og landafræði velja ekki störf sem tengjast þeim greinum.

Fyrri reynsla og núverandi reynsla af námskeiðum af ýmsu tagi og mörgu sem þau fást við í frítímum tengist oft þeim störfum sem þau velja svo og tengsl við fólk sem þau þekkja. Þættir í sjónvarpi sem tengjast störfunum koma við sögu og fyrirmyndir opinberra persóna svo sem íþróttafólks.

Störf foreldra eru ekki valin sem óskastörf nema hjá einu barni af tíu. Sum nefna að þau ræði stundum við foreldra um störf og lesi um störf í bókum en minnst þess ekki að hafa fengið slíka fræðslu í skólanum. Foreldrar og aðrir ættingjar hafa í nokkrum tilfellum nefnt við börnin að þau ættu að velja sér ákveðið starf út frá styrkleikum sínum og hæfileikum. Í nokkrum tilfellum tengist það því starfi sem þau hafa valið en í öðrum tilfellum finnst þeim ekki koma til greina að velja það sem stungið er upp á af öðrum.

Þau nefna mörg þörf á aðstoð við að taka erfiðar ákvarðanir og segjast leita til foreldra til að fá aðstoð í þeim efnum. Einstaka þátttakendur velja störf út frá virðingu eða launum og nokkur þeirra eru meðvituð um tengsl launa við tiltekin störf.

## 4. Umræður

Markmið með þessari rannsókn var að kanna hvort tíu ára börn væru farin að máta sig við störf og hvað þau vissu um störf. Einnig var skoðað hvaða ástæða lægi að baki vali þeirra á störfum og hvort þau tengdu skólagöngu sína við störfin. Þau voru spurð hvort þau vissu í hvaða skóla þau þyrftu að fara til að geta stundað óskastörfin og í sambandi við önnur störf sem þau tiltóku. Áhrifaþættir varðandi þekkingu þeirra á námi og starfi voru einnig skoðaðir ásamt því hvort þau gerðu sér grein fyrir því hvernig þau tækju ákvarðanir.

Niðurstöður rannsóknarinnar sýna að börnin sem nú eru um það bil hálfnuð í grunnskólanámi og hafa ekki notið formlegrar kennslu í náms- og starfsfræðslu geta öll nefnt störf sem þau segjast vilja starfa við í framtíðinni. Þau segja áhuga ráða hvað mestu um val á störfum og í sumum tilfellum hæfileika sem tengjast einnig áhugamálum þeirra. Börnin geta öll nefnt eitthvað sem þau eru góð í bæði í skólanum og í tómstundum en velja ekki endilega störf sem endurspegla styrkleika þeirra eða hæfileika í hefðbundnum námsgreinum heldur frekar í námsgreinum sem tengjast áhugamálum þeirra. Aðeins eitt barn af tíu ætlar að feta í fótspor foreldra sinna hvað starfsval varðar. Önnur störf sem börnin nefna eru mjög fjölbreytt og ná yfir flest sýnileg störf úr atvinnulífinu sem þau virðast hafa nokkurn skilning á. Oftast telja börnin skólagöngu nauðsynlegan undirbúning fyrir störfin en mörg barnanna hafa frekar óljósa mynd af skólakerfinu og þekking þeirra á því er mjög einstaklingsbundin. Meirihluti þeirra segist ætla að fara í framhaldsskóla en tengir það ekki endilega við óskastarfið og virðist ekki sjá tengsl milli skólagöngu sinnar og starfanna sem valin voru. Þau virðast að einhverju leyti gera sér grein fyrir virðingu starfa og mismun launa og að sum störf krefjast langrar skólagöngu en önnur ekki en það virðist ekki hafa afgerandi áhrif á starfsval þeirra.

## Störf nefnd

### Óskastörf og önnur störf

Eins og niðurstöður rannsóknarinnar sýna hafa öll börnin nú þegar mátað sig við framtíðarstörf og eru niðurstöðurnar sambærilegar niðurstöðum annarra rannsókna (sjá t.d. Auger, Blackhurst og Wahl, 2005; Schultheiss, Palma og Manzi, 2005) á börnum á svipuðum aldri. Þau þekkja og nefna einnig mörg önnur störf úr nærumhverfi sínu og störf sem þau hafa lesið eða heyrt um sem jafnvel eru ekki hefðbundin störf hérlendis. Gera má ráð fyrir að þau þekki töluvert fleiri störf en þau sem koma fram í niðurstöðum rannsóknarinnar þar sem þau höfðu aðeins takmarkaðan tíma til að skrá þau niður og voru ekki vön að fást við slíkt verkefni. Samkvæmt Vygostsky hefur tungumálið mikil áhrif á þekkingu barna og börn geta ekki vitað neitt um störf ef þau heyra ekkert um þau (Magnuson og Starr, 2007). Það er ljóst að börnin í rannsókninni hafa þó nokkra þekkingu á sýnilegum störfum þó svo að þau hafi ekki fengið formlega fræðslu um þau í skólanum. Af viðtölum við börnin að dæma hafa þau lært ýmislegt um störf þegar þau hafa farið með foreldrum sínum og fósturforeldrum og jafnvel ömmu og afa í vinnuna eða rætt við þau um ýmis störf. Út frá þessu má álykta að börn hér á landi sem oft búa mun nær ættingjum og vinnustöðum foreldra sinna en börn í mörgum stórum samfélögum ættu að hafa betra tækifæri til að kynna störfum en börn í stærri þjóðfélögum.

Eitt barn í rannsókninni nefndi stundum heiti á vinnustöðum í stað starfsheita sem samrýmist niðurstöðum Auger og félaga (2005). Að gera börnum grein fyrir muninum á starfi og vinnustað er eitt þeirra atriða sem náms- og starfsráðgjafar þurfa að hafa í huga þegar fræðsla um nám og störf fer fram hjá yngri nemendum.

Niðurstöður gefa til kynna að börnin eru farin að hugleiða eigin framtíð og fylgjast með störfum í kringum sig og svala forvitni sinni með því að kanna umhverfi sitt og leita að upplýsingum eins og lýst er í starfsferilsþróunarkenningu Super. Einnig styðja niðurstöðurnar kenningu Supers á vaxtarskeiðinu að því leyti að það séu margir þættir sem koma að þessu skeiði. Þar segir að 0-14 ára börn fari í gegnum níu mismunandi stig í þróun starfsþroskans, þar á meðal *Stjórnun Tímaskyn, Áætlunargleði, Könnun og Forvitni* (Sharf, 2010). Það er því hægt að álykta að börn þessarar rannsóknar búi við þær aðstæður að talað sé við þau um nám og störf og að þau hafi lært töluvert um slíkt með því að heimsækja



vinnustaði foreldra sinna. En það er afskaplega misjafnt við hvernig aðstæður börn lifa þannig að það er ekki sjálfsagt að öll börn á sama aldri viti jafn mikið um nám og störf eins og Blustein og fleiri, (2008) benda á.

Samkvæmt félagssálfræðikenningu Erikson fara börn ekki að máta sig við mismunandi hlutverk fyrr en á aldrinum 12-18 ára (Berns, 2007), sem er töluvert seinna en það sem kemur fram í þessari rannsókn þar sem börnin sem eru á aldrinum 9 ára og 10 mánaða til 10 ára og 9 mánaða geta auðveldlega mátað sig við störf. Þetta gefur vísbendingu um að börn séu mun fyrr farin að velta fyrir sér hlutverkum til framtíðar en Erikson taldi.

Forsenda þess að hægt sé að veita náms- og starfsráðgjöfum betri innsýn í það hvernig og hvenær hægt sé að byggja upp náms- og starfsfræðslu fyrir börn er að vita hvenær áhugi barna og draumar um störf kvikna (Auger o. fl, 2005).

Ef yngri börn eru sniðgengin í rannsóknum er að mínu mati engin leið að vita hvenær mesta hættan er á að þau missi áhuga á námi eða trú á eigin getu eða hvenær þau eru tilbúin að fræðast um nám og störf. Hugsanlegt er að það gerist snemma á skólagöngunni og töluvert fyrr en talið hefur verið til þessa. Mikilvægt er því að veita börnum náms- og starfsfræðslu strax við upphaf skólagöngunnar svo að hægt sé að grípa tímanlega inni ef svo ber undir.

Þau óskastörf sem oftast voru nefnd af öllum börnunum tengjast íþróttum og listum og er það sambærilegt niðurstöðum Auger og fleiri (2005) og Helwig (2001) en í rannsókn Helwig mælist íþróttáhuginn allt upp í áttunda bekk. Bent er á að yngri börn í grunnskóla velji oft störf sem ekki er auðvelt að hasla sér völl í og teljast því ekki til hefðbundinna starfa. Slík störf hafa verið flokkuð undir fantasíustörf (Helwig, 2001).

Á aldrinum 7-11 ára, fara börn samkvæmt kenningu Super smám saman af stigi forvitni og fantasíu (e. *development of interest*) í að byggja val sitt á áhuga (Niles og Harris-Bowlsbey, 2002; Sharf, 2010). Börnin í þessari rannsókn velja sér óskastörf mest út frá áhuga en um leið eru sum störf sem þau velja nokkuð óraunhæf eins og geimvísindamaður, atvinnuíþróttamaður og leikari, sem eru störf sem fáir komast í. Það má því segja að börnin séu á mörkum þessara tveggja stiga eða að skilin milli þessara tveggja stiga séu ekki eins skörp og skilgreining hennar segir til um.

## **Þekking á námi og undirbúningur starfa**

Viðmælendur rannsóknarinnar hafa ákveðna mynd af undirbúningi fyrir störf. Margir þeirra hafa þó mjög ónákvæma þekkingu á því hvaða skóla þurfi að fara í en telja oft „einhverja“ skólagöngu nauðsynlega eins og þeir komast sjálfir að orði. Nokkur barnanna hafa mun skýrari mynd af skólakerfinu en önnur og nefna menntaskóla og háskóla sem nauðsynlegan undirbúning þar sem það á við. Sum börn nefna heiti skóla eftir starfi þegar þau eru spurð um þá leið sem nauðsynlegt er að fara. Þetta eru sambærilegar niðurstöður og hjá Blackhurst og fleiri (2003) þar sem börn bjuggu til heiti á skólum ef þeim fannst ekki nauðsynlegt að fara í háskóla en töldu samt þörf á einhverri skólagöngu.

Niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að í þessum eina bekk sé starfsferilsþroski barna mjög mislangt á veg kominn og í því sambandi verði að líta meira til einstaklingsins. Börn sem fædd eru seint á árinu vita ekki endilega minna um störf og skólakerfið en þau sem eru fædd snemma á árinu. Því ber að mínu mati að varast að festast of mikið í aldursskiptingu eins og gert er í þeim kenningum sem fjalla um starfsferilsþroska barna.

## **Skólakerfið eins og börnin sjá það**

Meirihluti viðmælenda sagðist ætla í menntaskóla en notaði sjaldan orðið framhaldsskóli nema einn strákur sem sagðist fyrst þurfa að fara í framhaldsskóla síðan menntaskóla og svo í Harvard sem bendir til þess að hann átti sig ekki á því að hér er um tvö hugtök að ræða um sama skólastigið.

Flestir sem vildu verða íþróttamenn töldu skólagöngu ekki nauðsynlega heldur væri mikil og góð þjálfun forsenda þess að geta orðið atvinnumaður í íþróttum. Sum barnanna í rannsókninni nefndu aldrei háskóla og ofmátu ekki þörfina á því að fara í háskóla eins og í niðurstöðum Blackhurst, Auger og Wahl, (2003) þar sem þátttakendur töldu háskólanám oft vera nauðsynlegan undirbúning fyrir störf þegar sú var ekki raunin. Skýringin á því gæti verið sú að í rannsókn Blackhurst og félaga voru þau spurð hvort það þyrfti að fara í háskóla fyrir tiltekin störf en í þessari rannsókn voru spurningarnar opnari og börnin sjálf voru beðin að nefna þann skóla sem þau héldu að væri forsenda starfsins.

Bæði í þessari rannsókn og í rannsókn Blackhurst og fleiri (2003) gáfu börnin skólum nafn eftir heiti starfa í stað háskóla þegar þau höfðu ekki nákvæmari

þekkingu á heiti þess skóla sem um var að ræða, sem bendir til óljósrar þekkingar þeirra á skólakerfinu en um leið viðleitni þeirra til að skilja.

Hvorki börnin í þessari rannsókn né í rannsókn Blackhurst og fleiri (2003) nefndu iðn- eða tækniskóla þó svo að þau hafi nefnt störf sem byggjast á námi í slíkum skólum. Þessar niðurstöður gefa því vísbendingu um að kynning á iðn- og tæknigreinum ásamt skólum þeim tengdum sé mjög ábótavant einkum nú á tímum þegar mikill skortur er á tæknimenntuðu fólki á Íslandi og álitid er mikilvægt að Íslendingar fjárfesti meira í menntun tæknimenntaðra (OECD, 2009).

### **Hvað felst í störfunum?**

Á dæmum úr viðtölum við börnin að framan má sjá að þau gátu útskýrt eðli þeirra starfa sem þau nefndu og virtust hafa nokkuð góða yfirborðsþekkingu á þeim sem flest eru sýnileg störf í atvinnulífinu. Út frá þessu má álykta að börn séu forvitin um störf in í kringum sig og taki vel eftir því sem fram fer í nánasta umhverfi þeirra sem samrýmist ekki niðurstöðum rannsóknar Schultheiss, Palma og Manzi, (2005), þar sem forvitni hjá börnum í fjórða og fimmta bekk mældist ekki. Schultheiss og félagar töldu sig hugsanlega hafa getað fengið ítarlegri upplýsingar frá börnunum með opnum viðtölum eins og gert var í þessari rannsókn.

Þekking barna á eðli starfa var ekki sérstaklega skoðuð hjá Super en er að mínu mati órjúfanlegur þáttur í rannsóknnum á starfsferilsþróun barna því það getur til að mynda hjálpað rannsakendum og náms- og starfsráðgjöfum að átta sig á hvaðan börn fá upplýsingar og hvernig þær eru best fram bornar.

## **Áhrifaþættir**

### **Áhugi**

Áhugi var oftast nefndur sem ástæða fyrir starfsvali en það samrýmist niðurstöðum Schultheiss, Palma og Manzi (2005) sem komust að því í rannsókn sinni að börn í 5. bekk nefndu að áhugi réði mestu um val þeirra á störfum. Að svipaðri niðurstöðu komst Johnson (2000) í rannsókn sinni á börnum í 6.-9. bekk, sem sýndi að í 75% tilfella sögðu börnin áhuga vera ástæðu starfsvals en fáir tengdu nám í skólanum við framtíðarstörf. Áhugi og það sem skiptir fólki máli

hefur mikið að segja um hvernig starfsferillinn verður hjá einstaklingum og að svala áhugapörfinni ásamt því að gera það sem skiptir máli fyrir hann sjálfan og samfélagið er einnig mikilvægt (Savickas, 2002b; Sharf, 2010; Niles og Harris-Bowlsbey, 2002).

Í þessari rannsókn er aðeins hægt að sjá samband milli áhuga barnanna á ákveðnum námsgreinum í skólanum og þeirra starfa sem þau völdu. Þau sem sögðu íslensku og stafsetningu vera skemmtilegustu námsgreinina völdu til dæmis ekki að verða íslenskufraeðingar eða kennarar og flest þeirra sem sögðu stærðfræði skemmtilegasta ætluðu að verða atvinnumenn í íþróttum sem tengist stærðfræðinni ekki að neinu marki. Tómsundur og verkgreinar í skólanum tengdust óskastörfunum meira. Þeir sem ætluðu að verða atvinnumenn í fótbolta höfðu mikinn áhuga á fótbolta. Þeir sem vildu verða leikarar, söngvarar og fatahönnuðir fannst skemmtilegt í verklegum greinum eins og textílmennt, smíði, tónmennt og leiklist.

Með langtímarannsókn væri líklega hægt að skilja betur hvernig formgerð áhuga barna á grunnskólaaldri þróast svo hægt sé að átta sig á á hvaða tímabili áhuginn dvínar eða eykst og breytist. Það að þau geti á þessum aldri gert sér grein fyrir áhuga sínum er að mínu mati mikilvægur þáttur í sjálfsmynd einstaklinga þó svo að hann tengist ekki að öllu leyti því sem þau segjast ætla að starfa við í framtíðinni. Út frá þessum niðurstöðum er einnig hægt að álykta að mikilvægt sé að skilgreina áhuga barna betur í rannsóknum. Í þessari rannsókn virðist vera sterk vísbending um að áhugi skiptist í mismunandi þætti, það er í áhugamál og tómsundur og áhugamál og hefðbundnar námsgreinar eða verklegar.

Börnin tengja stundum áhugamál, upphaldsnámsgrein og óskastarf saman ef það er innan saman ramma eins og textílmennt, fatahönnun og að teikna sem nokkur sögðust gera mikið af í tómsundum. Þetta á oftast við ef um verklega þætti er að ræða. Það gefur vísbendingu um að börn finni sig mun betur í verklegum greinum eða greinum þar sem mikil athafnasemi og metnaður á sér stað eins og í íþróttum, dansi og leiklist. Að mínu mati er því þörf á að kanna áhuga mun betur hjá börnum, sérstaklega í ljósi þess að færri ljúka verknámi en bóknámi úr framhaldsskólum (Kristjana Stella Blöndal og Jón Torfi Jónasson, 2002), sem endurspeglar ef til vill ekki áhuga þeirra til fullnustu.

Einnig er mögulegt að börnin eigi í þessu sambandi auðveldara með að skilgreina sýnileg störf og athafnir en eins og Gottfredson lýsir 3. stigi afmörkunar

Þá hugsa börn á aldrinum 9-13 ára enn á hlutbundinn hátt á fyrri hluta stigsins (Sharf, 2010) og eiga því erfitt með að tengja til dæmis stærðfræði sem ekki er eins sýnileg við annað en starf í búðum eða banka. Erla var til dæmis eina barnið sem nefndi starfsheitið verkfræði, án þess að vita nokkuð um hvað það stæði fyrir en verkfræði er starf sem krefst mikillar stærðfræðipekkingar og er ekki jafn sýnilegt og mörg önnur störf í umhverfi barna.

Niðurstöður Þuríðar Ó. Sigurjónsdóttur (2011) benda einnig til þess að störf fólks með menntun í raunvísindum væru ekki nægilega sýnileg í samfélaginu og einstaklingar hefðu ekki nógu góðar upplýsingar um hvaða störf biðu þeirra að námi loknu.

Það er því ákaflega mikilvægt að mínu mati að upplýsa börn um tengsl stærðfræði og annarra raunvísindagreina við störf, snemma á skólagöngunni. Þeir sem sýna raunvísindum áhuga þurfa að geta séð framtíð í því að leggja stund á þær námsgreinar til að áhugi á slíkum námsgreinum dofni ekki. Náms- og starfsráðgjafar í skólum ættu að mínu mati að gegna veigamiklu hlutverki í því sambandi að upplýsa kennara um þessa mikilvægu tengingu námsgreina og starfa. Ef því er ekki sinnt sem skyldi er hægt að álykta sem svo að sumar námsgreinar hafi ekki eins mikla möguleika og aðrar innan skólakerfisins þar sem þær eru í eðli sínu ósýnilegri en aðrar hvað varðar tengingu við störf.

### **Tengsl styrkleika, áhuga og námsgreina við óskastörf**

Börnin í rannsókninni eru flest á 11. ári og velja ekki raunhæf störf sem óskastörf nema í nokkrum tilfellum sem fellur vel að kenningu Ginzberg og félaga (1951) hvað aldur snertir. Út frá þeirri kenningu ættu börnin upp úr þessu að fara að huga meira að raunhæfum störfum en hann miðar við að um 11 ára aldurinn fari börn að velja raunhæfari störf (Ginzberg o. fl., 1951).

Í niðurstöðum rannsóknarinnar kemur fram að ekki virðast vera mikil bein tengsl milli starfsvals og meðvitaðs styrkleika í námi hjá börnunum nema þegar um er að ræða námsgreinar sem tengjast áhugasviði þeirra. Þetta styður kenningar Ginzberg (1951) og Gottfredson (1981) að hluta til en þær miða báðar við að börn fari í gegnum skeið ímyndana þar sem starfsval þeirra ákvarðast eingöngu út frá áhuga og löngunum en ekki þeim hæfileikum og eiginleikum sem starfið krefjist. Í niðurstöðum þessarar rannsóknar kemur hins vegar í ljós að í sumum tilfellum eru

tengsl milli meðvitaðra styrkleika barnanna og þeirra starfa sem þau velja, sem virðist vera tengt áhugamálum þeirra meira en hefðbundnum námsgreinum.

Nokkur börn sögðust vera góð í stærðfræði en völdu ekki störf sem tengjast stærðfræði. Önnur börn lögðu áherslu á að fólk sem vinnur í búðum og bönkum þurfi ekki að fara í skóla en þurfi að vera gott í stærðfræði. Þetta gefur vísbendingu um og samrýmist rannsókn Johnson (2000) og Watson og McMahon (2007) um að börn tengi ekki alltaf námsgreinar við það sem þau langar til að vinna við í framtíðinni en átta sig samt á tengslum milli námsgreina og þess sem störfin krefjast að einhverju leyti. Að mati Johnson (2000) kalla niðurstöður sem þessar á nýjar áherslur í kennslu þar sem tenging milli námsgreina og starfa er gerð sýnilegri með því að aðstoða börnin við að átta sig á því af hverju þau eru að læra tiltekið námsefni.

Sá sem nefndi stjörnufræði sem framtíðarstarf í rannsókninni valdi hana ekki af því að hann væri svo góður í henni heldur af því að hann segist vera heillaður af öllu því sem viðkemur geimnum. Náttúrufræði eða stjörnufræði var ekki nefnd sem uppáhaldsnámsgrein í skólanum enda stjörnufræði ekki mikið kennd í skólanum að hans sögn.

Super bendir á að áhugi og færni þurfi ekki alltaf að fara saman (Sharf, 2010) sem kemur skýrt fram í niðurstöðum rannsóknarinnar þegar börn sem segjast vera til dæmis góð í íslensku eða stærðfræði í skólanum velja frekar að verða fatahönnuður, söngkona eða atvinnumanneskja í íþróttum.

Schultheiss, Palma og Manzi, (2005) vilja setja áhuga og styrkleika einstaklinga á vaxtarskeiði Super undir einn hatt, sem þau nefna sjálfsvitund (e. self concept) í stað þess að aðgreina þessa tvo þætti. Í þessari rannsókn kemur fram að stundum eigi áhugi og styrkleiki samleið en ekki alltaf en það virðist miðast við hvort það sé skólatengt eða ekki eða jafnvel ákveðnar námsgreinar umfram aðrar. Út frá þessu má álykta að tillaga Schultheiss og félaga, (2005) eigi rétt á sér þar sem ekki virðist vera hægt að ganga út frá því að annaðhvort séu tengsl milli áhuga og styrkleika til staðar eða ekki, heldur fari það eftir eðli tengslanna eins og kemur fram í þessari rannsókn.

Sum barnanna nefndu að þau væru góð í stærðfræði og að þeim fyndist hún skemmtileg þar á meðal ein stelpa. Nú á tímum tækni- og nýsköpunar er skortur á tæknimenntuðu fólki. Stúlkur sem eru meirihluti háskólanema eru samt sem áður í minnihluta innan ákveðinna greina í verkfræði- og náttúruvísindasviði Háskóla

Íslands þar á meðal stærðfræði (Þuríður Ó. Sigurjónsdóttir, 2011). Það er því mikilvægt fyrir kennara og náms- og starfsráðgjafa að mínu mati að fylgjast vel með áhugasviði hvers og eins og efla sjálfstraust barna í þeim námsgreinum sem þau sýna snemma að þau hafi áhuga á til að þau útiloki ekki námsgreinar af röngum forsendum eða allt of snemma í skólagöngunni.

Að mínu mati er jákvætt að meirihluti barnanna í rannsókninni hafi getað nefnt það sem hann telur sig vera góðan í þó svo að sumum hafi fundist það erfiðara en öðrum. Að skoða sjálfsmynd einstaklingsins með því að fylgjast með því hvernig einstaklingurinn sér og talar um sjálfan sig er mikilvægt (Savickas, 2002b) og Sharf, 2010). Að þjálfra börn í að gera sér grein fyrir eigin hæfileikum og styrkleikum er einnig atriði sem mikilvægt er að hlúa að í námi barna til að byggja upp sjálfsskilning þeirra að mínu mati.

## **Fyrirmyndir**

Í þessari rannsókn gátu börnin öll nefnt störf foreldra sinna og fósturforeldra og stundum einnig störf nánustu ættingja sem þau vísuðu nokkrum sinnum í. Þetta er ólíkt niðurstöðum Auger, Blachurst og Wahl, (2005) þar sem aðeins helmingur viðmælenda þeirra í fimmta bekk gat nefnt störf foreldra sinna. Út frá þessu má álykta að nálægð við ættingja, og samskiptin við þá hafi töluvert mikið að segja varðandi þekkingu barna á störfum.

Kenning Supers frá 1990 gerir ráð fyrir að hjá 0-14 ára börnum skipti áhrif foreldra og skólans barnið miklu máli. Niðurstöður langtímarannsóknar Helwig, (2008) á einstaklingum frá 8 ára aldri til 23 ára sýndu að foreldrar höfðu haft áhrif á náms- og starfsval þeirra og þá einkum móðirin. Í nokkrum tilfellum var kennari nefndur sem áhrifavaldur.

Í þessari rannsókn svöruðu aðeins nokkur börn því að foreldrar þeirra hefðu hvatt þau til að starfa við eitthvað ákveðið í framtíðinni sem var þá oftast í tengslum við hæfileika þeirra. Tvö barnanna sögðust ekki hafa áhuga á því starfi sem aðrir höfðu stungið upp á að þau ættu að gegna og ein stúlka sagðist ekki hafa áhuga á því að verða múrari. Það að átta sig á því hvað maður ekki vill getur verið jafn mikilvægt og að átta sig á því sem maður vill og er að mínu mati mikilvægur þáttur í ákvarðanatöku.

Aðeins eitt barn velur starf foreldris sem óskastarf í þessari rannsókn, sem er að því leyti sambærileg niðurstöðum Auger, Blachurst og Wahl, (2005) þar sem fá börn í 5. bekk völdu störf foreldra sinna. Að öðru leyti þarf að hafa það í huga að helmingur barnanna í rannsókn Auger og féлага gat ekki nefnt starf foreldra sinna og þar af leiðandi er ekki skrítið að þau hafi ekki valið það. Í þessari rannsókn gátu öll börnin hins vegar nefnt störf foreldra sinna. Að þekkja starf foreldra sinna eða ekki virðist að mínu mati ekki vera forsenda þess að velja sama starf og foreldri stundar.

Í þessari rannsókn nefna börnin hins vegar oft störf foreldra sinna sem störf sem þau þekkja og segja foreldra og ættingja segja þeim ýmislegt um störfin. Það bendir til þess að störf foreldra hafi ákveðið upplýsingagildi fyrir þekkingu barna á störfum og eru foreldrarnir því á þann hátt fyrirmyndir barna sinna hvað störf varðar. Það má því segja að rannsóknin gefi til kynna óbein áhrif foreldra á starfsval einstaklinga og þekkingu á störfum. Að mati Helwig (2008) styðja slíkar niðurstöður fyrri rannsóknir og tilmæli um að náms- og starfsráðgjafar geti komið að þjálfun foreldra rétt eins og nemenda til að hvetja til dæmis börn í átt að stærðfræði- og vísindagreinum.

Niðurstöður (Helwig, 2008) benda einnig til þess að foreldrar standi misjafnlega að því að aðstoða börnin sín eftir því hvaða menntunarbakgrunn þeir hafa. Þær segja líka til um hversu mikilvægu hlutverki náms- og starfsráðgjafar gegna í skólum og þar sem foreldrar og kennarar virðast hafa hvað mest áhrif á starfsval barnanna skiptir miklu máli að þeir hafi góða þekkingu á því ferli sem starfsákvörðun er.

Í þessari rannsókn kemur fram að börnin þekkja til ýmissa starfa og geta lýst þeim í grófum dráttum og þó að flest hafi ónákvæma þekkingu á skólakerfinu vita sum þeirra mikið um skólakerfið. Rannsóknin er aðeins gerð í einum skóla í Reykjavík og miðað við það sem börnin vita má álykta sem svo að foreldrar og aðstandendur barnanna sem allflestir eru með formlega menntun tali mikið við börnin, séu vel upplýstir og starfi á fjölbreyttum vettvangi.

Niðurstöður rannsóknarinnar styðja einnig niðurstöður Schultheiss og fleiri (2005) um að þekking barna á störfum stafi bæði af fróðleiksfýsn þeirra sjálfra og fræðslu frá foreldrum og öðrum sem koma að uppeldi þeirra.

Foreldrar og aðrir sem tengjast börnum eru ekki þeir einu sem hafa áhrif á börn varðandi starfsval heldur hafa opinberir einstaklingar eins og íþróttahetjur og



frægt listafólk einnig mikil áhrif á þau, sem ekki er hægt að líta fram hjá (Auger o. fl., 2005). Í þessari rannsókn hafa fótboltaþetjur óneitanlega áhrif á drengina þó svo að þeir nefni ekki slíkar þetjur á nafn eins og Hanna sem segir: „Ragnheiður Ragnarsdóttir er best“. Þetta bendir til þess að frægir einstaklingar hafi áhrif á börnin og séu eins konar fyrirmyndir sem samrýmist niðurstöðum fyrrgreindrar rannsóknar.

Rannsóknir benda til þess að þessi mikla dýrkun á atvinnumennsku í íþróttum dragi úr starfsferilsþróun drengja á þann veg að þeir máti sig síður við raunveruleg störf. Einnig að þessi dýrkun stuðli að því að strákar velji frekar störf sem krefjast lítillar menntunar og eru vel launuð en það eigi hugsanlega þátt í að drengjum innan háskóla fækki í hlutfalli við stúlkur (Blackhurst og Auger, 2008). Það er því brýnt að náms- og starfsráðgjafar ásamt kennurum hér á landi gefi þessu gaum því eins og þessi rannsókn gefur til kynna virðast drengir hér á landi hafa mikinn áhuga á atvinnumennsku í íþróttum líkt og drengir í nærliggjandi löndum.

### **Aðrir áhrifaþættir**

Gottfredson telur að virðing starfa hafi áhrif á starfsval barna á aldrinum 9-13 ára. Í þessum niðurstöðum kemur fram að börnin velja sér störf sem borin er töluverð virðing fyrir í samfélaginu, eins og störf íþróttamanna og leikara en óvíst er hvort virðingin sem slík sé ástæða þess að þau velji þessi störf. Það er því ekkert sem gefur til kynna að virðing hafi afgerandi meðvituð áhrif á starfsval barnanna í þessari rannsókn eins og Gottfredson leggur áherslu á í kenningu sinni og fram kemur í niðurstöðum Auger og félagar (2005) þar sem börn á sama aldri völdu frekar störf sem eru hátt metin.

Stærðfræði tengja þau ekki við virðingu en slík tengsl eru einmitt til staðar í samfélaginu meðal eldri einstaklinga eins og kemur fram í MA-ritgerð Þuríður Ó. Sigurjónsdóttur (2011). Í þessari rannsókn tengja börnin stærðfræði við störf sem þau segja ekki krefjast formlegrar menntunar eins og afgreiðslustarf í búð eða bankastarfs þar sem þurfi að kunna að reikna að þeirra mati. Nokkur barnanna nefna samt stærðfræði sem skemmtilega námsgrein og segjast vera góð í henni en trú á eigin færni er ein forsenda þess að fólk velji til dæmis að leggja stund á stærðfræði (Þuríður Ó. Sigurjónsdóttir, 2011). Í ljósi þessa er því mikilvægt að mínu mati að gæta þess að börn sem sýna áhuga og styrkleika til dæmis í

stærðfræði geti notið sín á því sviði og fái aðstoð við að átta sig á tengslum milli stærðfræði og þeirra starfa sem krefjast slíkrar þekkingar.

Í nokkrum tilfellum kemur fram að börnin geri sér grein fyrir þeim metnaði sem fylgir sumum störfum. Þau virðast átta sig á því að íþróttamenn þurfi að leggja mikið á sig líkamlega og læknir námslega. Ekkert þeirra tíu barna sem tekið er viðtal við velur að verða læknir en þau sem velja að verða íþróttamenn gera það bæði vegna eigin styrkleika og vegna metnaðar og virðingar.

Ég er því ekki sammála ályktun Auger og félaga (2005) um að börn sem velja óraunhæf störf út frá virðingu geti ekki gert sér grein fyrir styrkleikum sínum og hæfileikum. Í mörgum tilfellum tengja þau einmitt áhuga sinn og styrkleika við störfin samanber atvinnumennsku í íþróttum og fatahönnun þar sem þau telja sig vera góð í íþróttum og teikningu.

Krumboltz, (2009) segir tilviljanir (e. *happenstance*) oft skýra hvaða leiðir fólk velur í lífinu. Baldur sem hefur ómældan áhuga á geimnum og ætlar að stunda nám í Harvard í framtíðinni nefndi að lyklakippan með mynd af Harvard sem afi hans gaf honum hafi kveikt áhuga hans á að fara í þann skóla. Þetta styður það að tilviljanir geta oft leitt af sér stórar ákvarðanir.

## **Ákvarðanir teknar**

Í rannsókninni kemur fram að flest börnin eru meðvituð um að þeim finnist oft erfitt að taka ákvörðun og þurfi oft á aðstoð að halda hvað það varðar. Sum börnin geta útskýrt nákvæmlega hvernig ákvarðanataka hjá þeim fer fram en ákvarðanataka var ekki sérstaklega skoðuð í kenningu Super. Ein stúlka í rannsókninni segist vera valkvíðin og eiga oft erfitt með að taka ákvarðanir. Það er ekki gott til þess að vita að tíu ára barn upplifi sig á þann hátt og styrkir enn frekar það að þjálfar þurfi unga einstaklinga jafnt sem eldri í að taka ákvarðanir.

Þessar niðurstöður samrýmast niðurstöðum Schultheiss og félaga (2005) þar sem börn í 5. bekk sögðust stundum þurfa að leita til annarra þegar þau ættu erfitt með að taka ákvörðun. Þetta bendir til þess og styður að það að læra að taka ákvörðun sé einn mikilvægur þáttur í þroska einstaklingsins og samofinn öðrum þáttum starfsferilsþróunar. Niðurstöðurnar styðja einnig þau ummæli Schultheiss og félaga að ákvarðanataka sé einn sá þáttur sem vert sé að skoða betur varðandi

starfsferilþroska barna þar sem augljóst sé að börn á þessum aldri séu nokkuð meðvituð um hvernig ákvarðanataka hjá þeim sjálfum fer fram.

## 5. Lokaorð

Megintilgangur þessarar rannsóknar var að átta sig á því hvaða hugmyndir börn í fimmta bekk, sem ekki hafa hlotið neina formlega náms- og starfsfræðslu, hafa um nám og störf. Kannað var hvort þau hefðu mátað sig við einhver störf og ef svo væri hvað réði vali þeirra á störfum. Einnig var kannað hvort þau tengdu skólagöngu sína við störfin og hvernig þau tækju ákvörðun.

Niðurstöður rannsóknarinnar sýna að börn á þessum aldri eru farin að velta fyrir sér framtíðinni hvað störf varðar og að það er fyrst og fremst áhugi sem ræður vali þeirra. Niðurstöðurnar sýna á skýran hátt að börn á þessum aldri sýna mikinn áhuga á tómsundum og námsgreinum en störfin sem þau velja tengjast frekar námsgreinum sem á einhvern hátt eru tengdar tómsundum þeirra en hefðbundnum námsgreinum. Þau gera sér grein fyrir styrkleikum sínum bæði í námi og áhugamálum sínum. Þau hafa óljósa mynd af skólakerfinu og tengingu þess við störf og telja sig flest vera á leið í framhaldsskóla en setja það ekki öll í samband við það sem þau ætla að verða. Börnin gera sér grein fyrir að sum störf þarfnast lengri skólagöngu en önnur og að til eru störf sem krefjast engrar formlegrar menntunar. Flest börnin sögðust þurfa aðstoð foreldra til að taka ákvörðun.

Niðurstöðurnar sýna að mikilvægt er að byrja starfsfræðslu strax á yngsta stigi grunnskólans þar sem tíu ára börn eru farin að velta fyrir sér framtíðinni hvað störf varðar. Börn í 5. bekk eru nokkuð á veg komin í að afla sér þekkingar á námi og störfum en þurfa hvatningu og leiðsögn frá náms- og starfsráðgjöfum og kennurum í fjölbreyttu náms- og starfsumhverfi. Þar sem áhugi þeirra virðist fyrst og fremst vera það sem stýrir því sem þau taka sér fyrir hendur á þessum aldri er brýnt að hlúa vel að þróun hans. Þau börn sem sýna til að mynda snemma áhuga á stærðfræði þarf að aðstoða við að sjá tengingu hennar við framtíðina til að áhuginn vari en dofni ekki. Náms- og starfsráðgjafar geta gegnt veigamiklu hlutverki í starfsfræðslu innan skólanna hvað þetta varðar sem getur skipt sköpum um framtíð einstaklinga og samfélagsins alls.

Þessar niðurstöður geta því nýst við gerð námskrár og námsefnis í náms- og starfsfræðslu fyrir yngri bekkjardeildir grunnskólans til að átta sig betur á þekkingu og starfsþroska ungra barna á Íslandi. Því fleiri rannsóknir sem gerðar verða á starfsferilsþroska yngri barna hér á landi því auðveldara verður að þróa heildræna náms- og starfsráðgjöf þar sem yngri börn verða ekki undanskilin.

Þar sem hér er um eigindlega rannsókn að ræða og rannsóknin aðeins gerð í einum bekk í einum skóla er ekki hægt að alhæfa um niðurstöður hennar en hún veitir þó innsýn í þekkingu barna á tilteknum aldri á námi og störfum sem vert er að skoða nánar hér á landi.

Það er von mín að þeir sem stýra menntamálum hér á landi og útgáfu námsefnis sjái mikilvægi þess að horfa á nám á heildrænan hátt og hlúa vel að börnum á öllum aldri til að undirbúa þau fyrir lífið. Það er meðal annars gert með skipulagðri náms- og starfsfræðslu sem stuðlar að ánægjulegri framtíð og ákvarðanatöku einstaklingsins í hinum flókna heimi tækifæranna. Lög um náms- og starfsráðgjöf fyrir alla er af hinu góða en þeim verður að fylgja eftir með opinberri námskrá og gerð námsefnis fyrir alla aldurshópa. Einnig þarf að upplýsa kennara og kennaranema þennan mikilvæga þátt í námi barna og um forvarnargildi náms- og starfsfræðslu og námsráðgjafar almennt. Með þetta að leiðarljósi tel ég að þjóðfélagið í heild geti orðið betur í stakk búið til að takast á við framtíðina til langs tíma séð. Það er staðreynd að megintilgangur náms er að undirbúa fólk til að takast á við lífið utan veggja skólans bæði til að afla sér farborða en ekki hvað síst til að geta orðið farsæll einstaklingur.

## Heimildaskrá

- American School Counselor Association. [ASCA] (2003). *The ASCA national model: A framework for school counseling programs*. Alexandria: Höfundur.
- Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2008). *Skýrsla nefndar um eflingu náms- og starfsráðgjafar í grunn- og framhaldsskólum sem úrræðis gegn brottfalli nemenda*. Sótt 8. janúar 2011 af <http://www.althingi.is/alttext/136/s/pdf/0353.pdf>
- Auger, R. W., Blachurst, A.E., Wahl, K. H. (2005). The development of elementary – aged children´s career aspirations and expectations. *Professional School Counseling*, 8, (4), 322–330.
- Berns, R. M. (2007). *Child, family, school, community: Socialization and support* (7. útgáfa). Belmont: Thomson, Wadsworth.
- Blackhurst, A.E., Auger, R.W., Wahl, K.H. (2003). Children's perceptions of vocational preparation requirements. *Professional School Counseling*, 7 (2), 58–67.
- Blackhurst, A.E., Auger, R.W. (2008). Precursors to the gender gap in college enrollment: Children´s aspirations and expectations for their futures. *Professional School Counseling*, 11 (3), 149–158.
- Blustein, D. L., Kenna, A. C., Gill, N., DeVoy, J. E. (2008). The psychology of working : A new framework for counseling practice and public policy. *The Career Development Quarterly*, 56. 294–308.
- Bogdan, R. og Biklen, S. K. (2007). *Qualitative research for education: An introduction to theory and methods*: (5. útgáfa). Boston: Pearson.
- Charmaz, K. (2006). *Constructing grounded theory: A practical guide through qualitative analysis*. London: Sage Publication.
- Creswell, J. W. (2007). *Qualitative inquiry & research design: Choosing among five approaches* (2. útgáfa). Thousand Oaks: Sage.

- Danby, S., Ewing, L. og Thorpe, K. (2011). The novice researcher: Interviewing young children. *Qualitative Inquiry*, 17, 74–84.
- Einarsdóttir, J., Dockett, S. og Perry, B. (2008). Making meaning: Children's perspective expressed through drawings. *Early Child Development and Care: Special Issue*. 179 (2), 217–232.
- Eppler, C., Olsen, J. A., Hidano, L. (2009) Using stories in elementary school counseling: Brief narratives techniques. *Professional School Counseling*, 12, (5), 387–391.
- Gibson, D. M. (2005). The use of genograms in career counseling in elementary, middle and high school students. *The Career Development Quarterly*, 53, 353–362.
- Ginzberg, E., Ginsburg, S. W., Axelrad, S., og Herma, J. L. (1951). *Occupational choice: An approach to a general theory*. New York: Columbia University Press.
- Gottfredson, L. S. (2002). Gottfredsson's theory of circumscription, compromise, and self-creation. Í D. Brown (ritstjóri), *Career choice and development* (4. útg., bls. 85–148). New York: Jossey Bass.
- Graue, M. E. og Walsh, D. J. (1998). *Studying children in context*. Thousands Oaks: Sage.
- Greig, A. og Taylor, J. (1999). *Doing research with children*. London: Sage.
- Gross, J., Hayne, H. og Drury, T. (2008). Drawing facilitates children's reports of factual and narrative information: implications for educational contexts. *Applied Cognitive Psychology*, 23, 953–971.
- Guðbjörg Vilhjálmsdóttir. (1991). *Skýrsla nefndar um námsráðgjöf og starfsfræðslu: Saga námsráðgjafar og starfsfræðslu á Íslandi*. Reykjavík: Félagsvísindasvið Háskóla Íslands.
- Guðbjörg Vilhjálmsdóttir. (2005). Þarf að fræða ungt fólk um nám og störf? Í *Ungir Íslendingar í ljósi vísindanna* (bls. 97–103). Reykjavík: Háskólafjölritun.

- Gunnhildur Óskarsdóttir. (2006). *The development of children's ideas about the body: How these ideas change in a teaching environment*. Óbirt doktorsritgerð: Háskóli Íslands.
- Gyspers, C. G. og Henderson, P. (2006). *Developing and Managing: Your school guidance and counseling program* (4. útgáfa). Alexandria: American counseling association.
- Harkins, M. A. (2001). Developmentally appropriate career guidance: Building concepts to last a lifetime. *Early Childhood Education Journal*, 28 (3), 169–174.
- Hagstofa Íslands. (2011, 21. janúar). Skráðir nemendur í framhalds- og háskólum haustið 2008. *Hagtíðindi: Skólamál* 96 (4). Sótt 10. mars 2011 af <https://hagstofa.is/?PageID=421&itemid=15275c98-7c7e-4cb6-aace-13aa5e4f3a4a>
- Harlen, W. og Qualter, A. (2004). *The teaching of science in primary school* (4.útgáfa). London: David Fulton Publishers.
- Hartung, P. J., Porfeli, E. J. og Vondracek, F. W. (2008). Career adaptability in childhood. *The Career Development Quarterly*, 57, 64–74.
- Harwood, D. (2010). Finding a voice for child participants within doctoral research: Experiences from the field. *Australian Journal of Early Childhood* 35, 1–13.
- Helwig, A. A. (2001). A test of Gottfredson's theory using a ten – year longitudinal study. *Journal of Career Development*, 28, 77–95.
- Helwig, A. A. (2008). From childhood to adulthood: A 15 year longitudinal career development study. *The Career Development Quarterly*, 57, 38–57.
- Johnson, S. L., (2000). The relevance of school to career: A study in student awareness. *Journal of Career Development*, 26 (4), 263–276.
- Kristjana Stella Blöndal og Jón Torfi Jónasson. (2002). *Brottfall úr námi: Afstaða til skóla, félagslegir og sálfræðilegir þættir*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Krumboltz, J. D. (2009). The happenstance learning theory. *Journal of Career Assessment*, 17 (2), 135–154.



- Lapan, R. T., Gysbers, N. C. og Petroski, G. F. (2001). Helping seventh graders be safe and successful: A statewide study of the impact of comprehensive guidance and counseling programs. *Journal of counseling and development*, 79, (3), 320–330.
- Lög um grunnskóla nr. 91/2008.
- McMahon, M. og Watson, M. (2008). Children's career development: status quo and future directions. (Introduction to the Special Section). *The Career Development Quarterly*, 57, 4–6.
- Magnuson, C. S. og Starr, M. F. (2000). How early is too early to begin life career planning? The importance of the elementary school years. *Journal of Career Development*, 27 (2), 88–101.
- Menntamálaráðuneytið. (2010). *Skýrsla OECD um menntamál - Menntunarstaða íslensku þjóðarinnar*. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.
- Niles, S. G. og Harris-Bowlsbey, J. (2002). *Career development interventions in the 21st century*. Upper Saddle River: Merrill Prentice Hall.
- OECD Council of the European Union. (2009). Education, research and innovation policy: A new direction for Iceland. Sótt 10. nóvember 2010 af [www.oecd.org/dataoecd/60/42/42846300.pdf](http://www.oecd.org/dataoecd/60/42/42846300.pdf)
- Parsons, F. (2005). *Choosing a vocation: A reprint of the original 1909 work*. Broken Arrow: NCDA.
- Porfeli, E. J., Hartung, P. J. og Vondracek, F. W. (2008). Childrens' vocational development: A research rationale. *The Career Development Quarterly*, 57, 25–37.
- Savickas, M. L. (1997). Constructivist career counseling: Models and methods. Í *Advances in personal construct psychology* (Fjórða bindi, bls. 149–182). Greenwich: JAI Press.
- Savickas, M. L. (2002a). Reinvigorating the study of careers. *Journal of vocational Behavior*, 61, 381–385.
- Savickas, M. L. (2002b). Career construction. A developmental theory of vocational behavior. Í S. D. Brown (ritstjóri), *Career choice and development* (4. útgáfa., bls. 149–205). New York: Jossey Bass.

- Savickas, M. L. (2005). The theory and practice of career construction. Í S.D. Brown og R.W. Lent, (ritstjórar). *Career development and counseling. Putting theory and research to work* (bls. 42–70). Hoboken: Wiley.
- Savickas, M. L. og Taber, B. J. (2006). Individual differences in RIASEC profile similarity across five interest inventories. *Measurement & Evaluation in Counseling & Development (American Counseling Association)* 38, 203–210.
- Savickas, M. L. (2009). Special section: The 100th anniversary of vocational guidance introduction to the special section. Pioneers of the vocational guidance movement: a centennial celebration. *The Career Development Quarterly*, 57, 194–198.
- Schultheiss, D. E. P., Palma, T. og Manzi, A. (2005). Career development in middle childhood: A qualitative inquiry. *The Career Development Quarterly*, 53, 246–262.
- Schultheiss, D. E. P. (2008). Current status and future agenda for the theory, research, and practice of childhood career development. *The Career Development Quarterly*, 57, 7–24.
- Sharf, R. S. (2010). *Applying career development theory to counseling*. (5. útgáfa.). Belmont: Brooks/Cole.
- Sigríður Dísa Gunnarsdóttir, (2006). Að stuðla að þróun starfsferils nemenda: Þáttur náms- og starfsráðgjafa í grunn- og framhaldsskólum. Óbirt MA ritgerð. Háskóli Íslands: Félagsvísindadeild.
- Stead, G. B. og Schultheiss, D. E. P. (2003). Construction and psychometric properties of the childhood career development scale. *South African Journal of Psychology*, 33(4), 227–235).
- Stjórnartíðindi C*, nr. 18/1992. 28. gr. d-liður. Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna.
- Super, D. E. (1983). Assessment in career guidance: Toward truly developmental counseling. *Personnel & Guidance Journal*, 61 (9), 555–562.
- Sweet, S. og Meiksins, P. (2008). *Changing contours of work. Jobs and opportunities in the new economy*. Thousand Oaks: Pine Forge Press.
- Taylor, S. J. og Bogdan, R. (1998). *Introduction to qualitative research methods: A guidebook and resource* ( 3. útgáfa). New York: John Wiley & Sons, Inc.

- Tracey, T. J. G. (2001). The development of structure of interest in children: Setting the stage. *Journal of Vocational Behavior*, 59, 89–104.
- Turner, S. L. og Lapan, R. T. (2005). Promoting career development and aspirations school age youths. Í S. D. Brown og R. W. Lent (ritsjórar), *Career development and counseling: Putting theory and research to work*. (bls. 417–440). Hoboken: John Wiley.
- Wahl, K. H. og Blackhurst, A. E. (2000). Factors affecting the occupational and educational aspirations of children and adolescent. *Professional School Counseling*, 3, (5), 367–374.
- Walsh, W. B. (1999). What we know and need to know: A few comments. Í M. L. Savickas og A. R. Spokane (ritstjóri.), *Vocational Interest: Meaning measurement and counseling use* (bls. 371–382). Palo Alto: Davies Black.
- Watson, M. og McMahon M. (2005). Children's career development: A research review from learning perspective. *Journal of Vocational Behavior*, 67, 119–132.
- Watson, M. og McMahon, M. (2007). School and work connections made by South African and Australian primary school children. *South African Journal of Education*, 27, 565–577.
- Wood, C. og Kaszubowski, Y. (2008). The career development needs of rural elementary school students. *The Elementary School Journal*, 11, (5), 431–444.
- Pórhalla Gunnarsdóttir. (2006). „Margt fer öðruvísi en ætlað er“. *Sögur brotthvarfsmemnda*. Óbirt MA ritgerð. Háskóli Íslands: Félags- og mannvísindadeild.
- Þuríður Ó. Sigurjónsdóttir (2011). *Kyngervi raunvísinda: Námsval og aðstæður kvenna í ákveðnum greinum á Verkfræði- og náttúruvísindasviði Háskóla Íslands*. Óbirt MA ritgerð. Háskóli Íslands: Félags- og mannvísindadeild.

**Fylgiskjal 1** – Bréf til foreldra (leyfisbréf)

**Fylgiskjal 2** – Verkefnablað

**Fylgiskjal 3** – Spurningar úr viðtalsramma

## Fylgiskjal 1

# Leyfisbréf

### Ágætu foreldrar/forráðamenn

Ég heiti Jóhanna Sólveig Lövdahl og er MA nemi í náms- og starfsráðgjöf í Háskóla Íslands. Á þessu misseri er ég að vinna að undirbúningi meistaraverkefnis sem mun fjalla um *hugmyndir barna og þekkingu þeirra á störfum*. Við upphaf rannsóknarinnar mun ég kynna verkefnið fyrir öllum nemendum bekkjarins og ræða síðan við þau og spyrja þau spurninga sitt í hvoru lagi um störf í íslensku samfélagi.

Ég hef fengið leyfi skólastjóra til að framkvæma rannsóknina í skólanum og óska eftir samþykki ykkar til að veita barni ykkar leyfi til að taka þátt í rannsókninni. Fullum trúnaði er heitið og hefur tilkynning um rannsóknina verið send til Persónuverndar. Ekki verður hægt að rekja rannsóknarniðurstöður til einstakra barna eða grunnskóla.

Bestu kveðjur,

Jóhanna Sólveig Lövdahl

Ég gef samþykki

Ég gef ekki samþykki


Nafn barns \_\_\_\_\_

Nafn foreldris/forráðamanns \_\_\_\_\_

## Fylgiskjal 2


Nafn: \_\_\_\_\_

Skrifaðu niður nokkur störf inn í hringinn, sem þú getur hugsað þér að vinna við þegar þú verður fullorðin(n).



---

Hér fyrir neðan skaltu skrifa niður önnur störf sem þú þekkir.



Þú mátt teikna mynd af þér í einhverju starfi aftan á blaðið

### Fylgiskjal 3

#### Spurningar úr viðtalsramma til að styðjast við í viðtölum:

*Spyrja fyrst um leikskóla/skólagöngu, systkini og fjölskyldu.*

Sýndu mér það sem þú skrifaðir og/eða myndina af því starfi sem þú teiknaðir.

Getur þú sagt mér af hverju þú valdir þetta starf/störf?

Eigum við að skoða hin störfin sem þú þekkir?

Hvernig getur maður orðið þetta/hitt?

Hvað gerir þessi/hinn?

Getur þú talið upp allt sem þú ert góð(ur) í? Bæði í skólanum og í öðru sem þú ert að gera t.d. tómstundum?

Hvaða námsgreinar finnst þér skemmtilegar?

Hefur einhver í fjölskyldunni sagt þér hvað honum finnst þú ættir að verða þegar þú verður stór?

Getur þú sagt mér hvernig þér gengur að taka ákvarðanir?

Í hvaða skóla langar þig að fara þegar þú ert búin(n) með grunnskólann?

Hefur þú lært eitthvað um störf í skólanum?

oo